AÐALBJÖRG ÁRNADÓTTIR

*Heldur upp á ljósmynd af sér og góðum vini*

• heimili

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




FRAMADAGAR 2010

*Nýsköpun, samvinna og spennandi tækifæri*

Sérblað um framadaga 2010

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




HERA BJÖRK

*Fagnaði sigrinum í vöffluboði hjá mömmu*

Hera Björk fer fyrir Íslands hönd til Noregs

FÓLK 26




# FRÉTTABLAÐIÐ

PITT

8. febrúar 2010 — 32. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


**MÁNUDAGUR**

**Hljóðlát barátta**



Vaka, félag lýðræðissinnaðra stúdenta er 75 ára.

TÍMAMÓT 14

**Vasi er einn eftir**



Vasi Gheorghe er síðasti götuharmonikuleikarinn.

FÓLK 26

**Raunsæi og ábyrgð**

Það útheimtir mikla yfirlegu að finna út hvernig stjórnendur geti uppfyllt leiðarljós ráðuneyta um niðurskurð, skrifar Oddný G. Harðardóttir.

UMRÆÐAN 12



**Chelsea vann Arsenal**

Drogba sá um að afgreiða Arsenal í mikilvægum sigri Chelsea í ensku úrvalsdeildinni í gær.

ÍÞRÓTTIR 22

**VEÐRIÐ Í DAG**




**Hlýjast syðst** Í dag verður hæglætisveður víða um land en 8-13 m/s við suðurströndina. Sunnanlands verður skýjað og súld með köflum en léttara yfir annars staðar. Hiti við frostmark N-lands.

VEÐUR 4

# Vilja reka spilavíti í skjóli hins opinbera

**Icelandair vill reka spilavíti á Hótel Nordica og hefur fundað með stjórnvöldum um málið. Hefur verið sent Landlækni, lögreglu, ferðaþjónustunni og SÁÁ til umsagnar. Hugmyndin er frá tvíburunum Arnari og Bjarka Gunnlaugssonum.**

**FJÁRHÆTTUSPIL** Icelandair hefur lagt inn beiðni til dómsmálaráðuneytis og iðnaðarráðuneytis um að fjárhættuspil verði lögleitt hér á landi. Fyrirtækið hefur hug á að starfrækja spilavíti á Hótel Nordica við Suðurlandsbraut. Hugmyndin var kynnt iðnaðarráðherra og dómsmálaráðherra á fundum fyrir jól og beiðnin í kjölfarið send hagsmunaaðilum til umsagnar.

Tillagan er unnin að danskri fyrirmynd, þar sem rekstur spilavíta er leyfisskyldur og hagnaður af starfseminni er skattlagður mjög hátt. Er hugmyndin að ríflega sextíu prósent hans myndu renna til ríkisins.

Björgólfur Jóhannesson, forstjóri Icelandair, segir að það gæti orðið mikill styrkur fyrir ferðaþjónustuna að fá að opna löglegt spilavíti hérlendis. Hann hafi fundið fyrir nokkrum áhuga erlendis á að slík starfsemi byðist á Íslandi.

Þá geti verið til mikils að vinna fyrir hið opinbera ef hægt væri að koma fjárhættuspili upp á yfirborðið á Íslandi, hafa með því strangt eftirlit og afla skatttekna þar að auki.

Tillagan var send Landlækni, lögreglu, SÁÁ og samtökum ferðaþjónustunnar til umsagnar. Síðustu umsagnir eiga að berast fyrir 12. febrúar.

Hugmyndin kom upphaflega frá tvíburabræðrunum Arnari og Bjarka Gunnlaugssonum og hefur verið í gerjun hjá þeim og Icelandair í fimm ár, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Bjarki vildi ekki tjá sig um málið í gær. Bræðurnir eru þó enn í samstarfi við Icelandair um málið.

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra sagðist í samtali við Fréttablaðið í gær sjá bæði kosti og galla við hugmyndina. Annars vegar kynni að vera jákvætt að færa spilamennskuna upp á yfirborðið og að ríkið gæti haft af henni tekjur, en á hinn bóginn væri spilafíkn alvarlegt vandamál. **- sh**



**EINN, TVEIR OG STÖKKVA** Meistaramót Íslands í frjálsum íþróttum var haldið í Laugardalshöllinni um helgina en þar var saman komið fremsta frjálsíþróttafólk landsins. Keppt var í langstökki án atrennu í karla- og kvennaflokki að þessu sinni en rúm fimm ár eru síðan keppt var í þessari grein á meistaramótinu. Gunnar Páll Halldórsson, sem hér sést svífa frá pallinum, fór með sigur af hólmi, stökk 3,08 metra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**MIKIL SPRENGING** Orkuverið var enn í byggingu þegar sprengingin varð.

Orkuver sprakk vestanhafs:

## Tugir taldir af eftir sprengingu

**BANDARÍKIN** Talið er að tugir hafi farist og fjöldi fólks særst þegar sprenging varð í orkuveri í bænum Middletown í Connecticut-ríki í Bandaríkjunum í gær.

Hundruð manna voru við störf á svæðinu þegar sprengingin varð, þar af um fimmtíu inni í orkuverinu. Nokkrir höfðu verið fluttir mismikið slasaðir á sjúkrahús í gærkvöldi.

Óljósar fregnir höfðu borist af tölu látinna, en vitni sögðu við fréttastofur vestanhafs að lík lægju um allt. Tvö dauðsföll höfðu verið staðfest. Erlendir fréttavefir nefndu tölur frá 34 og upp í 50 manns.

Sprengingin er rakin til gasleka og var gríðarlega öflug. Brak úr verinu þeyttist marga kílómetra. **- sh**

Fjármál sveitarfélaga:

## Tugir milljarða utan reikninga

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Skuldbindingar sveitarfélaga í landinu sem nema 45 milljörðum króna koma ekki fram í efnahagsreikningum þeirra. Oftast er um að ræða fjármögnunarleigusamninga við fasteignafélög sem eiga og reka skóla, íþróttahús og önnur mannvirki.

Meira en fjórðungur heildarskuldbindinganna hvílir á Reykjanesbæ og tengist um fjörutíu fasteignum sveitarfélagsins. Stór hluti þessara skuldbindinga tengist tólf sveitarfélögum sem hafa samninga við við Eignarhaldsfélagið Fasteign.

**- pg, shá /** **sjá síðu 11**

Göngudeild SÁÁ á Akureyri lokar á vormánuðum vegna niðurskurðar á ríkisfé:

## SÁÁ skellir í lás fyrir norðan

**HEILBRIGÐISMÁL** Framkvæmdastjórn meðferðarsamtakanna SÁÁ hefur ákveðið að loka göngudeild sinni á Akureyri í vor. Þegar fjárlög ríkisins voru samþykkt rétt fyrir áramót varð ljóst að framlag ríkisins til SÁÁ myndi minnka um 13 prósent á tveimur árum. Samkvæmt upplýsingum SÁÁ kallaði ákvörðunin á sparnað upp á 70 milljónir króna á þessu ári.

Anna Hildur Guðmundsdóttir, dagskrárstjóri göngudeildar SÁÁ á Akureyri, segir að innan samtakanna hafi sú ákvörðun verið tekin að standa vörð um brýnustu starfsemina sem fram fari á Vogi og í eftirmeðferðarstöðvum SÁÁ.

Anna Hildur segir fátt virðast geta komið í veg fyrir lokanir og niðurskurð hjá SÁÁ. Hún segir ljóst að lokun og samdráttur í starfsemi SÁÁ komi til með að þýða aukin útgjöld og álag á aðra þætti velferðarþjónustu. „Vandamálin hverfa ekki við að lokað sé hér,“ segir hún. „Þau brjótast fram annars staðar í kerfinu.“

Um tvö þúsund manns hafa árlega sótt þjónustu til göngudeildarinnar á Akureyri, en hún hefur að sögn Önnu Hildar verið starfrækt í tvo áratugi.

**- óká /** **sjá síðu 4**










## SPURNING DAGSINS



*Jón Þórir, eruð þið alveg í rusli yfir þessu?*

„Það er okkar mottó að vera í rusli – fyrir aðra reyndar.“

Íslenska gámafélagið hefur kært Sorpstöð Suðurlands fyrir brot á samkeppnislögum og stjórnsýslulögum. Jón Þórir Frantzson er forstjóri Íslenska gámafélagsins.

Lögregla leitaði í gærkvöldi ungs manns sem rændi Sunnubúð:

# Ógnaði afgreiðslumanni með hníf

**LÖGREGLUMÁL** Ungur maður vopnaður hníf réðst inn í Sunnubúð við Lönguhlíð rétt fyrir sjö í gærkvöldi og heimtaði peninga af afgreiðslumanni. Hann komst undan með smáræði úr kassanum. Lögregla leitaði mannsins enn þegar Fréttablaðið fór í prentun.

„Það kom þarna ungur maður inn með stóran hníf og otaði honum að afgreiðslumanninum og óskaði eftir að fá peningana afhenta,“ segir Eysteinn Sigurðsson, eigandi verslunarinnar.

Þrítugur sonur Eysteins var einn við störf í versluninni. „Eftir að hann hafði spurt manninn hvort hann var að meina þetta þá afhenti hann bara peningana,“ segir Eysteinn. Hann segir son sinn hafa brugðist hárrétt við, enda hafi öllum sem starfa í versluninni verið kennt að takast á við uppákomur af þessu tagi.



**EYSTEINN Í SUNNUBÚÐ** Eysteinn segir að syni sínum hafi verið brugðið en hann hafi blessunarlega ekki sakað. FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

Eysteinn segir að syni sínum hafi sannarlega verið brugðið, en til allrar hamingju hafi engum orðið meint af.

Eysteinn segir að ræninginn hafi ekki komist undan með mikið fé, enda séu aldrei geymdar háar upphæðir í afgreiðslukassanum. Öryggismyndavélar náðu góðum myndum af ræningjanum.

Fyrir rúmum tveimur árum réðust þrír grímuklæddir sextán ára piltar inn í Sunnubúð vopnaðir kylfu og öxi, slógu kaupmanninn og rændu tugum þúsunda. - sh

Prófkjör D-lista í Garðabæ:

## Karlar í fjórum efstu sætunum

**STJÓRNMÁL** Bæjarfulltrúinn Erling Ásgeirsson bar sigur úr býtum í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Garðabæ á laugardag. Athygli hefur vakið að þrír sitjandi bæjarfulltrúar og einn varabæjarfulltrúi, allir karlar, raða sér í efstu fjögur sætin og aðeins komast tvær konur í sjö efstu sætin, en kosningin í þau er bindandi.

Ragný Þóra Guðjohnsen, sem sóttist eftir öðru til þriðja sæti en hafnaði í því sjötta, sagðist í gær ekki myndu taka sæti á listanum og gagnrýndi skort á endurnýjun. Listi þar sem konur bera svo skarðan hlut frá borði sé ekki líklegur til árangurs. - sh

Mesta snjókoma í áratugi:

## Fjöldi heimila án rafmagns

**BANDARÍKIN** Meira en 300 þúsund heimili í Washington DC og nálægum ríkjum voru rafmagnslaus um helgina vegna mikillar snjókomu, sem meðal annars hefur slitið í sundur rafmagnslínur. Snjókoman truflaði einnig samgöngur milli Vestur-Virginíu og New Jersey.

Snjókoman er sú mesta í áratugi en í Maryland náði snjórinn 91 sentimetrum, sem er það mesta síðan mælingar hófust.

Í Washington, Virginíu og Maryland hefur verið lýst yfir neyðarástandi en að sögn starfsmanna orkuveranna getur það tekið nokkra daga að koma rafmagni að fullu í lag aftur. -jma

Safnmunir sluppu:

## Enn flæðir inn í geymslur NÍ

**SAFNAMÁL Í fimmta skipti á fáum árum flæddi inn í geymslur Náttúrufræðistofnunar Íslands í Súðavogi í gær. Litlu mátti muna að verðmætir safnmunir skemmdust en starfsmaður uppgötvaði lekann í tíma svo að forða mátti stórtjóni.**

**Þorvaldur Björnsson, starfsmaður NÍ, sagði í viðtali við Vísi. is að vatn hefði lekið niður af hæðinni fyrir ofan, sennilega vegna mannlegra mistaka.**

**Gróðurkort skemmdust að sögn Þorvalds, það kemur þó ekki að sök því til eru negatífur af kortunum og því lítill skaði skeður. Í geymslunni er að finna ómetanlega hluti, suma frá seinni hluta nítjándu aldar.**

**Húsnæðisvandi NÍ hefur verið tilfinnanlegur á undanförnum árum en safnið flytur inn í nýtt húsnæði í Urriðaholti næsta haust.** - shá

# Yngstu börnin bíða úti í sparnaðarskyni

**Á meðan yfir 120 börn eru á biðlista hjá leikskólasviði eru auð pláss á einkaleikskólum, segir formaður sjálfstæðra skóla. Formaður leikskólaráðs segir það svik á samningum ef pláss séu laus á eiknareknum leikskólum í borginni.**

**MENNTUN** Sökum árferðis í efnahagsmálum kaupir Reykjavíkurborg ekki öll pláss sem eru í boði fyrir börn á leikskólaaldri. Þjónusta við foreldra er því skert. Svo segir formaður Samtaka sjálfstæðra skóla, Margrét Pála Ólafsdóttir:

„Þetta eru döpur tíðindi, þegar sagt er að eigi að verja grunnþjónustu, að yngstu börnin eru látin bíða úti þegar plássin eru fyrir hendi.“

Fréttablaðið hefur greint frá því að yfir 120 börn, eldri en átján mánaða gömul, eru á biðlista hjá leikskólasviði borgarinnar. Margrét Pála segir að hjá Hjallastefnuleikskólunum einum væri hægt að bæta við allt að þrjátíu börnum í vetur.

„Og ég veit að sjálfstæðir leikskólar hafa þungar áhyggjur af því að geta ekki innritað börn í vor heldur þurfa að bíða með laus pláss í sumar og fram á haust, vegna sparnaðar borgarinnar,“ segir hún. Þetta komi varla til með að bjarga efnahagsástandi þjóðarinnar. Spara megi með því að nýta einkaskólana.

„Við erum til dæmis með nýjan leikskóla í nýbyggðu húsi. Þannig sparaði borgin sér umtalsvert fé með því að þurfa ekki að byggja nýtt húsnæði og þiggur húsnæðisstyrk með hverju rými. Okkar pláss eru því á engan máta dýrari, ef eitthvað er getur borgin sparað sér fjármagn með því að standa með sjálfstæðum skólum,“ segir hún.

Ragnar Sær Ragnarsson er starfandi formaður leikskólaráðs. Hann segist ekki skilja að hverju



**Í GÖNGUTÚR** Formaður samtaka sjálfstæðra skóla segir allt að þrjátíu laus pláss á einkareknum leikskólum. Á sama tíma eru yfir 120 börn á biðlista í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**RAGNAR SÆR RAGNARSSON**



**MARGRÉT PÁLA ÓLAFSDÓTTIR**

Margrét Pála sé að ýja eða af hverju hún ekki visti fleiri börn í sinn skóla. Ekki „nema hún sé að svindla á kerfinu eða eitthvað, ég veit það ekki“.

Allir samningar við einkarekna skóla í borginni séu fullnýttir og hann viti ekki til þess að þar séu nein ónýtt pláss. Margrét hafi ef til vill byggt við hjá sér eða reiknað sér stærri gólfflöt en áður. „Hún er þá eitthvað að svíkja þennan samning ef hún er að meina að við séum ekki að uppfylla hann,“ segir Ragnar: „Láttu mig vita ef við erum ekki að uppfylla samninga og þá skal ég senda börn.“

Áður hefur komið fram í blaðinu að sviðsstjóri leikskólasviðs útilokar ekki að borgin nýti sér laus pláss í leikskóla Hjallastefnunnar.

klemens@frettabladid.is



**HRYGNDI Í BÚRI** Hér sést hvernig hrygnan hringar sig um hrognin. MYND/GEORG

Fiskasafnið í Eyjum:

## Steinbítshrygna orðin léttari

**NÁTTÚRUFRÆÐI Steinbítshrygna í fiskasafninu í Vestmannaeyjum setti hefðbundinn hrygningartíma tegundarinnar fyrir sig þegar hún hryngdi í fyrrinótt, eins og eyjar.net greinir frá. Hefðbundinn hryngingartími í villtu umhverfi er í október og nóvember.**

**Hrygnan hefur þegar myndað hrognabolta og vafið sig utan um hann. Þannig ver hún hrognin sem eru á milli eitt og tvö þúsund talsins. Athuganir í Fiskasafni Vestmannaeyja hafa leitt í ljós að fyrst í stað gætir hrygnan hrognanna, en síðan tekur hængurinn við og gætir þeirra fram að klaki. Steinbítshrygna hryngdi fyrst í Fiskasafninu árið 1974.** - shá

### SAMGÖNGUR

**Smíða farþegaaðstöðu**

Siglingastofnun hefur samið við SÁ verklausnir um byggingu farþegaaðstöðu fyrir Landeyjahöfn en fyrirtækið var með lægsta tilboðið í verkið. Samningsupphæðin hljóðar upp á rúmar 90 milljónir króna.

### STJÓRNMÁL

**Andrea leiðir VG á Akureyri**

Andrea Hjálmsdóttir, kennari við Háskólann á Akureyri, leiðir lista Vinstri grænna fyrir bæjarstjórnarkosningarnar á Akureyri. Hún hafði sigur í forvali flokksins um helgina. Í öðru sæti hafnaði Edward Huijbens og Baldvin H. Sigurðsson lenti í þriðja sæti.

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Nýr Rauðmagi

Glæný Línuýsa

OPNUM KL 8.00 ALLA VIRKA DAGA
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Forseti Írans fer fram á 20 prósenta aukningu í framleiðslu á auðguðu úrani:

# Vesturveldin uggandi yfir stöðunni

**ÍRAN** Mahmoud Ahmadinejad Íransforseti hefur farið fram á það við yfirmann kjarnorkumála landsins að framleiðsla á auðguðu úrani verði aukin um 20 prósent. Verkefnið er hluti af áætlun Írana um að flytja auðgað úran úr landi í skiptum fyrir kjarnorkueldsneyti. Ahmadinejad lýsti þessari fyrirætlun í íranska ríkissjónvarpinu.

Tíðindin róa ekki taugar ráðamanna Vesturveldanna en Bandaríkjamenn og bandamenn þeirra óttast að Íranar hafi þróun kjarnorkuvopna á prjónunum. Íranar segja kjarnorkuáætlun sína einungis hugsaða í friðsamlegum tilgangi.

Robert Gates, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, hvatti heiminn til að „standa saman“ og sagði að enn væri von til þess að refsiaðgerðir gætu virkað. Fyrr í vikunni ræddu ráðamenn Bandaríkjanna, Bretlands og Frakklands um frekari þvingunaraðgerðir gegn Íran.

Kínverjar hafa sagst mótfallnir slíkum aðgerðum og telja að alþjóðasamfélagið verði að beita diplómatískari leiðum þar sem umræðurnar við Íran séu á viðkvæmu stigi.

Til að hægt sé að nota úran í kjarnorkuvopnaframleiðslu þarf að það að vera hlutfallslega hátt auðgað en með þessari aðgerð þykir Íran taka skref í þá átt að mati Vesturveldanna og jafnframt tefla samningaviðræðum í hættu. - jma



**SEGJA AÐGERÐIRNAR FRIÐSAMLEGAR** Íransforseti, Mahmoud Ahmadinejad, segir kjarnorkuáætlun Írans vera hugsaða í friðsamlegum tilgangi. Varnarmálaráðherra Bandaríkjanna segir mikilvægt að heimurinn standi saman gegn áformum Írana.




Það kostar 0 kr. að flytja GSM símanúmer til Nova frá öðru símafyrirtæki. Nýtt 77x xx xx Nova símanúmer kostar 2.000 kr. og Gull símanúmer kosta 6.000 kr.
Áskrift 490 kr. mánaðargjald en 0 kr. í frelsi. 0 kr. Nova í Nova: 1.000 mín. og 500 SMS/MMS á mán.

**GENGIÐ 05.02.2010**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,47 | 129,09 |
| Sterlingspund | 201,71 | 202,69 |
| Evra | 175,70 | 176,68 |
| Dönsk króna | 23,596 | 23,734 |
| Norsk króna | 21,367 | 21,493 |
| Sænsk króna | 17,173 | 17,273 |
| Japanskt jen | 1,4348 | 1,4432 |
| SDR | 197,78 | 198,96 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

231,2663

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Útvegsmenn bregðast harkalega við lögbindingu strandveiða:

# Segja strandveiðar vanvirðu

**SJÁVARÚTVEGUR** „Uppistaða aflans í strandveiðunum er þorskur. Það er með ólíkindum að hægt sé að auka þær veiðiheimildir verulega á sama tíma og þær eru skornar niður innan aflamarkskerfisins," segir Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ. „Þetta frumvarp sjávarútvegsráðherra er fullkomin vanvirða við sjómenn og útvegsmenn sem hafa tekið á sig skerðingu aflaheimilda til þess að byggja upp fiskistofna."

Aflaheimildir, sem ráðstafað verður til svokallaðra strandveiða í sumar, verða allt að sex þúsund tonn samkvæmt frumvarpi sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur lagt fram á Alþingi. Þetta er veruleg aukning frá veiðunum síðasta sumar. Veiðitímabilið verður jafnframt lengt um mánuð.

Friðrik segir veiðarnar sóun á verðmætum vegna lakari gæða aflans og offjárfestingar í bátum og búnaði. „Í flestum tilvikum var um að ræða aðila sem hafa selt frá sér aflaheimildir og dæmi eru um að starfsmenn banka og tryggingafélaga hafi stundað þessar veiðar og þannig tekið vinnu frá atvinnusjómönnum. Þessar veiðar eru ekkert annað en sóun, hvar sem á þær er litið."

Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra fullyrðir að reynsla af veiðunum sé góð og segir það staðfest með úttekt Háskólaseturs Vestfjarða. **- shá**



**SMÁBÁTAHÖFNIN Í REYKJAVÍK** Landssamband útvegsmanna telur strandveiðar sóun, hvernig sem á þær er litið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Flugriti Boeing-þotu fundinn:

# Enn ekki ljóst hvað olli slysinu

**LÍBANON** Annar flugriti Boeing 737 farþegaflugvélar sem fórst undan ströndum Líbanons, 25. janúar síðastliðinn, er fundinn. Vélin, sem var frá Ethiopian Airlines, fórst aðeins rétt eftir flugtak og fórust allir um borð, um níutíu talsins. Flestir um borð voru frá Líbanon og Eþíópíu.

Mikið þrumuveður gekk yfir þegar vélin fórst en þó er ekki ljóst hvað olli brotlendingunni. Líbanskir embættismenn segja vélina til að mynda ekki hafa flogið þá leið sem flugmönnum var leiðbeint úr flugturni. Tveir flugritar voru um borð og verður leit haldið áfram að hinum flugritanum. **- jma**

Ágúst Einarsson á Bifröst:

# Hættir sem rektor í júní

**SKÓLAMÁL Háskólinn á Bifröst útskrifaði 63 nemendur á laugardag. Í útskriftarræðu sinni tilkynnti Ágúst Einarsson rektor að hann myndi láta af störfum hinn 5. júní næstkomandi eða við næstu útskrift.**



ÁGÚST EINARSSON

**Í máli Ágústs kom fram að ráðningartími hans hafi runnið út í ársbyrjun en að stjórn skólans hafi beðið hann um að starfa áfram. Hann hafi orðið við því enda vildi hann ljúka frjálslegri endurskipulagningu í tengslum við nemendaíbúðir á Bifröst. Ágúst mun halda áfram að starfa sem prófessor við Háskólann á Bifröst og einbeita sér að kennslu og rannsóknum.** **- ve**

## STJÓRNMÁL

### Guðmundur vann í Grindavík

Guðmundur Pálsson bæjarfulltrúi sigraði með yfirburðum í prófkjöri sjálfstæðismanna í Grindavík sem fram fór á laugardag. Metþátttaka var í prófkjörinu því 252 sjálfstæðismenn tóku þátt. Í öðru sæti varð Vilhjálmur Árnason og Magnús Már Jakobsson í því þriðja. Hinn sjálfstæðismaðurinn í bæjarstjórn, Sigmar Eðvarðsson, gaf ekki kost á sér til endurkjörs.

### Bæjarstjóri sigraði í prófkjöri

Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri í Mosfellsbæ, sigraði í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í bænum sem fram fór á laugardag. Hann fékk 83,5 prósent greiddra atkvæða í fyrsta sætið. Í öðru sæti er Herdís Sigurjónsdóttir og Bryndís Haraldsdóttir skipar þriðja sætið.

# Göngudeild SÁÁ á Akureyri lokað í vor

**Göngudeild á Akureyri verður lokað og önnur starfsemi dregið saman hjá SÁÁ. Um 2.000 manns hafa sótt þjónustu til göngudeildarinnar fyrir norðan á ári hverju. Standa á vörð um starfsemi á Vogi og eftirmeðferð við áfengissýki.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Göngudeild SÁÁ á Akureyri verður lokað í vor samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnar SÁÁ. Ákvörðunin er liður í sparnaði hjá meðferðarsamtökunum í kjölfar niðurskurðar á framlögum ríkisins til sjúkrareksturs SÁÁ.

Þegar fjárlög ríkisins voru samþykkt rétt fyrir áramót varð ljóst að framlag ríkisins til SÁÁ myndi minnka um 13 prósent á tveimur árum. Samkvæmt upplýsingum SÁÁ kallaði ákvörðunin á sparnað upp á 70 milljónir króna á þessu ári.

„Við lentum í þessum flata niðurskurði hjá ríkinu og náum ekki endum saman. Það verður því lokað hér í vor og búið að draga saman víðar í starfseminni, meðal annars segja upp fólki," segir Anna Hildur Guðmundsdóttir, dagskrárstjóri göngudeildar SÁÁ á Akureyri. Hún lætur af störfum 1. júní næstkomandi.

„Okkur vantar bara þessar 70 til 100 milljónir," segir Anna Hildur, en innan samtakanna var tekin ákvörðun um að standa vörð um brýnustu starfsemina sem fram fari á Vogi og í eftirmeðferðarstöðvum SÁÁ.

Anna Hildur segir fátt virðast geta komið í veg fyrir lokanir og niðurskurð hjá SÁÁ. Reykjavíkurborg sé eina sveitarfélagið sem viljað hafi gera þjónustusamning við samtökin þótt eftir því hafi verið leitað. Um leið segir hún ljóst að lokun og samdráttur í starfsemi SÁÁ komi til með að þýða aukin útgjöld og álag á aðra þætti velferðarþjónustu. „Vandamálin hverfa ekki við að lokað sé hér," segir hún. „Þau brjótast fram annars staðar í kerfinu."



**MYND FRÁ VOGI** Hjá SÁÁ hefur verið tekin ákvörðun um að standa vörð um starfsemi á Vogi og í eftirmeðferðarstöðvum, en skera niður annars staðar í starfseminni, svo sem á unglingadeild og á göngudeildum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Um 2.000 manns hafa árlega sótt þjónustu til göngudeildarinnar á Akureyri, en hún hefur að sögn Önnu Hildar verið starfrækt í 20 ár. Meðal starfsemi sem þar hefur verið sinnt er eftirfylgni fyrir konur sem lokið hafa kvennameðferð, eftirfylgni fyrir karla sem sótt hafa svokallaða „víkingameðferð" á Staðarfelli, alla virka daga séu fundir, stuðninghópar, aðstandendum áfengissjúkra standi til boða aðstoð og síðan sé viðtölum og forvarnarstarfi sinnt.

„Það horfir því ekki vel fyrir landsfjórðunginn," segir Anna Hildur og bendir á að fleiri en Akureyringar einir hafi sótt þjónustu á göngudeildina. „Fólk kemur keyrandi í viðtöl frá Ólafsfirði og Siglufirði, Húsavík og Sauðárkróki. Það fer enginn að eyða 30 þúsund kalli til að hoppa upp í flugvél til að fara í viðtal í Reykjavík." **olikr@frettabladid.is**

Svínainflúensan:

# 130 þúsund hafa verið bólusett

**HEILBRIGÐISMÁL** Meira en helmingur þjóðarinnar er nú ónæmur fyrir svínainflúensunni A (H1N1). Búið er að bólusetja um hundrað og þrjátíu þúsund manns og er talið að á bilinu fimmtíu til sextíu þúsund manns hafi fengið veikina í faraldrinum sem gekk yfir landið síðari hluta árs 2009.

Sóttvarnarlæknir telur að bólusetningarnar hafi komið í veg fyrir sýkingu þrjátíu þúsund manns og þar með hafi hundrað sjúkrahúsinnlögnum, tíu innlögum á gjörgæsludeildir og einu dauðsfalli verið afstýrt.

Svínainflúensunnar verður ekki lengur vart hér á landi en veikin er hins vegar vaxandi vandamál í mörgum öðrum löndum. Í ljósi sögunnar má þó gera ráð fyrir nýrri bylgju hér á landi síðar á þessu ári eða á því næsta. Til að koma í veg fyrir hana er ráðlagt að sem flestir láti bólusetja sig en nóg er til af bóluefni í landinu.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Sprenging í Hnífsdal

Lögreglunni á Vestfjörðum barst tilkynning um mikla sprengingu í Hnífsdal um klukkan hálftíu á laugardagskvöld og fór á vettvang til að kanna málið. Kom þá í ljós að menn höfðu verið að sprengja utarlega Hnífsdalsmegin í jarðgöngunum sem verið er að búa til á milli Hnífsdals og Bolungarvíkur.

### Líkamsárás á Laugavegi

Karlmaður var sleginn í andlitið við skemmtistað á Laugavegi aðfaranótt sunnudags með þeim afleiðingum að hann nefbrotnaði. Maðurinn leitaði aðhlynningar á slysadeild og naut aðstoðar lögreglu við að komast þangað. Nokkur erill var hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu um helgina og þónokkur ölvun og mikið um stympingar.






## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**BJARTAST NYRST**

Horfur eru á fínasta veðri næstu daga. Vindur verður fremur hægur, einkum á norðanverðu landinu. Sunnan til verður að mestu skýjað og horfur eru á súld með köflum. Hiti við frostmark N-til en allt að 7°C allra syðst á landinu.




**Á MORGUN**
8-13 m/s allra syðst, annars hægari vindur.

**MIÐVIKUDAGUR**
3-10 m/s, hvassast SV-lands.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 15° |
| Basel | 6° |
| Berlín | -6° |
| Billund | -2° |
| Eindhoven | 1° |
| Frankfurt | -1° |
| Friedrichshafen | 3° |
| Gautaborg | -2° |
| Kaupmannahöfn | -2° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 3° |
| Mallorca | 15° |
| New York | 2° |
| Orlando | 21° |
| Ósló | -2° |
| París | 4° |
| San Francisco | 12° |
| Stokkhólmur | -4° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*







## Nýjar höfuðstöðvar og útibú í Ármúla

MP banki hefur flutt í nýjar höfuðstöðvar í Ármúla 13a. Þar verður veitt öll sú þjónusta sem áður fékkst í Skipholti en einnig opnum við í dag nýtt og öflugt útibú.

Komdu í heimsókn í útibú okkar í Ármúla eða í Borgartúni. Kynntu þér þjónustu okkar nánar á www.mp.is og mundu að það er auðveldara að skipta um banka en þú heldur!

- Nýtt útibú
- Fyrirtækjaráðgjöf
- Eignastýring
- Einkabankaþjónusta
- Markaðsviðskipti
- MP Sjóðir

MP BANKI

**Ármúla 13a • Borgartúni 26 • sími 540 3200 • www.mp.is**

**KJÖRKASSINN**



*Á Landhelgisgæslan að fá aukið fjármagn til að halda úti þyrlurekstri?*

JÁ 87,9%

NEI 12,1%

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að leyfa rekstur spilavíta á Íslandi?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Menntamálaráðherra lýsir yfir áhuga á að styrkja „grasrótarfjölmiðlun“:

# Erfitt að tryggja atvinnuöryggi

**FJÖLMIÐLAR** Erfitt er að tryggja atvinnuöryggi blaðamanna, nema með auknum styrkjum til fjölmiðla, en í nýju frumvarpi til fjölmiðlalaga verður reynt að bæta réttarstöðu þeirra. Meðal annars á þá að verða úr sögunni að blaðamenn séu dæmdir fyrir orð viðmælenda sinna.

Þetta segir Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra, en hún var spurð hvort og hvernig hún ætlaði tryggja atvinnuöryggi blaðamanna.

Katrín var spurð í ljósi nýlegrar ályktunar flokksráðsfundar VG, sem sagði að blaðamönnum yrði að vera tryggð „uppsagnarvernd“ með lögum.

Í Bandaríkjunum hefur verið rætt um að styrkja fjölmiðlun með skattaafsláttum og ívilnunum fyrir fjölmiðla sem ekki eru reknir í hagnaðarskyni, Obama Bandaríkjaforseti mun til að mynda vera að skoða slíkar leiðir.

Katrín segir þessar hugmyndir áhugaverðar og „gætu ýtt mjög undir óháða blaðamennsku sem ég held að allir séu sammála um að megi styrkja“.

Ráðherrann er einnig að velta fyrir sér hugmyndum um sérstakan blaðamannskusjóð, svipaðan kvikmyndasjóði, sem „blaðamenn gætu sótt í til sjálfstæðra rannsóknarverkefna, það myndi styrkja grasrótarfjölmiðlun,“ segir Katrín. **- kóþ**



**MENNTAMÁLARÁÐHERRA** Hún segir mikilvægt að styrkja réttarstöðu blaðamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ökuþórar á Suðurlandi:

# Átta teknir fyrir hraðaakstur

**LÖGREGLUMÁL** Umferðaróhapp varð á Skeiða- og Hrunamannavegi sunnan við Flúðir klukkan hálf tvö í gær. Ökumaður missti stjórn á bíl sínum með þeim afleiðingum að hann valt. Hvorki ökumann né farþega sakaði. Bíllinn var hins vegar óökufær og var fjarlægður með dráttarbifreið.

Að sögn lögreglunnar á Selfossi voru átta ökumenn teknir fyrir hraðaakstur í umdæmi hennar um helginnar en sá sem ók hraðast mældist á 178 kílómetra hraða. Hann var sviptur ökuréttindum á staðnum. **- ve**




FLÓRA ÍSLANDS

Nú fer fáanlegum eintökum fækkandi af þessum glæsilega grip.

**Tryggðu þér eintak í tíma.**

CRYMOGEA
—fegurðin býr í bókum

Barónsstíg 27 | 511 0910 | crymogea@crymogea.is | www.crymogea.is


# Saxbygg gerði verðmat á eigin eignum

**Nóatúnsfjölskyldan og eigendur BYGG færðu eignir undan Saxbygg í skugga veðkalla fyrir brot af bókfærðu verði. Félagið skilur eftir sig 24 milljarða skuld.**

**DÓMSMÁL** Fyrri eigendur Saxbygg seldu erlendar eignir félagsins fyrir brot af bókfærðu verðmæti þeirra til þriggja fyrirtækja í þeirra eigin eigu eftir að halla tók undan fæti í rekstri félagsins vorið 2008 og ljóst var að stefndi í milljarðatap. Í mars sama ár höfðu lánardrottnar barið á dyrnar og kallað eftir traustari veðum.

Saxbygg tapaði 23,6 milljörðum króna árið 2008 og skuldaði 12,6 milljarða þegar það var tekið til gjaldþrotaskipta í maí í fyrra.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins mat Björn Ingi Sveinsson, framkvæmdastjóri Saxbygg, eignir félagsins í Bretlandi um svipað leyti og ljóst var hvert stefni. Lögfræðistofa í Þýskalandi mat eignir þar. Um haustið voru þær seldar til félaga í eigu eigenda ásamt eignarhlut í norska félaginu Stenia Holding.

Björn er framkvæmdastjóri félaganna sem keyptu eignir Saxbygg. Þá situr einn eigenda þýsku lögmannsstofunnar í stjórn félags tengdu Saxbygg í Þýskalandi.

Verðmat eignanna var allt að þrettán prósent af bókfærðu virði í bókum Saxbygg. Kaupendur greiddu fyrir með kúlulánum sem Saxbygg gaf út og greiðast í einu lagi eftir allt að þrjú ár. Lánin eru í norskum krónum, evrum og pundum og hljóða upp á 5,3 milljarða króna á núvirði. Um þarsíðustu áramót voru eignirnar seldar áfram til félags, sem skráð er í Bretlandi en óvíst hver á.



**KRANAR** Á meðal erlendra eigna Saxbygg sem félagið seldi fyrri eigendum eru fasteignaverkefni í Bretlandi og Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Björn sagði í yfirlýsingu sem hann sendi í fyrradag eignirnar seldar eftir ítarlegt verðmat og söluna í samráði við helsta lánardrottin og erlenda meðeigendur.

Saxbygg var umsvifamikið á íslenskum fjármála- og fasteignamarkaði. Þeir Gunnar Þorláksson og Gylfi Ómar Héðinsson, eigendur Byggingarfélagsins Bygg, áttu hvor sinn fjórðungshlut en Nóatúnsfjölskyldan svokallaða afganginn. Á meðal systkinanna er Jón Þorsteinn Jónsson, fyrrverandi stjórnarformaður Byrs. Hann flutti lögheimili sitt til Bretlands seint í fyrra.

Skiptastjóri þrotabús Saxbygg sagði í samtali við Fréttablaðið á fimmtudag gjörningana virðast hafa yfirbragð venjulegra viðskipta. Hann dregur þá í efa og krefst riftunar. Málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur á fimmtudag. **jonab@frettabladid.is**

## ÞÝSKALAND: BRANDENBURG INVEST

- Hét áður Saxbygg Invest Berlín.
- Fjárfesting í október 2006. Berlin Towers GmbH. Fólst í kaupum á tveimur 22 hæða íbúðaturnum í Berlín með 263 íbúðum. Einkahlutafélagið Maggi ehf. átti helming á móti Saxbygg. Eigandi Magga var Magnús Ármann.
- Fjárfesting í mars 2007. Kaup á fasteignum sem áður hýsti skrifstofur austur-þýsku leynilögreglunnar við Wartenberger Strasse 24 í Austur-Berlín. Verkefnið var í helmingseigu Magga ehf.



**MAGNÚS ÁRMANN**

- Saxbygg stofnar Ice-Invest Berlín GmbH í nóvember 2006. Eignarhald um fasteignaverkefni í Berlín og nágrenni. Fjárfesti seint í nóvember í fasteignunum Elbestrasse 36 í Berlin-Neuköln og í Tauberstrasse 10 í Berlín.
- Júní 2007: Eignirnar færðar yfir í Saxbygg Invest í Hollandi.
- Október 2008: Saxbygg selur þýsku verkefnin til Brandenburg Invest fyrir hálfa milljón evra, jafnvirði 75 milljóna króna á þávirði.
- Áramótin 2008/9: Eignir seldar til Fidelity European Investments.

## NOREGUR: STENÍAS

- Saxbygg keypti í október 2006 37 prósenta hlut í norska eignarhaldsfélaginu Steni Holding. Starfsemi þess felst í fjármögnun og eignarhaldi í byggingariðnaði. Á meðal eigna er Steni AS, sem á Steni Denmark, sem framleiðir Steni-húsaklæðningar fyrir byggingariðnað í Evrópu, Bandaríkjunum og í Kanada og er velþekkt hér.
- 10. október 2008: Saxbygg selur allan hlut sinn í Steni Holding til Stenías ehf. fyrir fimmtán milljónir norskra króna, jafnvirði 267 milljóna króna á þávirði. Greitt var með kúluláni frá Saxbygg með gjalddaga 2012.

## BRETLAND: ALDERSGATE INVEST

- Hét áður Saxbygg Investments London
- Ársbyrjun 2006: Saxbygg stofnar Saxbygg Management í Brelandi. Undir því er fjöldi dóttur- og systurfélaga. Á meðal þeirra eru Sutherland Road, Banbury Park, Boulters Lock Waterworld, Five Ash Down og Quayside House. Félögin voru stofnuð í kringum samnefnd fasteignaverkefni.
- Stofnar fjárfestingafélagið Shelley Oak í Bretlandi í byrjun árs 2007. Keypti fasteignir í London og nágrenni og sérhæfði sig í brúarfjármögnun á íbúðarhúsnæði þar.
- Byr sparisjóður átti 34 prósent, tveir erlendir aðilar 25 prósent og Saxbygg 16 prósent til jafns við Qeurecus, félag Árna Helgasonar.
- Desember 2007: Byr eykur við hlut sinn, kaupir m.a. af Saxbygg.
- Júlí 2008: Ákveðið að selja eignir Saxbygg til Aldersgate fyrir 21 milljón punda, jafnvirði fjögurra milljarða króna á þávirði.
- Október 2008: Saxbygg selur eignirnar til Aldersgate samkvæmt nýju verðmati fyrir sjö milljónir punda, jafnvirði rúmra 1,3 milljarða króna á þávirði. Kaupverð greitt með kúluláni frá Saxbygg á gjalddaga 2013.
- Áramótin 2008/9: Eignir seldar til Fidelity European Investments.


„Vertu þinn eigin fjármálastjóri með Netgreiðsluþjónustu Byrs.“

Kannaðu málið á byr.is
Þetta er miklu minna mál en þig grunar.



Fjárhagsleg heilsa í heimabanka

BYR SPARISJÓÐUR





LGG+ STYRKIR VARNIR LÍKAMANS

Fjöldi klínískra rannsókna hefur sýnt fram á virkni LGG+ gerla. Þeir hafa margvísleg jákvæð áhrif á varnir líkamans og hafa m.a. jákvæð áhrif á meltingarveginn og styrkja ónæmiskerfið.

www.ms.is/lgg

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 09-0984



RISA
UTSALA
SÍÐASTI DAGUR Á LAUGARDAGINN!
REKKJUNNAR
30 TIL 70% AFSLÁTTUR
KING KOIL HEILSURÚM
(Queen Size 153x203)
35% AFSLÁTTUR
ÁÐUR FRÁ 155.800 kr.
NÚ FRÁ 99.712 kr.
SÆNGURFÖT
30% AFSLÁTTUR
Verð nú frá
4.830 kr.
HEILSUKODDAR
30% AFSLÁTTUR
Verð nú frá
5.915 kr.
SVEFNSÓFAR
30% AFSLÁTTUR
Verð nú frá
104.860 kr.
ATH! Myndirnar eru aðeins til hliðsjónar og eiga ekki endilega við tilboðin sem gefin eru upp.
rekkjan
HEILSURÚM
Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16





Kauphöllin eyðir landamærum með hraðvirkasta upplýsingakerfi í heimi:

# Er tíu sinnum hraðvirkara

**VIÐSKIPTI** Kauphöllin stígur stórt skref í dag þegar það innleiðir nýja kynslóð af viðskiptakerfinu INET.

Kerfið, sem er tífalt hraðvirkara en núverandi kerfi, er tekið í notkun á sama tíma í kauphöllum Nasdaq OMX í Svíþjóð, Finnlandi, Danmörku og á mörkuðunum í Eystrasaltslöndunum.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, segir einstakt að upplýsingakerfi sem þetta sé innleitt í jafn mörgum kauphöllum á sama tíma. Hann bendir á að getan sé margföld, öll samskipti markaða á milli hraðari en áður og hverfi við það þröskuldar milli landamæra. Það komi fjárfestum jafnt á Norðurlöndunum sem í Vesturheimi til góða. „Þetta er hraðvirkasta upplýsingakerfi í heimi og felur í sér marga möguleika,“ segir hann.

Kerfið hefur verið notað á bandaríska Nasdaq-hlutabréfamarkaðnum síðastliðin þrjú ár. Undirbúningur fyrir innleiðingu þess á norrænu mörkuðunum, sem eru hluti af þeim bandaríska, hefur staðið yfir í á annað ár.

„Við erum hluti af stærstu kauphallarsamstæðu í heimi og getum nú boðið þjónustu sem er í fremstu röð,“ segir Þórður. **- jab**



**ÞÓRÐUR FRIÐJÓNSSON** Innleiðing á hraðvirkasta upplýsingakerfi í heimi hefur staðið yfir í Kauphöllinni í tvö ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

44 atkvæði skildu að keppinautana um efsta sætið hjá VG í borginni:

# Sóley sigraði Þorleif í forvali VG

**STJÓRNMÁL** Borgarfulltrúinn Sóley Tómasdóttir hafði sigur í forvali Vinstri grænna í Reykjavík, sem fram fór á laugardag. Hinn borgarfulltrúi flokksins, Þorleifur Gunnlaugsson, sóttist einnig eftir efsta sæti listans en hafnaði í öðru sæti.

Sóley hlaut 439 atkvæði í fyrsta sæti listans, en Þorleifur 493 atkvæði í fyrsta til annað sæti. Þorleifur hlaut 395 atkvæði í fyrsta sætið og því munaði 44 atkvæðum á keppinautunum.

Þriðja sætið hreppti Líf Magneudóttir, vefstjóri og grunnskólakennari. Í fjórða til sjötta sæti lentu Elín Sigurðardóttir verkefnastjóri, Hermann Valsson grunnskólakennari og Davíð Stefánsson, bókmenntafræðingur og skáld.

Forvalið nær til efstu sex sætanna. Í næstu sætum á eftir eru Snærós Sindradóttir, Vésteinn Valgarðsson, Birna Magnúsdóttir, Friðrik Dagur Arnarson, Þór Steinarsson og Jóhann Björnsson.

1.062 greiddu atkvæði í forvalinu, sem er um 38 prósenta kjörsókn, að sögn Stefáns Pálssonar úr kjörstjórninni. Hann segir það meiri kjörsókn en í forvalinu fyrir alþingiskosningarnar í fyrra. **- sh**





**EFSTU MENN** Þorleifur Gunnarsson og Sóley Tómasdóttir skipa efstu sæti Vinstri grænna í borginni. Þau sóttust bæði eftir efsta sætinu en Sóley hreppti það. Aðeins 44 atkvæði skildu þau að.


Samfylkingin

# Samstaða um endurreisn

**Opnir fundir Samfylkingarinnar um allt land**

Komið og skiptist á skoðunum við forystufólk Samfylkingarinnar. Á fundunum verða flutt stutt ávörp um helstu mál og spurningum gesta svarað.

**Kópavogur**
**mánudaginn 8. febrúar**
Samfylkingarsalurinn Hamraborg 11, 3. hæð kl. 20.00

**Akranes**
**þriðjudaginn 9. febrúar**
Jaðarsbakkar kl. 20.00

**Húsavík**
**þriðjudaginn 9. febrúar**
Salur stéttarfélaganna Garðarsbraut 26 kl. 20.00

**Reykjanesbær**
**þriðjudaginn 9. febrúar**
Ráin kl. 20.00

**Patreksfjörður**
**miðvikudaginn 10. febrúar**
Félagsheimilið kl. 20.00

**Eskifjörður**
**miðvikudaginn 10. febrúar**
Slysavarnarfélagshúsið kl. 20.00

**Akureyri**
**miðvikudaginn 10. febrúar**
Hótel KEA kl. 20.00

**Reykjavík**
**miðvikudaginn 10. febrúar**
Hallveigarstígur 1 kl. 20.30
**þriðjudaginn 16. febrúar**
Iðnó kl. 20.00

**Hvammstangi**
**fimmtudaginn 11. febrúar**
Kaffi Síróp kl. 12.00

**Hveragerði**
**fimmtudaginn 11. febrúar**
Hótel Örk kl. 20.00

**Mosfellsbær**
**fimmtudaginn 11. febrúar**
Samfylkingarhúsið Þverholti 3 kl. 20.00

**Vestmannaeyjar**
**fimmtudaginn 11. febrúar**
Kiwanishúsið kl. 20.00

**Sauðárkrókur**
**fimmtudaginn 11. febrúar**
Ströndin við Sæmundargötu kl. 20.00

Nánari upplýsingar á **xs.is** **Allir velkomnir**




# Eru *egg* ofurfæða?

Nýjar rannsóknir sýna fram á að fullyrðingar um að egg séu slæm fyrir hjartað séu rangar og, það sem meira er, að egg teljist jafnvel til „ofurfæðu“. Þau gætu í reynd verið vörn gegn hjartasjúkdómum, brjóstakrabbameini, augnsjúkdómum og eru jafnvel ágætis vopn í baráttunni við aukakílóin.

„Egg eru í raun mjög holl. Þau eru rík af næringarefnum,“ segir Joanne Lunn, sérfræðingur í næringarfræði hjá British Nutrition Foundation. Í einu eggi er að finna 13 mikilvæg næringarefni, öll í rauðunni, en eggjahvítan er fitulaus og inniheldur albumen, mikilvæga uppsprettu prótína.

Egg eru fyrirtaks uppspretta B-vítamína sem eru nauðsynleg fyrir margs konar starfsemi líkamans. Egg búa einnig yfir góðum skammti af A-vítamíni sem er mikilvægt fyrir vöxt og þroska. E-vítamínið sem finnst í eggjum getur einnig veitt vörn gegn hjartasjúkdómum og sumum tegundum krabbameins. Í eggjum er einnig D-vítamín sem hjálpar til við upptöku steinefna og styrkir bein. Þá eru egg rík af joði sem þarf til myndunar skjaldkirtilshormóna og fosfórs sem er nauðsynlegt fyrir bein og tennur.

**Eitt egg á dag – viðbótarvörn**

● Unglingsstúlkur sem borða eitt egg á dag gætu myndað viðbótarvörn gegn myndun brjóstakrabbameins síðar á ævinni, samkvæmt rannsókn sem birt var í læknaritinu Breast Cancer Research. Það eru einkum amínósýrurnar, vítamínin og steinefnin sem finnast í eggjum sem geta veitt þessa vörn gegn krabbameini.

● Eggjarauður innihalda næringarefnin lútín og zeaxanthin sem talin eru veita vörn gegn, og jafnvel snúa við, kölkun í augnbotnum, einni algengustu orsök sjóndepru hér á Íslandi. Kölkun í augnbotnum veldur blindu og er aldurstengdur sjúkdómur. Talið er að of lítil neysla á lútíni geti valdið þessum sjúkdómi.

● Egg eru hitaeiningasnauð. Í stóru eggi eru aðeins 75 kaloríur og 5 g af fitu. Ýmsar rannsóknir benda til þess að egg geti gagnast í baráttunni við aukakílóin og næringarfræðingar segja nú að fólk megi borða eins mikið af eggjum og því sýnist ef þau eru hluti af fjölbreyttu og skynsamlegu mataræði.

Grein úr Gestgjafanum, birt með góðfúslegu leyfi Gestgjafans.

VIRKJUM
KARLA & KONUR
FJÖLBREYTNI Í FORYSTU
TÍMAMÓTAFUNDUR 10. FEBRÚAR 2010
Miðvikudaginn 10. febrúar, kl. 8-10, efna SAMTÖK ATVINNULÍFSINS, FÉLAG KVENNA Í ATVINNUREKSTRI, VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS, LEIÐTOGA-AUÐUR, IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ, EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI og CREDITINFO til tímamótafundar á Hótel Nordica.
Nánari upplýsingar og skráning á sa.is
ÍSLENSKA SIA.IS SAL 48478 01/10

Sjálfstæðismenn á Álftanesi hafna oddvitanum:

# Oddviti flokksins ekki meðal sex efstu


GUÐMUNDUR G. GUNNARSSON


SNORRI FINNLAUGSSON

**STJÓRNMÁL** Guðmundur G. Gunnarsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins í bæjarstjórn Álftaness, náði ekki inn á lista sex efstu manna í prófkjöri flokksins um helgina. Hann sóttist eftir því að leiða listann áfram.

Snorri Finnlaugsson fjármálastjóri varð efstur í prófkjörinu. Hann var nýr í framboði. Forseti bæjarstjórnar, Kristinn Guðlaugsson, hafnaði í öðru sæti, Kjartan Örn Sigurðsson í því þriðja og Hjördís Jóna Gísladóttir lenti í fjórða sæti. Kjörsókn var 75 prósent. - sh


**FARINN AÐ TJÁ SIG** Hollendingurinn Ram Houben var talinn hafa verið í skynlausu ástandi í 23 ár en í ljós kom að hann gat tjáð sig með aðstoð tölvu. NORDICPHOTOS/AFP

# Brutust í gegnum múrinn

## Vísindamenn í Bretlandi og Belgíu hafa náð sambandi við fólk sem talið var hafa enga skynvitund.

**VÍSINDI, AP** Vísindamenn í Cambridge í Bretlandi og Liege í Belgíu segjast hafa náð sambandi við nokkra sjúklinga sem taldir hafa verið í skynlausu ástandi, sem er frábrugðið dásvefni að því leyti að sjúklingarnir eru vakandi en sýna engin merki þess að skynja neitt í umhverfi sínu.

Vísindamennirnir beittu stafrænni segulómun sem gerir þeim kleift að greina heilavirkni sjúklinganna. Sjúklingarnir voru spurðir einfaldra spurninga og beðnir að svara játandi eða neitandi með hugsunum sínum, þannig að til dæmis mikil hreyfing tákni nei en kyrrt ástand tákni já.

Sjúklingarnir voru til dæmis beðnir um að ímynda sér tennisleik ef þeir vildu svara játandi en rólega gönguferð á götu í borg ef þeir vildu svara neitandi.

Einn sjúklinganna er belgískur maður sem lenti í alvarlegu bílslysi fyrir sjö árum. Honum tókst að gefa rétt svör við fimm af sex spurningum, sem öll tengdust ævi hans sjálfs.

Vísindamennirnir birtu niðurstöður rannsókna sinna í læknatímaritinu New England Journal of Medicine í síðustu viku.

Rannsóknin náði til 54 sjúklinga. Í ljós kom að fimm þeirra gátu stjórnað heilastarfsemi sinni að einhverju leyti. Af þessum fimm gátu fjórir notað fyrrgreinda aðferð til þess að svara játandi eða neitandi, en einungis þrír þeirra reyndust þó færir um að eiga í raunverulegum samskiptum við vísindamennina.

Rannsóknin vekur því vonir um að hægt verði að ná sambandi við þá sjúklinga, sem virðast vera í skynlausu ástandi en eru í reynd með fullri meðvitund. Með þessari aðferð væri meðal annars hægt að spyrja sjúklingana út í líðan þeirra.

Niðurstöðurnar vekja einnig upp ýmsar siðferðilegar spurningar. Í Bretlandi til dæmis, samkvæmt því sem fram kemur á fréttavef BBC, er heimilt að taka úr sambandi tækjabúnað, sem heldur sjúklingi á lífi, ef fullvíst er talið að hann komist ekki aftur til meðvitundar. Hins vegar er ekki heimilt að taka slíkan búnað úr sambandi ef sjúklingurinn hefur með viðbrögðum sínum sýnt fram á að hann sé með meðvitund, jafnvel þótt hann lýsi sjálfur eindregnum vilja sínum til þess að búnaðurinn verði tekinn úr sambandi.

gudsteinn@frettabladid.is

Styrkir fyrir námsmenn
Námufélögum standa til boða veglegir námsstyrkir á framhalds- og háskólastigi árið 2010.
Veittir verða styrkir í fjórum flokkum:
3 styrkir til framhaldsskóla- og iðnnáms, 150.000 kr.
3 styrkir til háskólanáms (BA/BS/BEd), 300.000 kr.
4 styrkir til framhaldsnáms á háskólastigi, 350.000 kr.
4 styrkir til listnáms, 350.000 kr.
Sæktu um námsstyrk Námunnar á landsbankinn.is.
Umsóknarfrestur er til 8. mars.

Helga Björnsdóttir, Námufélagi í háskóla
NÁMAN | landsbankinn.is | 410 4000
Landsbankinn
NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.
ENNEMM / SÍA / NM40919

LYFJA
– Lifið heil
www.lyfja.is

20% verðlækkun
NERVIDIX
Segðu BLESS við taugaóróa og stress. Upplifðu innri frið og skýrari fókus – 100% náttúruleg formúla.
3.603 kr. 2.882 kr.

20% verðlækkun
DEPRIDIX
Segðu BLESS við depurð og tómleikatilfinningu. Finndu lífsorkuna á ný – 100% náttúruleg formúla.
3.603 kr. 2.882 kr.

20% verðlækkun
ENERGIX
Segðu BLESS við orkuleysi. Örvaðu orkuflæðið og einbeitinguna – 100% náttúruleg formúla.
3.603 kr. 2.882 kr.
Lægra verð í Lyfju
+ Gildir til 19. febrúar
ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 48996 01/10

**FRÉTTASKÝRING:** Skuldbindingar sveitarfélaganna vegna samninga við fasteignafélög

# Að eiga eða leigja

**Um 45 milljarða skuldbindingar sveitarfélaganna koma ekki fram í efnahagsreikningum þeirra. Það eru að mestu leyti samningar við fasteignafélög sem eiga og reka skóla, íþróttahús og ýmis mannvirki í mörgum sveitarfélögum. Meira en fjórðungur heildarskuldbindinganna hvílir á Reykjanesbæ og tengist um 40 fasteignum sveitarfélagsins.**

Frá og með þessu ári þurfa sveitarfélögin að færa inn í efnahagsreikninga sína skuldbindingar vegna fjármögnunarleigusamninga sem mörg þeirra hafa gert um leigu og rekstur ýmissa fasteigna. Þetta er tillaga reikningsskilanefndar sveitarfélaga, sem Kristján L. Möller sveitarstjórnarráðherra tilkynnti á Alþingi í síðustu viku að yrði nú hrint í framkvæmd. Árni Þór Sigurðsson, þingmaður VG, sagði í umræðum að það væri nú að koma sér afar illa fyrir mörg sveitarfélög að hafa ráðast í einkaframkvæmd vegna fasteigna og leggja eignir, sem tengjast samfélagslegum verkefnum, inn í fasteignafélög. Sveitarfélögin hafi haldið skuldbindingum vegna þessa utan við efnahagsreikning. Þannig væri gefin röng mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélaganna.

## „Vandinn vegna þessa“

„Grundvallarupplýsingar má ekki fela fyrir kjósendum með bókhaldsbrellum,“ sagði Árni Þór. Kristján L. Möller sagðist sammála Árna Þór og tók býsna afdráttarlaust til orða: „Vandi nokkurra sveitarfélaga er til kominn vegna þessa,“ staðhæfði ráðherrann.

Hann sagði mikilvægt að skerpa á upplýsingaskyldu sveitarfélaga um fjárhagsleg málefni og setja fjármálareglur fyrir sveitarstjórnir. Það hefði ekki verið hægt fyrr en nú vegna andstöðu frá sveitarstjórnarmönnum. Almenningur þurfi að fá raunsanna mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélaga fyrir kosningarnar í vor. Því verði reglum breytt á næstunni.

Kristján sagði að þótt staða Álftaness væri langalvarlegust allra sveitarfélaga standi mörg þeirra afar illa og séu til skoðunar hjá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga.

## Skólar, íþróttahús, sundlaugar og skrifstofur

Í nýju fréttabréfi frá Sambandi sveitarfélaga kemur fram að skuldbindingar sveitarfélaganna utan efnahagsreikninga séu alls 45 milljarðar, til viðbótar 210 milljörðum skulda og skuldbindingum sem færðar eru þar til bókar.

Ljóst er að stór hluti þessara skuldbindinga hvílir á þeim tólf sveitarfélögum, sem gert hafa samninga við Eignarhaldsfélagið Fasteign, og eru jafnframt eigendur þess félags ásamt Íslandsbanka. Hafa þarf í huga að um leið og skuldunum er haldið utan við efnahagsreikninginn koma þar ekki fram eignamegin verðmæti þeirra réttinda, sem felast í samningunum.

Reykjanesbær hefur verið stórtækastur sveitarfélaga í gerð fjármögnunarleigusamninga um fasteignarekstur. Í skýringum með ársreikningum sveitarfélagsins árið 2008 kemur fram að það hefur gert 40 samninga til 30 ára við Fasteign um leigu og rekstur ýmissa fasteigna. Í árslok 2008 voru skuldbindingarnar bæjarins gagnvart Fasteign metnar á um 12 milljarða króna.

Þær tengjast leigu og rekstri grunnskóla bæjarins, leikskóla, íþróttahúsa, sundlaugar, húsa undir bæjarskrifstofur, skolpdælustöð og fleiri fasteigna sem Reykjanes tekur á leigu vegna þjónustu sinnar við íbúa.

Áætlaðar leigugreiðslur Reykjanesbæjar til Fasteignar á síðasta ári voru meira en milljarður, líklega um 1,2 milljarður króna, að teknu tilliti til samninga, sem fyrst var greitt af í fyrra. Leigugreiðslurnar samsvara því tæplega fimmtungi af heildartekjum bæjarsjóðs 2008.

Reykjanesbær er líka stærsti hluthafi Fasteignar, að frátöldum Íslandsbanka, og á þar fjórðungshlut. Árni Sigfússon bæjarstjóri er stjórnarformaður Fasteignar. Hlutabréf bæjarins í félaginu eru bókfærð á 1,3 milljarða króna í ársreikningi.

Öll sveitarfélög sem gert hafa leigusamninga við Eignarhaldsfélagið Fasteign eru jafnframt meðal hluthafa þess. Álftanes fer með næststærsta hlut sveitarfélaga í félaginu. Fram er komið að skuldbindingar Álftaness gagnvart Álftanesi er 2,9 milljarðar. Bókfærð eign Álftaness í Fasteign er 395 milljónir króna.

## Hafnfirðingar brautryðjendur

Meðal annarra sveitarfélaga sem eru í miklum skuldbindingum gagnvart Fasteign eru Vogar, Garðabær, Fjarðabyggð og Vestmannaeyjar. Eyjamenn hafa gert samninga við Fasteign um leigu og rekstur níu fasteigna. Listi yfir sveitarfélög, sem eru hluthafar í Fasteign, er birtur hér til hliðar.

Hluthafarnir í Fasteign eru hins vegar ekki einu sveitarstjórnirnar sem gert hafa samninga um fasteignarekstur sem ekki koma fram í efnahagsreikningum.

Hafnarfjörður var eitt fyrsta sveitarfélagið til að fara þessa leið. Hafnfirðingar keyptu nýlega til baka fyrir 3,8 milljarða samninga sem gerðir voru við hið gjaldþrota fasteignafélag Nýsi um fjórar fasteignir; skóla og íþróttahús. Hafnarfjörður á fleiri samning af þessu tagi útistandandi. Þeir eru við fyrirtækið Fjarðarhús vegna reksturs tveggja leikskóla og eins grunnskóla.

Eins hafa Álftanes, Vogar og fleiri gert samninga við félagið Búmenn vegna bygginga íbúða og þjónustumiðstöðva fyrir aldraða. Í tilfeli Álftaness er sá samningur metinn á 926 milljónir króna.

Svipaðir samningar eru líka til í einstökum sveitarfélögum vegna reksturs gámastöðva og fleiri verkefna sveitarfélaga.



FRÉTTASKÝRING
PÉTUR GUNNARSSON
peturg@frettabladid.is



**SUNDLAUGAR** Sum sveitarfélög eiga þær fasteignir sem þau nýta til þjónustu við íbúana. Önnur létu fasteignafélög byggja þær eða kaupa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## SVEITARFÉLÖG OG HLUTHAFAR

Þessi sveitarfélög eiga samninga við Eignarhaldsfélagið Fasteign um leigu og rekstur fasteigna og eru jafnframt hluthafar í því félagi.

| | | |
|---|---|---|
| Reykjanesbær | Fljótsdalshérað | Vogar |
| Álftanes | Grímnes- og Grafningshreppur | Fjarðabyggð |
| Garðabær | Norðurþing | Sandgerði |
| Vestmannaeyjar | | Ölfus |

LEIÐIR TIL AÐ LÆKKA GREIÐSLUBYRÐI

Frjálsi fjárfestingarbankinn býður viðskiptavinum í fjárhagsvanda fjölda leiða til að létta á aukinni greiðslubyrði.




GREIÐSLU SKJÓL 3+1

**Greiðsluskjól 3+1** er úrræði sem tekur bæði á vanda vegna hækkunar höfuðstóls erlendra lána og aukins greiðsluþunga.

- Lækkun á höfuðstól erlendra lána er um **26%** að meðaltali við skuldbreytingu yfir í íslenskar krónur.
- Greiðslubyrði getur lækkað um allt að **41%**.
- **3+1**. Greiðsluskjólsvextir í 3 ár með möguleika á aukaári fyrir skilvísa greiðendur.

Fastir verðtryggðir **3,95%** vextir í 3+1 ár.*

Fastir óverðtryggðir **6,00%** vextir í 3+1 ár.**

*Verða eftir tilboðstímann 5,25%. ** Verða jafnir eins mánaðar Reibor-vöxtum + 1,5%.

SÉRTÆK ÚRRÆÐI

Viðskiptavinum, sem glíma við sérlega erfiða fjárhagsstöðu, bjóðum við sértæk úrræði til lausnar á greiðsluvanda þeirra. Í boði er 110% veðsetningarþak á fasteignalán, sértæk skuldaaðlögun auk fjölda sérsniðinna úrræða.

GREIÐSLU JÖFNUN ÍBÚÐALÁNA

**Greiðslujöfnun** erlendra lána léttir greiðslubyrði auk þess að jafna sveiflur vegna gengisbreytinga. Höfuðstóllinn er áfram í erlendri mynt og hækkar því eða lækkar miðað við gengi íslensku krónunnar. Verðtryggð íslensk lán í skilum fóru sjálfkrafa í greiðslujöfnun í desember 2009.

ARGUS / 10-0003

Pantaðu viðtal í síma 540-5000 eða í gegnum vefsíðuna okkar, www.frjalsi.is.
Opið í afgreiðslu Lágmúla 6, 108 Reykjavík, 12.00-15.00 virka daga.
Skiptiborð opið kl. 10-12 og 13-15.

Hafðu samband – við finnum leið!

FRJÁLSI FJÁRFESTINGARBANKINN

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Nýtum þekkingu okkar á sviði hönnunar og tækni.

## Góð íslensk þekking

**ÞORKELL SIGURLAUGSSON SKRIFAR**

Reynsla af íslenskum hönnuðum og tæknimenntuðum starfsmönnum er almennt mjög góð. Mikilvægt er að nýta þessa þekkingu meðal annars til að forðast atgervisflótta vegna efnahagsástandsins hér á landi.

Við höfum tækni- og verkfræðimenntað fólk, arkitekta, hönnuði og listamenn í fremstu röð. Þekking og menntun innlendra aðila er afar verðmæt og það eru mörg tækifæri fyrir okkur að annast verkefni erlendis. Það er jákvæð útrás sem sjálfsagt er að nýta, en útrás er sjaldnast farsæl nema hún byggi á innlendri reynslu.

Erlendir aðilar hafa stundum verið of ráðandi við stærri hönnunarverkefni hér á landi og innlendir verkkaupar og hönnuðir hafa verið eftirgefanlegir og borið of mikla virðingu fyrir stærð og styrk erlendra fyrirtækja á þessu sviði. Innlendir aðilar eiga að standa saman og bjóða í áhugaverð verkefni. Það er nauðsynlegt og hagkvæmt að verkefni hér á landi, til dæmis á sviði hönnunar og framkvæmda í byggingarstarfsemi og á öðrum sviðum, séu í höndum íslenskra aðila. Guðjón Samúelsson, einn merkasti arkitekt okkar á fyrri hluta síðustu aldar, og verkfræðifyrirtæki okkar, sem hönnuðu virkjanir í upphafi stóriðjuframkvæmda á Íslandi á síðari hluta síðustu aldar, fengu tækifæri til að stjórna verkefnum. Þannig byggðist upp þekking hér innanlands, enda ekki á þeim tíma gerðar stífar kröfur til stærðar fyrirtækja sem tóku að sér verkefnin.

Sjálfsagt er að sækja ráðgjöf og þekkingu til erlendra aðila, en ekki má tapa frumkvæðinu og þeirri forystu við stjórnun verkefna sem íslenskir aðilar geta haft á sínum höndum. Jafnframt ber að varast þau vandamál sem felast í hagsmunaárekstrum, ólíku vinnulagi, fjarlægðum og verkstjórn þegar erlendir og innlendir aðilar eru í samstarfi. Markmiðið á að vera að verkefnastjórn og forysta sé í höndum íslenskra fyrirtækja.

Fram undan er hönnun og framkvæmdir við virkjanir og vonandi fleiri stór og lítil verkefni. Það skiptir miklu máli að þessi verkefni byggi sem mest á íslenskri hönnun og þekkingu og sé undir stjórn íslenskra aðila. Þeir sem standa að fjármögnun ráða oft miklu um framkvæmdina til dæmis lífeyrissjóðir ef þeir koma til dæmis að fjármögnun háskólasjúkrahúss. Framkvæmdir á þessu sviði eru kostnaðarsamar og þær verða mun dýrari ef ávallt er horft til þess að kaupa þjónustuna að utan. Það er til dæmis slæmt hvað hönnun og stjórnun byggingaframkvæmda við tónlistarhúsið Hörpu er mikið í höndum erlendra aðila. Það verður ríki og borg dýrkeypt. Fjármögnunaraðilar, til dæmis lífeyrissjóðir, sveitarfélög eða ríkissjóður, þurfa að gæta vel að íslenskum hagsmunum, en láta ekki erlenda aðila ná yfirhöndinni í mikilvægum verkefnum.

Ég vil hvetja alla sem að þessu koma að halda vöku sinni og berjast bæði fyrir hagsmunum sínum og hagsmunum þjóðarinnar. Stjórnmálamenn, verkkaupar og aðrir þurfa að átta sig á því að nú þarf að nýta vel þekkingu þjóðarinnar á sviði hönnunar, skipulagsfræði, tækni, verkfræði og lista. Það þarf að viðhalda þessari þekkingu við þau verkefni sem eru fram undan, annars töpum við þessari þekkingu á nokkrum árum og kostnaður við verkefnin verður meiri. Það eru miklir hagsmundir í húfi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

SÉRSMÍÐI ÚR PARKETI

Gólfþjónustan er með sérlausnir í smíði borða fyrir fyrirtæki og heimili. Við smíðum borð algjörlega eftir þínu máli svo sem borðstofuborð, sófaborð og fundarborð.



GÓLFÞJÓNUSTA ÍSLANDS

SÉRHÆFING Í VIÐHALDI GÓLFA

S: 897 2225

info@golfthjonustan.is | golfthjonustan.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Afslappaður í þrot

Gunnar Sigurðsson, höfundur myndarinnar Maybe I Should Have, var í hispurslausu viðtali við Fréttablaðið um helgina. Þar ræddi hann meðal annars um eigin fjárhagsvandræði en hann stendur frammi fyrir gjaldþroti. Gunnar var spurður hvort hann hafi farið ógætilega: „Alls ekki. Ég bjó og bý í 60 m² íbúð. Keypti mér reyndar ágætis bíl á myntkörfuláni en afborgunin var mjög viðráðanleg þegar ég keypti hann. Ég hef ekki verið að eyða peningum í einhver flottheit. Jú, ég leyfi mér það að vera í Baðstofunni í World Class af því mér líður vel þar. Ég ætla að reyna að leyfa mér það áfram þótt ég sé að verða gjaldþrota.“ Árskortið í baðstofuna í World Class kostar 183.543 krónur. Þau eru mismörg, götin á sultarólinni en Gunnar ætlar að minnsta kosti afslappaður í gegnum sitt gjaldþrot.



### Potað í ráðherra

Fyrir dyrum stendur mikill niðurskurður í heilbrigðiskerfinu á landinu öllu, svo mikill að margir eru uggandi. Í þeim hópi er Gunnar Bragi Sveinsson, þingmaður Framsóknarflokksins. Hann lagði fram eftirfarandi fyrirspurn á dögunum til heilbrigðisráðherra: „Er áætlað að kostnaður þeirra sem njóta þjónustu heilbrigðisstofnananna á Blönduósi og Sauðárkróki aukist vegna sparnaðaraðgerða ríkisstjórnarinnar?“ Ef einhver er að velta fyrir sér hvers vegna þingmaðurinn spurði eingöngu út í þessar tvær heilbrigðisstofnanir en ekki á landinu öllu, er ástæðan væntanlega sú að þær eru í kjördæminu hans. Hér birtist gamla góða kjördæmahugsunin tær og ómenguð.



**bergsteinn@frettabladid.is**

# Raunsæi og ábyrgð



**ODDNÝ G. HARÐARSDÓTTIR**

**Í DAG** | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

Það var öllum ljóst í aðdraganda síðustu kosninga að verkefni nýrrar ríkisstjórnar yrðu risavaxin og að þau myndu fyrst og fremst snúast um tiltekt og niðurskurð og þá loks endurreisn. Við sem buðum okkur fram vissum að það þyrfti að gera meira en bara það sem til vinsælda er fallið á þessu kjörtímabili. Það hefur strax komið í ljós. Vinna okkar í fjárlaganefnd hefur ekki aðeins verið strembin vegna hins yfirþyrmandi leiðindamáls sem kennt er við Icesave heldur einnig, og ekki síður, vegna þess að mikill niðurskurður er nauðsynlegur. Tugmilljarða halli er á ríkissjóði og það er vandi sem verður að taka á strax og af festu. Við höfum reynt að hlífa sem mest heilbrigðisstofnunum og félagslegri þjónustu en engu að síður þurfti að rifa þar seglin um 5%.

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja hefur ekki farið varhluta af þessum niðurskurði þrátt fyrir mikinn rekstrarvanda undanfarin ár. Árið 2008 tókst okkur sem störfuðum í sveitarstjórnum á Suðurnesjum að fá leiðréttingu á reikniliðum sem liggur fjárveitingum til stofnunarinnar til grundvallar. Sú leiðrétting gaf 60 milljón króna viðbót til rekstrar og í fjárlögum 2010 voru auk þess veittar 15 milljónir til heilsugæslunnar. Þrátt fyrir þetta er enn tekist á um fjárveitingar til HSS. Ég hef lagt á það áherslu að við Suðurnesjamenn veigrum okkur ekki við að hagræða og spara eins og aðrir landsmenn þegar kreppir að, en við gerum jafnframt kröfu til þess að tekið sé tillit til starfsaðstæðna HSS og að fjárveitingar séu í samræmi við þær líkt og á öðrum landssvæðum þannig að tryggt sé að réttlætis sé gætt. Krafa íbúanna hlýtur að vera að ráðuneytið og stjórnendur HSS leggi sig alla fram við að leita allra mögulegra leiða til að halda uppi góðri heilsugæslu á svæðinu. Þá þarf að velta öllu við og raða upp að nýju. Helsti vandi okkar hefur verið skortur á læknum. Við þurfum að fá fleiri lækna til stofnunarinnar og greiða þeim eðlileg laun en eyða ekki umtalsverðum fjármunum í álagsgreiðslur fyrir fáa lækna sem sannanlega eru undir alltof miklu álagi. Miðað við íbúafjölda ættu að starfa við heilsugæsluna 17 læknar en þeir eru aðeins sex sem starfa þar núna og með þeim tveir til þrír unglæknar. Reksturinn væri mun hagkvæmari ef við hefðum fleiri heilsugæslulækna við stofnunina.

Það útheimtir mikla yfirlegu hjá stjórnendum stofnana að finna út hvernig þeir geti uppfyllt leiðarljós ráðuneyta um að skera niður, hagræða og spara, þ.e. að verja eins og kostur er störf og þjónustu. Þetta gengur ekki alls staðar vel. Á síðustu dögum hefur þó öllu verið til tjaldað til að gera niðurskurðinn á HSS sem sársaukaminnstan. Við höfum farið með ráðuneytinu yfir forsendur reiknilíkans, ráðuneytið mun greina kostnað vegna fjölgunar á fyrrverandi varnarsvæðinu við Ásbrú, meta kostnað vegna nálægðar við alþjóðaflugvöll og leiðrétta útreikninga vegna sjúkrarúma fyrir aldraða sem hafa verið vanmetnir. Hér nefni ég aðeins nokkur dæmi um það sem gert hefur verið og ítreka þá skoðun mína að ég er reiðubúin að skoða allar góðar hugmyndir, þar með talið yfirtöku sveitarfélaga á rekstri HSS, megi það verða til þess að þjónusta þessarar allra mikilvægustu stofnunar Suðurnesja verði í samræmi við þarfir þess fjölda íbúa sem reiðir sig á hana.

Þeir sem berjast gegn skattahækkunum ríkisstjórnarinnar verða líka að gera sér grein fyrir því að viðsnúningur í þeim efnum kallar á enn frekari niðurskurð. Þeir sem berjast gegn niðurskurði OG skattahækkunum verða því að sýna með ábyrgum hætti hvar ná á í fjármagn til að viðhalda óbreyttum rekstri. Á tímum niðurskurðar er mikilvægt að forgangsraða með réttum hætti. Það er hægt að bíða með ýmislegt en enginn getur skotið veikindum á frest. Raunsæi og ábyrgð eru lykilatriði í baráttu okkar Suðurnesjamanna fyrir sameiginlegri velferð.

*Höfundur er þingkona Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi og bæjarfulltrúi Sveitarfélagsins Garðs.*

# Ódýrt í sund í Kópavogi

**UMRÆÐAN**

Gunnsteinn Sigurðsson skrifar um gjaldtöku í sund



**GUNNSTEINN SIGURÐSSON**

Nokkur umræða hefur spunnist um 120 króna gjald sem tekið verður af 67 ára og eldri í sundlaugum Kópavogs. Af því tilefni leyfi ég mér í fyllstu vinsemd að benda á nokkrar staðreyndir.

Fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar fyrir árið 2010 tekur sem eðlilegt er mið af slæmu efnahagslegu árferði. Gert er ráð fyrir að allir sem vettlingi geti valdið leggi eitthvað af mörkum til að standa megi vörð um grunnþjónustuna í bænum. Gerð er rík krafa um hagræðingu á öllum sviðum í rekstri bæjarins.

Fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar var unnin af fulltrúum allra flokka í bæjarstjórn og standa þeir saman að henni. Í fjárhagsáætlun ársins 2010 felst málamiðlun ólíkra sjónarmiða flokkanna sem að henni standa með það sameiginlega markmið að vernda grunnþjónustu við bæjarbúa og halda gjaldskrárhækkunum í lágmarki.

Þrátt fyrir erfið efnahagsleg skilyrði hefur með samstilltu átaki tekist að semja raunhæfa áætlun sem gerir ráð fyrir lítilsháttar rekstrarafgangi. Samt má ekki mikið út af bregða ef endar eiga að ná saman.

Aldraðir, 67 ára og eldri, hafa um langt skeið notið niðurgreiðslu úr bæjarsjóði á gjaldi í sundlaugar. Þessi niðurgreiðsla af liðum Félagsþjónustu Kópavogs hefur numið um 7 milljónum króna á ári. Við þær sérstöku aðstæður sem nú ríkja verður að taka strangara tillit til forgangsröðunar en í góðæri, eins og sér í lagi á vettvangi félagsþjónustu.

Niðurgreiðslu verður ekki hætt fyrir þennan aldursflokk, eins og hefur mátt skilja af umræðunni. Hún verður hins vegar minnkuð þannig að framvegis verður farið fram á gjald af einstaklingum á þessum aldri í sundlaugar Kópavogs sem nemur tæpum þriðjungi af fullu gjaldi; það verður 120 kr. en fullt gjald er 350 kr. Svo má fá helmingsafslátt af 120 kr. gjaldinu með því að kaupa 60 punkta kort á 3.600 kr. sem veitir aðgang að sundlaugunum í 60 skipti. Árskort mun kosta 7.500 kr. fyrir 67 ára og eldri en fullt gjald er 21.000 kr.

Hafa ber í huga að gjaldskrá sundlauga í Kópavogi hefur ekki verið breytt frá árinu 2005 en á þeim tíma hefur orðið um 49% vísitöluhækkun. Gjaldskrárbreytingarnar nú eru langt innan þeirra marka.

Á það skal enn fremur bent að félög á borð við Félag eldri borgara getur gert samning fyrir sína félagsmenn um kaup á aðgangskorti í sundlaugar Kópavogs á sérstökum vildarkjörum. Til þess verður að hafa beint samband við viðkomandi sundlaug.

*Höfundur er bæjarstjóri í Kópavogi.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

RÁÐSTEFNA

# UMGENGNISTÁLMANIR OG INNRÆTING EFTIR SKILNAÐ

Þriðjudagur 9. febrúar 2010 kl. 15:00 – 17:00

Hótel Loftleiðir, Þingsalir 1-3

## DAGSKRÁ:



**Foreldrafirring sem ein tegund tálmunar á umgengni.**
Kynning á nýrri M. L. ritgerð.
María Júlía Rúnarsdóttir - Lögfræðingur.



**Viðskilnaður barns og foreldris – alvarlegar afleiðingar.**
Bertrand Lauth - Barna- og unglingageðlæknir á Barna- og unglingageðdeild.
Landspítala og aðjunct við læknadeild Háskóla Íslands.



**Umgengni við foreldra - sjónarhorn barns.**
Hrefna Friðriksdóttir - Lektor í sifja- og erfðarétti.



**Deilur foreldra um umgengni og/eða forsjá barns.**
**Hvernig tekur stuðnings- og réttarkerfið á Íslandi á deilum foreldra?**
Stefanía Katrín Karlsdóttir - Uppeldis- og kennslufræði - Stjórnmálafræðingur.



**Börn sem fórnarlömb skilnaðar** - Reynsla mín af börnum sem hafa verið notuð sem vopn í baráttu foreldra eftir skilnað og í skilnaðarferli.
Sr. Þórhallur Heimisson sóknarprestur.



**Ráðstefnustjóri**
Davíð Þór Jónsson - Útvarpsmaður og guðfræðinemi.

**ALLIR VELKOMNIR**

**FÉLAG UM FORELDRAJAFNRÉTTI**
BARN Á RÉTT Á BÁÐUM FORELDRUM

www.foreldrajafnretti.is

**NICK NOLTE ER 69 ÁRA Í DAG.**

*„Mér hefur aldrei liðið vel í eigin lífi. Fyrir mér hefur raunveruleikinn alltaf verið hálfskrítinn þannig að þegar ég steig á svið upplifði ég ekkert nema létti. Mér fannst ég hafa fundið stað þar sem ég gat upplifað allar hliðar lífsins án þess að upplifa óþægindi.“*

***Nick Nolte er bandarískur leikari, kvikmyndaframleiðandi og fyrrum fyrirsæta.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 8. FEBRÚAR 1925

## *Halaveðrið gekk yfir mið og land*

Á þessum degi árið 1925 gekk yfir hið svokallaða Halaveður, kennt við Halamið þar sem tveir togarar fórust. Einnig strandaði vélbátur og létu þar sex manns lífið og fimm manns urðu úti, þar af tvö börn. Alls fórust 68 Íslendingar í óveðrinu og sex Englendingar.

Halaveðrið er talið hafa byrjað daginn áður, síðari hluta laugardags 7. febrúar, en hríðversnaði daginn eftir og stóð nær óslitið fram á mánudag. Ofviðrið gekk yfir vestanvert landið og olli margvíslegu tjóni en mesti mannskaðinn varð á Halamiðum en það voru togararnir Leifur heppni og Robertson sem fórust. Fjöldi íslenskra togara var þá að veiðum úti af Vestfjörðum, flestir á Halamiðum en miðin voru á þessum tíma nýlega orðin eftirsótt hjá íslenskum fiskimönnum og voru þeir því ókunnir því viðsjárverða veðri sem gat gert á þessum slóðum. Snögg veðrabrigðin komu þeim því í opna skjöldu. Önnur skip, sem



komust í land, voru meira og minna brotin þar sem öllu ofanstokks hafði skolað af skipunum.

Fyrir árið 1925 þótti það fjarstæðukennt að togarar gætu farist í rúmsjó og komu tíðindin af togurunum því eins og reiðarslag.

Eftir Halaveðrið voru fiskimið þessi stunduð á annan hátt en áður og skipstjórar leituðu frekar í land en áður ef óveður var í aðsigi.

**MERKISATBURÐIR**

- **1924** Nevada verður fyrsta fylki Bandaríkjanna til að taka mann af lífi með gasi.
- **1935** Enskur togari, Langanes frá Grimsby, strandar í ofviðri á Vestfjörðum. Áhöfn, fjórtán manns, ferst.
- **1962** Sex manns láta lífið í París í óeirðum.
- **1971** NASDAQ-hlutabréfamarkaðurinn hefur starfsemi.
- **1980** Ríkisstjórn Gunnars Thoroddsen tekur við völdum og situr í rúm þrjú ár. Að stjórninni standa Alþýðubandalag, Framsóknarflokkur og hluti Sjálfstæðisflokks.
- **1982** Dýpsta lægð síðan árið 1982 gengur yfir landið.
- **2005** Ísrael og Palestína samþykkja vopnahlé.

AFMÆLISBÖRN



**SVALA BJÖRGVINSDÓTTIR** söngkona er 33 ára.



**ARNBJÖRG HLÍF VALSDÓTTIR** leikkona er 34 ára.

---

†



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og mágur,*

**Björn Jónsson**

fv. skólastjóri Hagaskóla,

verður jarðsunginn frá Neskirkju mánudaginn 8. febrúar kl. 15.00.

**Heiður Agnes Björnsdóttir** **Hákon Óskarsson**
**Magnús Jón Björnsson** **Ragna Árnadóttir**
**Kjartan Hákonarson** **Ragnheiður Kristín Sigurðardóttir**
**Brynhildur Magnúsdóttir**
**Agnes Guðrún Magnúsdóttir**
**Helgi Magnússon** **Björg Baldvinsdóttir**

---

†



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Einar Ingvarsson**

Hraunvangi 1 (áður Mávahrauni 25) Hafnarfirði,

lést sunnudaginn 31. janúar. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 9. febrúar kl. 15.00.

**Sólveig Stígsdóttir Sæland**
**Ragnheiður Sæland Einarsdóttir** **Sigfús Jón Sigurðsson**
**Auður Sæland Einarsdóttir** **Engilbert Hafberg**
**Ásrún Sæland Einarsdóttir** **Jósef Kristjánsson**
**Stígur Sæland Einarsson** **Stine Einarsson**
**Katrín Sæland Einarsdóttir** **Haukur Geir Garðarsson**
**Björg G. Sæland Eiríksdóttir** **Eiríkur Guðmundsson**
**Sigríður M. Sæland Eiríksdóttir** **Ágúst Magnússon**
**afa- og langafabörn.**

---



*Móðir okkar og vinkona mín,*

**Ingibjörg Johannesen**

lést á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni föstudaginn 22. janúar. Bálförin hefur farið fram. Þökkum alla velvild í hennar garð, fyrr og síðar.

**Jón Á. Ásgeirsson**
**Halldóra Ásgeirsdóttir**
**Ingibjörg Ásgeirsdóttir**
**Eiríkur Bjarnason**

---

VAKA, FÉLAG LÝÐRÆÐISSINNAÐRA STÚDENTA: ER 75 ÁRA

# Hljóðlátari kosningabarátta heldur en fyrir 35 árum

Vaka, félag lýðræðissinnaðra stúdenta, var stofnað 4. febrúar árið 1935 og er því 75 ára. Félagið er jafnframt elsta starfandi hagsmunafélag við Háskóla Íslands. Núverandi formaður Vöku er Sigrún Ingibjörg Gísladóttir laganemi, en móðir hennar, Berglind Ásgeirsdóttir, gegndi formannsstarfi Vöku fyrir 32 árum. Hún var jafnframt fyrsta konan til að gegna því starfi. Kosningar til háskólaráðs og Stúdentaráðs fóru fram í síðustu viku og Sigrún segir að í kosningabaráttunni sé margt breytt frá því móðir hennar var í Háskólanum.

„Mamma mætti á kosningamiðstöðina í vikunni og við bárum saman bækur okkar. Hún skildi ekkert af hverju það var svona hljótt í kosningamiðstöðinni enda snérist kosningabaráttan á hennar tíma um að sannfæra fólk í gegnum síma. Nú voru allir auðvitað í tölvunni að reyna að hala inn atkvæðum, á Facebook og með tölvupósti. Þannig að baráttan er mun hljóðlátari en hún var,“ segir Sigrún. „Þótt áherslurnar í starfi stúdentaráðs hafi að sjálfsögðu breyst í tímans rás þá finnst mér samt áberandi að fólkið sem hefur starfað fyrir Vöku, hvort sem er fyrir tugum ára eða nýlega, virðist vera á svolítið svipaðri bylgjulengd. Þetta er oftar en ekki drifmikið og kraftmikið fólk sem hefur gaman af lífinu, með löngun til að breyta umhverfinu til hins betra. Einnig virðast gamlir Vökuliðar alltaf bera sterkar taugar til félagsins. Þykir jafnvel svolítið vænt um það,“ segir Sigrún.

Hlutverk Vöku er fyrst og fremst að berjast fyrir stúdenta að sögn Sigrúnar, þar sem lánasjóðsmálin og menntamál Háskólans eru eitt af mikilvægustu málunum. „Við höfum alltaf haldið í þá stefnu að Stúdentaráð sé í hagsmunabaráttu og höfum lagt áherslu á að stjórn Stúdendaráðs vinni fyrir nemendur en sé ekki í pólitík. Þótt það hafi alltaf verið mikilvægt að í Stúdentaráði sé öflugt fólk er það eflaust enn mikilvægara á tímum sem þessum og þá reynir líka á að reyna að finna hagkvæmar leiðir að markmiðunum. Til dæmis fengum við það í gegn að teknar voru upp sumarannir með því að sýna stjórnvöldum fram á að það væri hagkvæmara að hafa þær en ekki.“




**FORMENN MEÐ 32 ÁRA MILLIBILI** Berglind Ásgeirsdóttir, ráðuneytisstjóri í heilbrigðisráðuneytinu, og dóttir hennar, Sigrún Ingibjörg Gísladóttir, hafa báðar gegnt formannsstarfi Vöku. Berglind var jafnframt fyrsti kvenformaður félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Haldið var upp á afmæli Vöku á kosningavöku félagsins í síðustu viku. Síðar á árinu verður gefin út bók um 75 ára sögu Vöku sem er þá hugsað sem aðalafmælisverkefni félagsins.

**juliam@frettabladid.is**

---

†



*Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingigerður Steinþórsdóttir**

áður til heimilis í Langagerði 106,

lést á Droplaugarstöðum hinn 3. febrúar. Jarðarförin fer fram frá Bústaðakirkju þann 11. febrúar kl. 13.00.

**Jórunn Sigurbergsdóttir, Pálmi Ólafsson, barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†

*Æviminning*

Fréttablaðið býður nú upp á birtingu æviminninga á tímamótasíðum blaðsins.

**Hafið samband í síma 512 5490-512 5495 eða sendið fyrirspurnir á netfangið timamot@frettabladid.is**



Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



**LITLIR LYGARAR** er heitið á þessum sérstæðu og fornfálegu útvörpum eftir Bik Van der Pol. Nafnið er dregið út frá útvörpum sem notuð voru í Sovétríkjunum á sínum tíma og námu aðeins eina tíðni. Þau útvörp voru til á öllum heimilum og varð að hafa kveikt á þeim allan daginn.




FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447



Gólfhitakerfi
Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadrefing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is
Hringás ehf.

VINNUVÉLANÁMSKEIÐ
Nýtt námskeið
hefst 10. febrúar n.k.



Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving
UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414




Aðalbjörg Árnadóttir leikkona heldur mikið upp á gamla innrammaða ljósmynd sem hún fékk að gjöf. Myndin er af henni og vini hennar, Orra Hugin Ágústssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Faldi ljótu naglana með fallegum ljósmyndum

**Aðalbjörg Árnadóttir leikkona heldur mikið upp á gamla ljósmynd af sér og æskuvini sínum. Ljósmyndin var útskriftargjöf frá gömlum fjölskylduvini og hangir nú uppi á vegg á heimili Aðalbjargar.**

Aðalbjörg Árnadóttir leikkona segir uppáhaldshlut sinn á heimilinu vera gamla innrammaða ljósmynd sem hún fékk að gjöf frá fjölskylduvini þegar hún útskrifaðist úr leiklistanámi. „Þetta er mynd af mér og Orra Hugin Ágústssyni, vini mínum, þegar við vorum sex ára gömul að leika í einhverju leikriti á Seyðisfirði. Mamma Orra Hugins gaf mér þessa mynd þegar við útskrifuðumst úr leiklistinni fyrir fimm árum síðan. Foreldrar okkar eru gamlir vinir og við Orri Huginn virðumst alltaf lenda aftur og aftur í því að leika í saman í sýningum,“ útskýrir Aðalbjörg.

„Ég flutti inn í íbúðina mína fyrir tveimur árum og myndin fór beint upp á vegg. Það er erfitt að negla í veggina vegna þess að þeir eru úr gipsi en það voru nokkrir naglar hér og þar frá fyrri eiganda íbúðarinnar og mér fannst tilvalið að fela þá með svona fínni mynd.“

Aðalbjörg leikur í uppsetningu Hafnarfjarðarleikhússins á leikverkinu Ufsagrýlur eftir Sjón og þar leikur hún einmitt á móti Orra Hugin. Aðalbjörg og Orri Huginn leika útrásarvíkingahjónin Jónínu Katrínu Árnadóttur Briem og Veigar Már Sigurjónsson, forstjóra Bankans hf. Rúnar Guðbrandsson leikstýrir verkinu og hljómsveitin Stilluppsteypa semur tónlistina. „Skáldið lýsti verkinu sem gamanleik í nýlegu blaðaviðtali. Þetta er mjög svartur gamanleikur og það mætti kannski segja að þetta sé óhugnanlega fyndið leikverk. Persónan sem ég leik er mikil pæja og þetta er í fyrsta sinn sem ég fæ að leika þannig hlutverk. Hingað til hef ég oft leikið hjartastórar, alvöru manneskjur sem mundu kannski frekar teljast til lúða en Jónína Katrín er aftur á móti svakaleg silíkonpæja. Mér finnst mjög gaman að leika hana og fá að vera með þessi brjóst,“ segir Aðalbjörg og hlær. *sara@frettabladid.is*


;ALLT Á FERÐINNI
**Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is - sími 512 5473
**Henný Árnadóttir** henny@365.is - sími 512 5427
**Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is - sími 512 5447

ENN MEIRI AFSLÁTTUR
ÚTSÖLULOK
Allt að 70% afsláttur af völdum vörum



10.000 kr. vöruúttekt
fylgir hverju heilsurúmi

Gaflar og náttborð
Skipti dýnur
Gólfmottur
Útlitsgallaðar dýnur
Lampar og loftljós
og margt fleira



Svefn & heilsa
Fyrst og fremst í heilsudýnum

3 mán. vaxtalausar greiðslur
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virkadaga frá 10.00-18.00 lau 12.00-16.00
www.svefn.is

# ;HEIMILI

**BEIKON** er oft erfitt að skera í bita þar sem það vill renna undan hnífnum. Gott ráð er að frysta beikonið og skera það svo, þannig verður allt miklu auðveldara.





Ljúffengar kleinur.

## Leiðrétting á kleinuuppskrfit

EITT KÍLÓ AF HVEITI VANTAÐI Í UPPSKRIFT AÐ KLEINUM SEM BIRT VAR Í MATARBLAÐI FRÉTTABLAÐSINS LAUGARDAGINN 6. FEBRÚAR

1 kg hveiti
300 g sykur
5 tsk. lyftiduft
2 tsk. hjartarsalt
2 msk. smjörlíki (eða 2 dl rjómi)
4 egg
Vanillu- eða kardimommudropar
Mjólk eftir þörfum.



Kleinurnar steiktar upp úr feiti.



Þessir hvítlökkuðu og viðarlituðu kertastjakar hafa farið eins og eldur í sinu undanfarið og myndir af þeim birst víða í tímaritum.



Snagana má einnig kaupa staka.



Ohokk Rack kallast snagar þessir. Litinn á kúlunum getur maður valið sjálfur og ráðið uppröðuninni. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Ævintýralega fagurt

**Danskt hönnunarteymi, Anne Heinsvig og Christian Uldall, hafa undanfarið vakið mikla athygli fyrir formfagra hluti, kertastjaka og snaga, þar sem hreint viðarútlit og fallegir litir mynda smekklega heild.**

Anne Heinsvig og Christian Uldall mynda hönnunarteymið Helgo og enn sem komið er geta Íslendingar einungis keypt vörur þeirra frá Danmörku. Anne er hins vegar mikill Íslandsvinur, kemur reglulega hingað til lands og er spennt fyrir því að koma vörum sínum í búðir hérlendis.

Kertastjakar og snagar Heinsvig og Uldall eru þeir hlutir sem hvað mest hafa vakið athygli í erlendum tímaritum undanfarið en hlutirnir eru unnir úr við sem stundum er málaður í glaðlegum og björtum pastellitum eins og bleikum, ljósbláum og fjólubláum en einnig í sterkari og meira afgerandi litum.

Snagana er bæði hægt að kaupa staka, í rekka en kertastjakarnir eru sérstaklega skemmtilegir fyrir skapandi huga þar sem þeir eru byggðir úr aðskildum bútum sem raða má saman á marga vegu.

*julia@frettabladid.is*



Á síðunni www.helgo.dk má finna alla línu Heinsvig og Uldall. Kertastjakana má setja saman eftir því hvernig hver og einn vill.


Rauðakrosshúsið

Allir velkomnir!

# Ókeypis námskeið og ráðgjöf

**Komdu! Við sækjumst eftir þínum félagsskap**

**Mánudagur 8. febrúar**

LOKAÐ.

**Þriðjudagur 9. febrúar**

Qi – Gong - Viðar H. Eiríksson kennir æfingar sem hjálpa fólki að afla, varðveita og dreifa orku um líkamann. Tími: 12.00-13.00.

Gönguhópur - Klæddu þig eftir veðri. Tími: 13.00 -14.00.

Prjónahópur – Lærðu að prjóna. Tími: 13.00 -15.00.

Hvernig stöndumst við álag – Hvað fær okkur til að pirrast og reiðast yfir smámunum? Tími: 13.30 -15.00.

Býflugurnar - Vinnum saman - Ný viðhorf - Vertu með í skapandi hópi atvinnuleitenda. Tími: 14.00-16.00.

Biblíufélag á Íslandi – Veistu að það er til? Við kynnumst starfi þess og ræðum það. Tími: 14.00 -15.00.

Félagsvinir atvinnuleitenda – Ertu atvinnuleitandi og langar til að auka möguleika þína? Tími: 15.00 -15.30.

Baujan sjálfstyrking – Fullt! Tími: 15.00 -17.00.

Skiptifatamarkaður - Barnaföt - Tími: 16.00 -18.00.

**Miðvikudagur 10. febrúar**

Ræktun - Mat- og kryddjurtir – Nú er tíminn fyrir forsáningu mat- og kryddjurta og ekki nauðsynlegt að hafa mikið pláss, stóran garð eða græna fingur. Tími: 12.30 -14.00.

Áhugasviðsgreining – Könnun og fagleg ráðgjöf. Skráning nauðsynleg. Tími: 13.00 -15.00.

Tölvuaðstoð - Persónuleg aðstoð. Komdu með fartölvu ef þú getur. Tími: 13.30-15.30.

Ráðgjöf fyrir innflytjendur– Sérsniðin lögfræðiráðgjöf og stuðningur við innflytjendur. Tími: 14.00 -16.00.

Briddsklúbbur - Hefur þú gaman af bridds? Alltaf langað til að læra bridds? Tími: 14.00-16.00.

Tálgunarnámskeið - Framhald en forvitnir byrjendur eru velkomnir. Tími: 14.30-15.00.

**Fimmtudagur 11. febrúar**

Fluguhnýtingar fyrir byrjendur – Kennd verður grunntæknin og byrjað á auðveldum atriðum. Skráning nauðsynleg. Tími: 12:00 -13.30.

Föndur - skrapp myndaalbúm – Lærðu að búa til skrautleg og skemmtileg albúm fyrir myndirnar þínar. Gott er að hafa skæri meðferðis. Tími: 12.00 -14.00.

Saumasmiðjan - Bættu og breyttu. Tími: 13.00-15.00.

Þýskuhópur - Vltu æfa þig í þýsku? Í þessari viku tölum við saman á þýsku um sjónvarpsþætti. Tími: 14.00-14.45.

Frönskuhópur – Viltu æfa þig að tala frönsku? Við tjáum okkur á frönsku og kennum hvert öðru einfaldar uppskriftir og matargerð. Tími: 15:00 -15.45.

Jóga - Viltu prófa jóga? Tími: 15.00-16.00.

**Föstudagur 12. febrúar**

Tölvuþrif og ókeypis vírusvarnarforrit - Er tölvan þín óhrein og með úrelta vírusvörn? Komdu með tölvuna ef þú getur og lærðu að þrífa hana og bæta vírusvarnirnar. Tími: 12.30 -13.30.

Gönguhópur - Klæddu þig eftir veðri. Tími: 12.30 -13.30.

Bingó – Veglegir vinningar í boði. Vöfflur með rjóma og heitt á könnunni. Tími: 14.00-15.00.

Hláturjóga - Viltu losa um spennu og fylla lífið af hlátri og gleði? Tími: 15.30-16.30.

Rauði kross Íslands
Rauðakrosshúsið

Borgartúni 25 | Reykjavík | Sími 570 4000 | raudakrosshusid@redcross.is | www.raudakrosshusid.is | Opið virka daga kl. 12-17



HITA KÚTAR

Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS



visir.is
"...ég sá það á vísi"


# Pressukönnur frá Stelton

**Margar skemmtilegar og formfagrar nýjungar eru komnar frá fyrirtækinu Stelton.**

Klaus RathNew hefur hannað gullfallega pressukönnu fyrir Stelton. Pressukannan er klædd í efni sem er í sömu litalínu og brauðpokarnir sem fengist hafa frá Stelton í nokkurn tíma. Áklæðið er hægt að fá í þremur litum, svörtu, rauðu og beislituðu, og má þvo það í þvottavél við þrjátíu gráður. Kannan sjálf er svo úr stáli og gleri og tekur einn lítra af kaffi.

Kannan fæst í Epal en þess má geta fyrir Stelton-aðdáendur að fleiri skemmtilegar nýjungar eru komnar frá fyrirtækinu, svo sem lítil espressóvél, sem gengur fyrir rafhlöðu og flöskuupptakari.

*- jma*




Rafstilling ehf

Startarar
Alternatorar

Viðgerðarþjónusta
Varahlutir

Flottar og ódýrar bílaperur

Heimilis LED perur
white og warm white

Dugguvogi 23 rafstilling@rafstilling.is 581-4991

FASTEIGNASALAN fasteign.is SÍMI 5 900 800
Ólafur B. Blöndal, löggiltur fasteignasali.

## SELTJARNARNES
### SÉRBÝLI ÓSKAST

Ég hef verið beðinn að óska eftir sérbýli til kaups á Seltjarnarnesi. Lágmarksstærð er 200 fm og verðhugmynd hámark 75 millj. Um er að ræða ákveðna kaupendur sem þegar hafa selt sína eign.

***STAÐGREIÐSLA Í BOÐI.***



**Allar nánari upplýsingar veitir Ólafur B Blöndal lgf. Gsm. 6-900-811**

# Til sölu Fiskislóð 73



1000m2 verslunar- iðnaðar- og þjónunstuhúsnæði
Þar af skrifstofur c.a. 200m2. Stórar innkeyrsludyr. 7m lofthæð í sölum. Góð athafnalóð og næg bílastæði. **Laust til afhendingar strax. Hagstæð lán til 25 ára áhvílandi.**

**Upplýsingar í S: 861 3889**



**Eignin hefur nánast öll verið gerð upp að innanverðu á síðustu árum.** MYND/ÚR EINKASAFNI

# Uppgert endaraðhús

**Fasteignasalan Miklaborg er með á skrá endaraðhús á einni hæð við Sæviðarsund 34 í Reykjavík.**

Húseignin hefur nánast öll verið endurnýjuð að innan á undanförnum árum, en henni fylgir meðal annars garður, verönd og heitur pottur til suðurs.

Komið er inn í flísalagða forstofu með skápum. Snyrtingin er flísalögð og með handklæðaofni. Herbergin eru fjögur samkvæmt teikningu, en eru þrjú í dag og eru þau öll flísalögð og með skápum. Frá hjónaherbergi er útgengt á pall. Arinstofa er með reisulegum arni, mikilli loftæð, flísalögðu gólfi og með gluggum við þak. Stofa og borðstofa eru samliggjandi ásamt eldhúsi og mynda eitt parket- og flísalagt rými. Frá borðstofu er útgengt í garð. Eldhús er með viðarinnréttingu og inn af því er þvottahús með innréttingu og bakútgengi.

Parket er gegnheilt og innfelld halógenlýsing er í lofti.

heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson lögg. fasteignasali



Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali



Andri Sigurðsson lögg. leigumiðlari

Sími 530 6500
Opið mán.–fös. frá kl. 9-17
Finnbogi Hilmarsson og Bogi Pétursson löggiltir fasteignasalar

Vantar eignir á söluskrá



**Rauðalækur.**
Falleg og mikið endurnýju 3ja herbergja ca 85 fm íbúð með sérinngangi. Tvö rúmgóð herbergi og björt stofa og eldhús. Íbúðin hefur nánast öll verið endurnýjuð sl ár. V. 21,0 m.



**Fjóluhlið - aukaíbúð.**
Fallegt vandað 260 fm einbýlishús með aukaíbúð á jarðhæð. Fallegur bakgarður með stórum afgirtum sólpallii.



**Vallarhús - raðhús.**
Mjög fallegt 4ra herbergja raðhús á eftirsóttum, barnvænum og fallegum stað í Grafarvoginum.



**Hjarðarhagi - 3ja herb.**
Mjög rúgmóð 91,8 fm 3ja herbergja íbúð á 1. hæð í fallegu 5 hæða endurnýjuðu fjölbýlishúsi á frábærum stað í Vesturbænum. Verð 23,5 millj.



**Tjarnarmýri 170 Seltj.**
Mög falleg og vel skipulögð 2ja herbergja íbúð ásamt stæði í bílageymslu á eftirsóttum stað á Seltjarnarnesi.



**Hólmatún.**
Vel skipulagt og einstaklega vel staðsett um 200 fm einbýlishús. Fjögur rúmgóð svefnherbergi. Glæsilegt sjávarútsýni. V. 46,0 m.



**Hraunbær.**
Mikið endurnýjuð 4ra herbergja íbúð. Björt suðurstofa með glæsilegu útsýni af svölum. Hús að mestu klætt. V. 21,5 m. .



**Gullengi**
Vel skipulögð og rúmgóð 3ja herbergja endaíbúð á jarðhæð með hellulagðri verönd. Sameiginlegur bílskúr í eigu stigagangsins. Húsið nýlega málað að utan. V. 19,9 m.



**Kastalagerði.**
Fallegt mikið endurnýjað einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. V. 49,5 m.



**Eyktarás.**
Vandað mikið endurbætt 275 fm einbýli á rólegum stað. Fallegur garður með verönd og mikið útsýni af svölum. Makaskipti.



**Hólmvað.**
Ný fullbúin 160 fm sérhæð , þrjú svefnherbergi, sérgarður, verönd og svalir til suðvestur Áhv. 25 m frá Íls.



**Suðursalir.**
Vandað 270 fm parhús. 5 svefnherbergi og stórar bjartar stofur.Stór garður með stórum sólpalli.



**Arnarsmári.**
Góð vel skipulögð 90 fm, 3ja herb. endaíbúð á 3. hæð í litlu fjölbýli. Mikið útsýni. V. 23,9 m.



**Hjallavegur**
Góð 110 fm 4ra herbergja efri sérhæð í tvíbýlishúsi. Öll skipti skoðuð á eignum á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni þess ásamt sumarhúsum og bílum.

**Heimili Fasteignasala • Skipholt 29a • Sími: 530 6500 • www.heimili.is**

# FASTEIGNA-MARKAÐURINN

## ÓÐINSGÖTU 4

SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI ÓSKAST Í HAFNARFIRÐI

VANTAR 250-300 FM SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI Í MIÐBÆ HAFNARFJARÐAR T.D. OFARLEGA Í VERSLUNARMIÐSTÖÐINNI FIRÐI EÐA Í GÖMLU VIRÐULEGU STEINHÚSI.

### ÓSKUM EFTIR SUMARBÚSTAÐ Í KIÐJABERGI, GRÍMSNESI.

ÓSKUM EFTIR GÓÐUM SUMARBÚSTAÐ/HEILSÁRSHÚSI Í KIÐJABERGI, GRÍMSNESI.
STAÐGREIÐSLA Í BOÐI FYRIR RÉTTA EIGN.




### Laufásvegur.

Glæsilegt 326,9 fm einbýlishús á þessum eftirsótta stað í Þingholtunum. Húsið hefur verið mikið endurnýjað á vandaðan og smekklegan hátt. Eignin skiptist m.a. í þrjár samliggjandi stofur, stórt eldhús með nýlegri innréttingu, þrjú rúmgóð svefnherbergi og endurnýjað baðherbergi auk séríbúðar í kjallara. Gólefni eru að stórum hluta nýleg og aukin lofthæð er á efri hæðum. **Húsið stendur á 527 fm gróinni lóð með viðar- og hellulögðum veröndum og skjólveggjum. Skipti möguleg á góðri sérhæð í miðborginni.**



### Viðarás.

Fallegt og nýlegt einlyft 172,5 fm raðhús að meðtöldum 28,2 fm bílskúr í Selásnum. Stórt eldhús með innréttingu úr kirsuberjaviði og vönduðum tækjum, rúmgóðar stofur þar sem gert er ráð fyrir arni og 4 herbergi. Hiti er í gólfum í hluta hússins. Geymsla innaf bílskúr. Útgangur á verönd til austurs, suðurs og vesturs úr stofum og eldhúsi. <B>Verð 44,9 millj.<BL>



### Digranesvegur-Kópavogi. Neðri sérhæð

5 herb. 112,5 fm neðri sérhæð. Hæðin skiptist m.a. í stofu með útg. á svalir til suðurs og vesturs, eldhús með þvottaherb. innaf og 4 herbergi. Glæsilegt útsýni úr stofu og af svölum yfir Kópavoginn, að Reykjanesi og að Bláfjöllum. Bílskúrsréttur. **Hús nýlega viðgert og málað að utan.Verð 24,9 millj.**



### Strandvegur-Sjálandi Garðabæ. Útsýnisíbúð.

Glæsileg og vel innréttuð 116,0 fm. 4ra herb. íbúð með sér garði á fallegum útsýnisstað í Sjálandinu. Samliggjandi stofur og 3 svefnherb. Stór eyja í eldhúsi, miklar innréttingar á baðherbergi og fataherb. innaf hjónaherb. **Sér um 60 fm verönd fylgir íbúðinni. Sér stæði í bílageymslu. Verð 29,9 millj.**



### Aratún-Garðabæ.

Glæsilegt 179,4 fm einlyft einbýlishús að meðt. 30,1 fm bílskúr á þessum gróna stað í Garðabænum. Eignin hefur verið mikið endurnýjuð m.a. gólfefni, eldhús, baðherbergi og gler að hluta. Björt stofa með útgangi í sólstofu, fallegt eldhús með vönduðum tækjum og 4 herbergi. Stór viðarverönd, yfirbyggð að hluta. **Hús nýlega málað að utan. Verð 59,9 millj.**



### Þorragata-eldri borgarar.

101,6 fm íbúð á 2. hæð auk 6,5 fm geymslu. Stór og björt stofa, sjónvarpsherb., hjónaherbergi með góðu skápaplássi og opið eldhús í stofu. Þvottaherb. innan íbúðar. Svalir til suðurs. Gott útsýni. **Stæði í bílageymslu og innangengt í þjónustumiðstöð. Verðtilboð.**



### Skúlagata-útsýnisíbúð

Falleg og vel skipulögð 63,6 fm útsýnisíbúð með sér stæði í bílageymslu fyrir 60 ára og eldri. Yfirbyggðar opnanlegar svalir til vesturs. Gríðarlegt útsýni til vesturs yfir borgina og að Snæfellsjökli. **Þvottaherb./geymsla innan íbúðar. Verð 21,3 millj.**

### KRINGLAN SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI TIL LEIGU.

Til leigu um 540 fm glæsileg skrifstofuhæð á 5. hæð við Kringluna. Hæðin var öll standsett fyrir nokkrum árum. Vel hugsað fyrir öllum lögnum. Fjölbreyttir nýtingarmöguleikar. Allar nánari uppl. á skrifstofu.




### Við Meðalfellsvatn. Einstök staðsetning. Til sölu eða leigu.

Tvær fasteignir á sömu lóð við Meðalfellsvatn í Kjósahreppi. Annars vegar er um að ræða nýlegt 235,2 fm einbýlishús auk 34,6 fm sérstæðs bílskúrs, byggt árið 2007 og innréttað á afar vandaðan og smekklegan hátt með innréttingum úr ljósum viði. Hins vegar er um að ræða 54,6 fm eldri sumarbústað, byggðan árið 1965. **EIGNIRNAR ERU AFAR VEL STAÐSETTAR, Á VATNSBAKKA MEÐALFELLSVATNS. STÓRKOSTLEGT ÚTSÝNI YFIR VATNTIÐ OG FJALLAHRINGINN. EINKAVEGUR LIGGUR AÐ EIGNUNUM. Nánari uppl. á skrifstofu.**



### Skólabraut- Seltjarnarnesi. Eldri borgarar

Glæsileg 2ja herb. 74,2 fm íbúð á efstu hæð (3. hæð) í lyftuhúsi fyrir 60 ára og eldri auk 4,6 fm sér geymslu á hæðinni. Af svölum og úr stofu er mikið útsýni yfir borgina, út á sjóinn og að Reykjanesi. Í húsinu er rekin þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara af Seltjarnarnesbæ. **LAUS TIL AFHENDINGAR STRAX. Verð 21,9 millj.**



### Bakkagerði.

Fallegt og vel skipulagt um 147 fm einbýlishús sem er kjallari, hæð og ris á þessum eftirsótta stað. 2ja herb. aukaíbúð er í risi. Hús að utan nýlega málað og gler endurnýjað að stórum hluta. **Bílskúrsréttur. Verð 34,9 millj.**



### Leiðhamrar.

280,9 fm tvílyft einbýlishús að meðt. 60,9 fm bílskúr sem skiptist m.a. í eldhús, stofu/borðstofu, 4 svefnherbergi, sjónvarpsstofu með arni og 2 baðherbergi. Stórar svalir úr stofu og eldhúsi. **Húsið er mjög vel staðsett við óbyggt svæði og nýtur mikils útsýnis frá húsinu yfir sundin og Esjuna. 1.064 fm ræktuð lóð með timburverönd og heitum potti. Verð 79,0 millj.**



### Vesturgata-eldri borgarar. 2ja herb.

68,9 fm íbúð á 3. hæð auk 8,1 fm sér geymslu í húsi eldri borgara við Vesturgötu. Þjónustumiðstöð á vegum Reykjavíkurborgar auk sameiginl. matsalar og mötuneytis. **Laus til afh. strax. Verð 22,5 millj.**



### Freyjugata.

Endurnýjuð 51 fm 2ja herb. íbúð með sérinngangi á þessum frábæra stað í Þingholtunum. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, eldhús með vandaðri innréttingu, rúmgott svefnherbergi, stofu og baðherbergi. Aukin lofthæð. Hús nýmálað að utan og gler og þak endurnýjað. **Íbúðin er laus til afhendingar strax. Verð 13,9 millj.**



### Hringbraut.

Fallegt og mikið endurnýjað 118,7 fm parhús sem er kjallari og tvær hæðir. Á aðalhæð eru forstofa, hol, endurnýjað eldhús. Á efri hæð eru stofa með fallegum arni, 1 herbergi og baðherbergi og í kjallara eru forstofa, 2 herbergi, snyrting og þvottaherbergi. Bílskúr nýttur í dag sem skrifstofa/vinnustofa. Tvö bílastæði fyrir framan bílskúr. **Stór gróinn suður bakgarður. Verð 29,9 millj.**



### Miðbraut-Seltjarnarnesi. Efri sérhæð

Glæsileg 139,7 fm efri sérhæð ásamt tvöf. jeppaskúr. Hæðin skiptist í hol með miklum skápum, rúmgott eldhús með nýrri innréttingu, bjartar samliggjandi stofur, 3 góð herbergi og baðherbergi. Flísalagðar svalir til suðurs og vesturs. **Glæsilegt útsýni að Snæfellsjökli, Reykjanesi og til sjávar. Ræktuð lóð með skjólgóðri verönd. Verð 45,9 millj.**



### Sóleyjargata.

Efri hæð og ris í tvíbýlishúsi á þessum eftirsótta stað í miðborginni. Á hæðinni eru m.a. þrjár samliggjandi stofur, eldhús og gesta snyrting. Í risi eru 3-4 herbergi og baðherbergi auk geymsluriss. Svalir út af borðstofu í suður. Gott útsýni er úr risinu m.a. yfir háskólasvæðið. **Falleg ræktuð lóð með háum trjám. Laus til afhendingar strax.**



### Lundarbrekka-Kóp. 3ja herb.

Falleg 96,4 fm 3ja herb. íbúð á 2. hæð með sérinngangi af svölum. Eldhús er allt endurnýjað. Stór stofa með útgangi á suðursvalir. Sameiginl. þvottaherb. á hæðinni. **Sérmerkt bílastæði á lóð. Verð 19,5 millj.**



### Guðrúnargata. 2ja herb.

Falleg og mikið endurnýjuð 65,0 fm íbúð í kjallara í góðu steinhúsi í Norðurmýrinni. Íbúðin skiptist í rúmgóða og bjarta stofu, eldhús með fallegum hvítum innréttingum, rúmgott svefnherbergi og endurnýjað baðherbergi. **Laus fljótega. Verð 15,5 millj.**



### Framnesvegur. 3ja herb.

Björt og falleg 73,6 fm íbúð á 2. hæð í 6 íbúða steinhúsi í vesturbænum auk sér geymslu. Bjartar samliggjandi stofur og eitt svefnherbergi. **Falleg eldri innrétting í eldhúsi. Verð 16,9 millj.**



### Norðurbrú-Sjálandi Garðabæ. 2ja herb.

Falleg 70,3 fm 2ja herb. íbúð á jarðhæð að meðtaldri 7,3 fm sér geymslu við hlið íbúðar. Allar innréttingar og innihurðir eru úr eik. Eikarparket á gólfum. **Stór suðvesturverönd með skjólveggjum út af stofu. Verð 19,9 millj.**



### Lækjasmári-Kópavogi. 2ja herb

Falleg og björt 62,3 fm 2ja herb. íbúð á jarðhæð með sérinngangi. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, 1 svefnherbergi, stofu, eldhús með ljósri innréttingu og flísalagtð baðherbergi. Þvottaherbergi innan íbúðar. **Sér bílastæði. Verð 19,9 millj.**



### Aðalstræti. 2ja herb.

Falleg 49,2 fm 2ja herb. íbúð á 5. hæð, efstu, í hjarta borgarinnar. Góðar svalir til suðvesturs út af stofu. Útsýni. Þvottaherb./geymsla innan íbúðar. **Húsið var allt endurnýjað að utan 2009. Verð 22,9 millj.**

# Hvert stefnir þú?

# FRAMADAGAR 2010

## 10.FEBRÚAR Í HÁSKÓLABÍÓI



Ert þú að leita að sumarvinnu eða jafnvel framtíðarvinnu?
Vilt þú vita hvað þín menntun getur boðið þér uppá?

Framadagar verða haldnir miðvikudaginn 10. febrúar í Háskólabíói kl. 11 - 17.

Þar koma saman mörg af framsæknustu fyrirtækjum landsins sem hafa áhuga á **ÞÉR**! Markmiðið er að brúa bil háskólanema og fyrirtækja í landinu.

Lifandi tónlist, happdrætti, vel valdir örfyrirlesarar úr atvinnulífinu.

Þá er nú ekki úr vegi að mæta á Framadaga 2010 og taka þátt í þeirri uppbyggingu sem nú á sér stað í atvinnulífinu.

**Tækifæri fyrir þig að koma þér á framfæri.**

Ásamt fyrirtækjum verða:
Þekktir íslenskir tónlistarmenn, örfyrirlesarar á borð við

Jón Gerald Sullenberger   Gogoyoko   CCP
Hönnunarmiðstöð Íslands   og fleiri.

Veglegir vinningar verða dregnir í happdrætti.
Allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi!

www.framadagar.is

Erum á facebook : Framadagar 2010

ÁVARP FORMANNS

# Taktu skref fram á við

Framadagar verða haldnir á miðvikudaginn næstkomandi í sextánda sinn og er viðburður sem enginn háskólanemi ætti að láta framhjá sér fara. Með því að mæta á Framadaga aukast líkur nemenda á því að finna sumarstarf, framtíðarstarf og jafnvel styrki fyrir lokaverkefni sín og er þetta því kjörið tækifæri til þess að kynnast þeim fjölmörgu möguleikum sem nám þeirra býður upp á.

**SÖGUBROT**

Ef við lítum til baka þá hafa Íslendingar upplifað tímana tvenna. Á fjórða áratugnum þegar hlutabréfamarkaðir hrundu í Bandaríkjunum settu verndartollar og gjaldeyrishöft mark sitt á þjóðlíf Íslands. „Blessað stríðið“ leiddi svo að aukinni hagsæld og velferð með tilheyrandi atvinnuuppbyggingu.



**Árni Jón Pálsson, framkvæmdastjóri Framadaga 2010.**

Árið 1968 hrundi síldarstofninn og útflutningstekjur Íslendinga drógust saman um 45 prósent á tveimur árum, gengið hríðféll og mikið atvinnuleysi myndaðist. Íslendingar hófu því að virka jökulfljótin á Íslandi, byggja álverið í Straumsvík og skuttogaravæðingin hófst.

Árið 1983 lauk þessu hagvaxtarskeiði okkar og vandi sjávarútvegs kom í ljós. Verðbólgan náði 130 prósentum á haustmánuðum 1983 og hagvöxtur var borinn uppi með ofveiði og erlendum lántökum. Bankakerfið stóð á veikum stoðum, landsframleiðslan féll um þriðjung og fjórði hver maður var án atvinnu.

Það hefur sýnt sig að Íslendingar hafa alltaf stígið upp úr samdráttartímum sem þessum og er mikilvægt að við stöndum saman og styðjum við bakið á hvert öðru. Það er okkar hlutverk að koma hjólum atvinnulífsins af stað og mun það ekki vera hægt ef hver og einn situr í sínu horni og bölvar ástandinu sem nú ríkir.

Framadagar eru kjörinn vettvangur til þess að koma öll saman, hvetja hvert annað og kynna sér það sem hæst ber í atvinnulífinu.

Við leggjum áherslu á nýsköpun og tækifæri og trúi ég því að aukin samvinna sé okkar leiðarvísir að aukinni velferð.

Með því að taka frá 10. febrúar næstkomandi og mæta á Framadaga ertu að taka skref fram á við og stuðla að aukinni velferð okkar allra.

„Maður uppsker eins og maður sáir.“

*Árni Jón Pálsson, framkvæmdastjóri Framadaga 2010.*

● **STÆRSTU ALÞJÓÐLEGU STÚDENTAREKNU SAMTÖKIN**

Samtökin AIESEC veita ungu háskólafólki tækifæri til að öðlast haldbæra reynslu með námi sínu sem mun nýtast þeim bæði almennt í lífinu og einnig þegar komið er út í atvinnulífið. AIESEC býður upp á rúmlega 7.700 leiðtogastöður um allan heim og hefur 35.000 meðlimi í yfir 1.700 háskólum víðs vegar um heim. Ásamt því stuðla samtökin að yfir 5.500 starfaskiptum á ári fyrir stúdenta og nýútskrifaða, sem gefur þeim tækifæri á að búa erlendis og öðlast starfsreynslu á alþjóðlegum grundvelli.

Starfsemi AIESEC á Íslandi fer að mestu fram á höfuðborgarsvæðinu þar sem ýmsir atburðir eru skipulagðir yfir árið. Einnig má sækja um ýmsar ábyrgðarstöður, þar á meðal í stjórn háskólafélags AIESEC, landstjórn AIESEC, og stjórn Framadaganefndar. Meðlimir AIESEC geta sótt ráðstefnur erlendis og kynnst áhugaverðu fólki með ólík áhugamál og skoðanir en sameiginlegan áhuga á heimsmálum, stjórnun og leiðtogastarfi. Nánar á www.aiesec.org/iceland. Alþjóðleg heimasíða AIESEC: www.AIESEC.org. Póstfang AIESEC á Íslandi: AIESEC@hi.is.



vísir.is
"...ég sá það á vísi"

# Bjartsýnn á framtíðina

**Hugmyndaráðuneytið er grasrótarráðuneyti og samfélagsverkefni sem hóf störf í byrjun síðasta árs. Hlutverk þess er fyrst og fremst að stuðla að aukinni nýsköpun í landinu.**

Guðjón Már Guðjónsson, stofnandi Hugmyndaráðuneytisins, segir verkefnið vera vettvang fyrir hvern þann sem vilji koma hugmyndum sínum á framfæri. „Menn koma með hugmyndir og þær fara í ákveðið ferli. Við fáum menn til að koma með rök með og á móti hugmyndinni og þegar ákveðinn þungi er kominn á bak við hana þá er hún kynnt á vikulegum hópfundum þar sem frumkvöðlar, hugsuðir og aðrir fagmenn hittast og ræða saman. Á þessum fundum er tekin ákvörðun um niðurstöður og eru þær svo kynntar á Bylgjunni alla föstudagsmorgna. Málefnin sem rata inn eru af ólíkum toga og geta snúist um menntamál, skattamál og nýsköpun,“ útskýrir Guðjón Már, en bráðlega verður föstum fundum með ríkisstjórninni bætt við þar sem hugmyndirnar verða kynntar fyrir ráðamönnum þjóðarinnar.

Hugmyndirnar sem berast Hugmyndaráðuneytinu eru margvíslegar þó áherslan sé fyrst og fremst á nýsköpun. Guðjón Már segir að upphaflega hafi hópurinn ætlað sér að aðstoða smærri sprotafyrirtæki að athafna sig en að það hafi verið of erfitt fyrir svo smáan hóp að anna eftirspurninni og því hafi verið tekin ákvörðun um að hlúa heldur að stærri málum.

Aðspurður segir Guðjón Már að nýsköpun hér á landi standi bærilega og hefur hann sjálfur mikla trú á henni. „Það sem nýsköpun þarf á að halda er þrautseigja og þolinmæði í bland við annað. Íslendingar eru svolítið óþolinmóðir, en þolinmæði er ein af dyggðunum sem við ættum að læra að temja okkur frekar í framtíðinni. Þessi óþolinmæði var á meðal þess sem kom okkur í þessa erfiðu aðstöðu; við vildum vaxa of hratt, en það getur tekið allt að sjö ár að byggja upp verðmæti.“

Guðjón Már telur jafnframt að nýsköpun skipti miklu máli þegar kemur að því að afla aukins gjaldeyris fyrir landið. „Annað atriði sem skiptir miklu máli er að hlúa að atvinnuumhverfinu sjálfu og veita fyrirtækjum sem einbeita sér að útflutningi það starfsumhverfi sem þau þurfa í uppbyggingu. Ég er þó tiltölulega bjartsýnn og tel að Ísland eigi sér nokkuð bjarta framtíð ef uppbyggingin næstu þrjú árin gengur vel. En það þarf ákveðið hugrekki til að halda áfram að keyra í gegn þessar breytingar sem verið er að kalla á.“

Guðjón Már hvetur alla landsmenn til að kíkja á síðu Hugmyndaráðuneytisins og þannig taka þátt í uppbyggingunni, annað hvort með því að meta hugmyndir annarra eða koma fram með sínar eigin.

Síða Hugmyndaráðuneytisins er á slóðinni www.hugmyndaradunetid.is. *- sm*



**Guðjón Már Guðjónsson segir Hugmyndaráðuneytið vera ópólitískt samfélagsverkefni sem starfi með öllum, án hagsmuna.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Spennandi tímar í Hugmyndahúsinu

Í sumar ætlar Hugmyndahús Háskólanna að bjóða útskrifuðum háskólanemendum upp á störf við nýsköpun með samspili skapandi greina, tækni og vísinda. Kastljósinu er sérstaklega beint að þessum hóp til að sporna við atvinnuleysi þeirra á meðal og bjóða upp á spennandi valkost innan nýsköpunar sem og starfsreynslu.

Hugmyndahús Háskólanna starfar á grundvelli grasrótar þar sem hugmyndir fá stuðning og tækifæri til að vaxa og dafna. Í dag eru þar fjórtán sprotafyrirtæki með um fjörutíu manns í vinnu. Verkefni sumarsins hefur hlotið nafnið Útgerðin og mun öllum háskólum verða boðið að taka þátt en einnig verður leitað til atvinnulífsins. Fyrsti samstarfssamningurinn var undirritaður við Faxaflóahafnir sem lána húsnæði undir starfsemina og styðja þannig við uppbyggingu atvinnu- og byggðaþróun hafnarsvæðisins.

Verkefninu verður skipt í tvennt: sviðslistarými og frumkvöðlasmiðju. Framadagar eru fyrsta opinbera kynningin á verkefninu og vonast Hugmyndahúsið til að ná saman góðum hópi áhugasamra útskriftarnema sem hafa áhuga á að taka þátt í verkefninu. Með verkefninu vill Hugmyndahús Háskólanna gera það sem því fer best eða tengja saman ólíka aðila til góðra verka. Jafnframt er vonast til að sköpuð verði störf og fleiri aðilar fari í nýsköpun sem skapar meiri störf og breidd í atvinnustarfsemi þjóðarinnar.

*Bestu kveðjur,*
*Ingibjörg Gréta Gísladóttir,*
*framkvæmdastjóri hjá Hugmyndahúsi Háskólanna.*



**Hugmyndahús býður nýútskrifuðum háskólanemendum upp á störf við nýsköpun í sumar að sögn Ingibjargar.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Ritstjóri:** Árni Jón Pálsson | **Ábyrgðarmaður:** Anton Sigurður Sigríðarson | **Útgefandi:** AIESEC á Íslandi, Hjarðarhagi 2-6, s. 552 9932 | **Vefsíða:** www.framadagar.is | **Netfang:** framadagar2010@gmail.com | **Umsjónarmaður auglýsinga:** Bjarni Þór Sigurðsson bjarnithor@365.is s. 512 5471




**Þriðja úthlutun úr Orkurannsóknasjóði Landsvirkjunar fer fram á Framadögum, miðvikudaginn 10. febrúar, kl. 16.**

Veittir verða styrkir til nemenda í meistara- eða doktorsnámi og styrkir til rannsókna á sviði umhverfis- og orkumála.

Heildarupphæð styrkja er um 55 milljónir kr.

**Allir velkomnir.**

Landsvirkjun
Árangur fyrir alla

www.landsvirkjun.is

# Framadagar eru tækifæri fyrir alla

Fjórtán ár eru liðin síðan fyrstu Framadagar voru haldnir með það að leiðarljósi að brúa bil milli menntafólks og atvinnulífs. Árið 1995 mættu 34 fyrirtæki í fyrsta skipti undi nafni Framadaga í aðalbyggingu Háskóla Íslands og kynntu starfsemi sína fyrir metnaðarfullu námsfólki. Eftir einstaklega vel heppnaðan viðburð voru allir á einu máli um að þetta skyldi vera endurtekið. Framadagar hafa síðan verið haldnir á hverju ári og í ár verða þeir haldnir 10. febrúar í Háskólabíói.

Stefna Framadaga hefur lítið breyst á þessum tíma og í ár munu koma saman fyrirtæki úr öllum áttum atvinnulífsins, ásamt lifandi tónlist og örfyrirlestrum. Í ár verður lögð áhersla á nýsköpun og þau tækifæri sem myndast hafa á atvinnumarkaði. Bæði fyrirtækin og örfyrirlestrarnir taka mið af því. Örfyrirlesararnir koma alls staðar að úr atvinnulífinu og eiga það sameiginlegt að hafa nýtt sér nýsköpun og tækifæri til sóknar í atvinnulífi; þar má nefna fyrirtæki á borð við CCP, Gogoyoko og verkefnið CarbFix.

Markmið Framadaga er að sem flestir, óháð skóla eða námsbraut, njóti góðs af þeim. Framadagar eru frábær vettvangur fyrir fyrirtæki til þess að komast í persónuleg kynni við ungt og metnaðarfullt háskólafólk og tilvonandi starfskrafta sína.

Enginn vafi leikur á því að á Íslandi býr mikill mannauður. Er því kjörið tækifæri fyrir alla þá sem geta mætt að koma, kynna sig og kynnast því sem hæst ber í atvinnulífinu.

Tækifærin eru ykkar.



Framadagar eru frábær vettvangur fyrir fyrirtæki til að komast í persónuleg kynni við ungt og metnaðarfullt háskólafólk og tilvonandi starfskrafta sína.

# Binding koltvísýrings (CO2) í basalti

Ein mikilvægasta áskorun þessarar aldar er að ráðast í aðgerðir til að draga úr losun koltvísýrings (CO2) sem er ein þeirra lofttegunda sem valda gróðurhúsaáhrifum.

Verið er að prófa aðferðir til að fanga koltvísýring frá mismunandi uppsprettum og dæla honum djúpt niður í hentug berglög. Koltvísýringi, sem áður var bundinn í jarðlögum, er þannig skilað til baka í stað þess að losa hann út í andrúmsloftið. Þessa tækni vonast menn til að geta nýtt sem mótvægisaðgerð gegn gróðurhúsaáhrifum. Stefnt er að því að beisla þann koltvísýring (CO2) sem kemur upp úr jarðhitakerfi Hellisheiðarvirkjunar með því að dæla honum aftur niður í basaltjarðlög. Þar binst hann sem steindin kalsít í þúsundir ára.

Fjölþjóðlegt rannsóknarverkefni, CarbFix, var hleypt af stokkunum haustið 2007 til að takast á við þetta viðfangsefni og er áætlað það standi yfir í að minnsta kosti þrjú ár. Fulltrúar verkefnisins hafa farið víða til kynningar og hefur það öðlast alþjóðaathygli. Carbfix er áhugavert nýsköpunarverkefni sem Íslendingar ættu að kynna sér. Hólmfríður Sigurðardóttir verkefnastjóri flytur fyrirlestur um verkefnið á Framadögum.



Til stendur að beisla koltvísýring sem kemur úr jarðhitakerfi Hellisheiðarvirkjunar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

● **STARFASKIPTI** eru meðal þess sem AIESEC hefur upp á að bjóða og á hverju ári takast um 5.500 manns á við það krefjandi verkefni að búa og vinna í framandi landi. Störfin sem AIESEC hefur upp á að bjóða eru fjölbreytt og framboðið töluvert. Störfunum hefur verið skipt niður í fjögur svið til þess að einfalda leit að þeim og hjálpa fólki við að velja það sem tengist þeirra námi. Sviðin eru stjórnun, samfélagsaðstoð, tæknistörf og kennsla.

Árið 2009 tóku 8.532 nemar þátt í starfaskiptum á vegum AIESEC og búist er við að um 10.000 nemar fari í ár. Á Íslandi fóru ellefu nemar út í starfaskipti en í ár er áætlað að tuttugu taki þátt í starfaskiptum. Vinsælustu lönd starfaskipta eru Indland, Kína og Pólland. Síaukin alþjóðavæðing kallar á að fólk geti unnið þvert á menningarheima og til að öðlast þá færni eru starfaskipti erlendis góður kostur.







Gunnar Hólmsteinn Guðmundsson, framkvæmdastjóri CLARA, segist hafa fengið góð ráð víða að með því að ræða hugmyndir sínar við sem flesta.

# Jákvæðni í garð sprota

**Uppbygging sprotafyrirtækja er mikilvæg og nái fyrirtækin að vaxa og dafna geta þau skapað aukna atvinnu.**

**Í NÁVÍGI VIÐ SPROTAFRAMLEIÐSLU**

Matís er hlutafélag í eigu ríkisins sem styður uppbyggingu sprotafyrirtækja hér á landi. Fyrirtækið leggur mikla áherslu á hverskyns vöruþróun innan mataríðnaðarins og veitir meðal annars sprotafyrirtækjum tækniaðstoð og aðstöðu til að þróa vörur sínar. „Við fluttum í nýtt húsnæði hér í Reykjavík um áramótin en þar sem við getum nú veitt sprotum aðstöðu til að þróa vörur sínar. Hjá Matís starfa um hundrað manns víðs vegar á landinu sem gerir okkur kleift að vera í návígi við þá sem eru að framleiða vöruna," segir Sjöfn Sigurgísladóttir, forstjóri Matís.



Sjöfn Sigurgísladóttir, forstjóri Matís, segir mikilvægt að fólk hafi einhvern til að leita til með hugmyndir sínar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hún segir margar vörur sem nú eru á markaðnum hafa verið þróaðar með aðstoð Matís og má þar nefna rabarbarakaramellur og heitreyktan makríl. Að sögn Sjafnar er aukinn áhugi hér á landi fyrir möguleikum sprotafyrirtækja eftir hrunið. Einnig hafi borið á því í auknum mæli að verið sé að markaðssetja íslenska matvöru til ferðamanna.

Aðspurð segir Sjöfn mikilvægt að menn hafi einhvern til að leita til með hugmyndir sínar sem geti hjálpað þeim af stað. „Það skiptir einnig miklu máli að menn hafi úthald í að halda vinnunni áfram og þróa hugmyndina enn frekar. Í dag er hægt að fá mikla og góða aðstoð bæði hvað viðskiptaáætlun varðar og núna einnig aðstöðu, eins og hjá okkur, sem auðveldar fólki að halda vinnunni áfram."

**STARFSFÓLKIÐ ER ALLT**

„Skýrr er svolítið samsett fyrirtæki, annars vegar var þetta opinbert fyrirtæki sem stofnað var árið 1952 sem var einkavætt árið 1996. Við þetta fyrirtæki sameinuðust nokkur fyrrum sprotafyrirtæki, líkt og Eskil, Kögun og Landsteinar Strengur," útskýrir Stefán Hrafn Hagalín, markaðsstjóri Skýrr, en fyrirtækið er eitt hið framsæknasta á sviði upplýsingatækni hér á landi.



Stefán Hrafn Hagalín, markaðsstjóri Skýrr, segir starfsfólk sprotafyrirtækja vera þeirra mesti auður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Að sögn Stefáns Hrafns er það starfsfólkið sem skiptir mestu máli þegar kemur að rekstri sprotafyrirtækja og segir hann mikilvægt að hlúa að því. „Starfsfólkið er allt og mætti segja að allur auður fyrirtækisins fari heim á kvöldin, restin er bara skel því það er hægt að fá húsnæði, tölvur og hugbúnað hvar sem er. Níutíu prósent af rekstrarkostnaði þekkingarfyrirtækja fara beint í að greiða starfsfólki laun og hlúa að því."

**MIKIL VINNA AÐ BAKI**

CLARA er fyrirtæki sem hefur sérhæft sig í að afla upplýsinga um fyrirtæki á alheimsvefnum sem hægt er að nýta í áframhaldandi markaðsrannsóknir. Gunnar Hólmsteinn Guðmundsson, framkvæmdastjóri CLARA, segir fyrirtækið hafa dafnað á síðustu tveimur árum og hefur starfsmönnum þess fjölgað úr fjórum í tólf talsins. „Það sem CLARA gerir er að hjálpa fyrirtækjum að halda betur utan um það sem verið er að segja um þau á Netinu. Við notum til þess Vaktarann, vöru úr okkar smiðju, sem fer í gegnum öll blogg, spjallþræði, frétta- og Twittersíður og tekur svo saman allt það sem skrifað er um fyrirtækið."

Aðspurður segir Gunnar það hafa verið erfitt verk að koma fyrirtækinu á laggirnar en að það hafi hjálpað þeim mikið hvað fólk er almennt jákvætt gagnvart sprotafyrirtækjum. Hann segir jafnframt að sprotaheimurinn sé margfalt stærri en margir halda. „Hér er að finna ýmis samtök sem aðstoða sprotafyrirtæki við að koma sér af stað og má þar nefna Hugmyndaráðuneytið, Klak og Innovit. Það krefst mikillar vinnu að fá fyrirtækið til að dafna en það sem hefur hjálpað okkur mikið að mínu mati er hversu opnir við höfum verið með okkar hugmyndir. Við ræddum þær við hvern þann sem nennti að hlusta og þannig fengum við oft góð ráð frá fólki og betri yfirsýn á hvert við vildum stefna."

**GOTT VIÐSKIPTAMÓDEL MIKILVÆGT**

Orf Líftækni er hlutafélag sem var stofnað árið 2001 og hefur þróað nýstárlega aðferð fyrir framleiðslu á sérvirkum prótínum meðal annars fyrir læknisrannsóknir. Björn Lárus Örvar, framkvæmdastjóri Orf Líftækni, segir það hafa tekið nokkur ár að þróa þá tækni sem fyrirtækið byggir á. Samhliða þeirri tækniþróun var unnið hörðum höndum að viðskiptamódeli sem Björn Lárus telur engu síður mikilvægt. „Ég tel að við höfum náð að þróa gott viðskiptamódel og góða vöru sem skapar eftirspurn. Við höfum einnig passað upp á að vörurnar geti sótt inn á marga markaði, þannig að ef einhverjir virka tregir þá getum við alltaf sótt inn á aðra. Það er þó ekkert launungamál að heppni spilar einnig inn í, maður verður að komast í kynni við fjárfesta sem hafa trú á fyrirtækinu og við vorum vissulega mjög heppnir í þeim efnum."



Björn Lárus Örvar, framkvæmdastjóri Orf líftækni, segir mikilvægt að vera með gott viðskiptamódel frá upphafi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Björn Lárus segir einnig mikilvægt að fyrirtæki sem Orf Líftækni þrói tækni sem er að minnsta kosti jafn góð og annars staðar í heiminum. Hann segir að upphaflega hafi gengið erfiðlega að finna fjárfesta til að styðja við bakið á Orf Líftækni en telur að hugarfar manna hafi breyst í kjölfar hrunsins. „Við sem stofnuðum Orf komum úr erfðatæknigeiranum og okkur gekk fyrst erfiðlega að sannfæra fólk um að hugmynd okkar væri góð. Það gekk á ýmsu í upphafi og til að mynda réðum við ekkert við Excel töflur bankanna á þessum tíma. Ég held að hugarfar fólks hafi breyst verulega í kjölfar hruns þrátt fyrir að aðstæður manna hafi ef til vill ekki batnað."

- sg



# Örfyrirlestrar Framadaga

Fyrir Framadaga 2010 var ákveðið að þemað skyldi verða nýsköpun og nýting nýrra tækifæra á Íslandi. Í kjölfar falls bankakerfisins urðu stakkaskipti í íslensku atvinnulífi. Ein áhrifin voru að íslenskir háskólar fylltust af nýjum nemendum á allar mögulegar námsbrautir.

Örfyrirlestrar Framadaga eru hugsaðir til þess að fá ákveðna aðila, sem nýtt hafa sér þau nýju tækifæri sem skapast hafa, til að halda erindi á tímum uppbyggingar og nýsköpunar.

Þeir eru fulltrúar þeirra mörgu námssviða sem í boði eru í Háskólunum. Allir nemar ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi í dagskránni.

Þeir sem munu halda erindi eru höfundar Eve Online, CCP; Jón Gerald Sullenberger, Hólmfríður Sigurðardóttir verkefnastjóri Carb Fix, Gogoyoko, Gott val og Hönnunarmiðstöðin.

Allar nánari upplýsingar er að finna á www.framadagar.is.

**Hönnunarmiðstöðin tekur þátt í örfyrirlestrum Framadaga.**



**Höfundar Eve Online munu halda erindi.**



**● ÁNÆGJA MEÐ ÚTKOMUNA** Árið 2004 var gerð könnun í þeim tilgangi að athuga viðhorf nemenda til Framadaga.

Ýmislegt skemmtilegt kom í ljós og þess má geta að yfir þriðjungur þeirra sem mættu var ánægur með þær upplýsingar sem fengust frá fyrirtækjunum. Einnig kom fram að rúmur helmingur þátttakenda fékk betri hugmynd um hvernig menntun þeirra myndi nýtast í komandi framtíð.

Niðurstöður könnunarinnar sýndu að þátttakendur vildu helst að fyrirtækin kynntu starfssemi sína með beinum viðræðum við nemendur, dreifingu kynningarefnis, fyrirlestrum og þjálfun. En þetta er einmitt það sem Framadagar í ár snúast um.



**● HLJÓMSVEITIR** Á Framadögum munu nokkrar af betri hljómsveitum landsins halda uppi skemmtilegri stemningu yfir daginn og þar má nefna böndin Ourlives, Agent Fresco og Vicky. Nýliðarnir í Útidúr, sem lentu nýverið í þriðja sæti í keppninni Global Battle Of The Bands, munu einnig troða upp. Aðdáendahópur hljómsveitanna hefur farið ört vaxandi undanfarið og margt spennandi í vændum hjá þeim.

Tónlistarfyrirtækið Gogoyoko mun halda örfyrirlestur í hádeginu um starfsemi sína þar sem farið verður yfir hvernig fyrirtækið komst á fót og þau verkefni sem verið er að fást við í dag. Á staðnum verður einnig happdrætti þar sem í boði verða veglegir vinningar frá fyrirtækjum á borð við Þjóðleikhúsið, Arctic ferðir, Andersen & Lauth, Comfort snyrtistofu og Magadanshúsið. Dregnir verða út vinningar reglulega yfir daginn og þeir veglegustu í lok dags.












# Ný tækifæri

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins býður upp á fjölbreytt og skapandi nám. Í skólanum er hefðbundið framhaldsskólanám, iðnnám, stúdentsnám, flugnám, marmiðlunarnám, hljóðtækninám, diplómanám auk spennandi námskeiða fyrir almenning.

## Fagskólar Tækniskólans eru:

- Byggingatækniskólinn
- Endurmenntunarskólinn
- Fjölmenningarskólinn
- Flugskóli Íslands
- Hársnyrtiskólinn
- Hönnunar- og handverksskólinn
- Raftækniskólinn
- Tækniakademían
- Skipstjórnarskólinn
- Upplýsingatækniskólinn
- Véltækniskólinn

## Skrúfudagur Tækniskólans

**Tækniskólinn er með opið hús laugardaginn 27. febrúar frá kl. 12:00 - 16:00 og býður öllum áhugasömum í heimsókn.** Boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá, kynningar á náminu, sýningar nemenda og margt fleira. Nánari dagskrá verður kynnt á www.tskoli.is.

Kynntu þér málið á **www.tskoli.is**

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

# Tugir milljóna í styrki

Orkurannsóknarsjóður Landsvirkjunar veitir styrki fyrir 55 milljónir í ár. Annars vegar styrkir sjóðurinn verkefni til umhverfis og orkurannsókna og hins vegar veitir sjóðurinn námsstyrki.

„Þetta er í þriðja sinn sem úthlutað er úr sjóðnum og í fyrsta skipti sem úthlutað verður á Framadögum," útskýrir Óli Grétar Sveinsson, framkvæmdastjóri rannsókna hjá Landsvirkjun. Hann segir sjóðinn hafa styrkt margvísleg verkefni undanfarin ár og nefnir sem dæmi leiser mælingar á yfirborði jökla, verkefni á sviði jarðhitarannsókna á Kröflusvæðinu og einnig hefur sjóðurinn styrkt rannsóknir á urriðastofninum í Þingvallavatni.



**Námsstyrkirnir eru veittir þeim nemendum sem hafa staðið sig vel og eru á leið í framhaldsnám eða eru nú þegar í framhaldsnámi.**

Námsstyrkirnir eru veittir þeim nemendum sem hafa staðið sig vel og eru á leið í framhaldsnám eða eru nú þegar í framhaldsnámi. Þeir styrkir eru ekki háðir neinum framvinduskilum en þeir sem þiggja verkefnastyrkina þurfa að sýna fram á framvindu verkefnisins. Sjóðurinn hefur úr 55 milljónum að spila í ár og munu 10 milljónir verða veittar í námsstyrki og 45 milljónir í verkefnastyrki. Æskilegt er að umsækjendur verkefnisstyrkja leggi til 50 prósent í sjálfaflað fé en hver umsókn er metin fyrir sig.

Stjórn sjóðsins er skipuð einum aðila frá hverjum háskóla en stjórnarformaður sjóðsins er Sveinbjörn Björnsson fyrrverandi rektor Háskóla Íslands. Auk þess sitja tveir aðilar frá Landsvirkjun í stjórninni.

Fólk sendir inn tillögu að verkefnum á sviði umhverfis og orkurannsókna og er umsóknarformið að finna á vefsíðu Landsvirkjunar, www.landsvirkjun.is. *- rat*


Fermingarföt

Sérblað Fréttablaðsins

Kemur út fimmtudaginn 11. febrúar

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:

Hlynur Þór
• hlynurs@365.is
• sími 5125439





FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Kristín Halldórsdóttir, verkefnastjóri hjá Evrópumiðstöð Impru, segir að hér verði að ríkja samstaða eigi Ísland að geta rétt úr kútnum.**

# Samstaða er nauðsynleg

**Kristín Halldórsdóttir, verkefnastjóri hjá Evrópumiðstöð Impru, telur að samstaða verði að ríkja meðal manna eigi þjóðin að geta unnið sig úr þeirri lægð sem hún er í.**

„Það þarf að vera samstaða í því að endurreisa þjóðina og við þurfum að reyna að nýta þá krafta sem við eigum bæði í okkur sjálfum og í jörðinni. Einnig er mikilvægt að endurskoða þau gildi sem hér ríkja. Ég tel að ef við hefðum haft heiðarleikann meira í frammi þá hefðu sumir hlutir ef til vill ekki gerst. Heiðarleiki ætti að vera númer eitt í framtíðinni, bæði í viðskiptum og almennum samskiptum," segir Kristín, sem starfar sem verkefnastjóri hjá Impru. Impra er deild innan Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands sem veitir litlum og meðalstórum fyrirtækjum leiðsögn auk þess að vera vettvangur samstarfs íslenskra og erlendra frumkvöðla.

Aðspurð segir Kristín það vera samfélagslega ábyrgð fyrirtækja í landinu að styðja við ungt menntafólk sem komi út á vinnumarkaðinn, en bætir við að það geti reynst mörgum erfitt í þessu árferði. „Íslensk fyrirtæki ættu að gera það sem þau geta til að styðja við bakið á ungu menntafólki. Fólk og fyrirtæki hafa þó verið að draga saman seglin undanfarið sem gerir mörgum erfiðara um vik að styðja við þetta unga fólk. Ég tel þó mikilvægt að hlúa að mannauð og menntun í landinu því við megum alls ekki við því að missa ungt, menntað fólk úr landi og um leið alla þá þekkingu sem það býr yfir."

Hlutverk Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er meðal annars að hvetja til nýsköpunar og efla framgang nýrra hugmynda innan atvinnulífsins. Kristín segir Nýsköpunarmiðstöð gera mikið til að aðstoða frumkvöðla í landinu og segir mikilvægt að konur láti meira til sín taka á því sviði, en þær eru aðeins 25 prósent frumkvöðla. Í Noregi er þessi tala töluvert hærri eða um 40 prósent.

Kristín er bjartsýn á framtíðina og telur að með góðri samstöðu ætti þjóðin að ná að vinna sig upp úr þeim erfiðleikum sem hún býr við á næstu fjórum árum. „Við erum pínulítil miðað við önnur lönd en þrátt fyrir það höfum við alla burði til að vera þjóð meðal þjóða. Nú þurfum við bara að spýta í lófana og fá fólk til að treysta okkur aftur. Menn hafa spáð því að botninum sé náð og ég reikna með að við verðum komin á gott ról á ný eftir þrjú til fjögur ár." *- sm*

# Heiðarleiki skiptir miklu máli

JCI hreyfingin hefur lengi verið þekkt fyrir að byggja upp einstaklinga en Tryggvi Freyr Elínarson er meðlimur í JCI og jafnframt ráðgjafi hjá Góðu vali. Tryggvi heldur fyrirlestur á Framadögum um hvernig hægt er að fá sem mest út úr starfsviðtali.

Tryggvi segir að fæstir átti sig á að atvinnuviðtalið skipti oft meira máli en atvinnuumsóknin sjálf og þar skiptir allt máli, alveg frá því hvernig við klæðum okkur og upp í það hvað við segjum.

„Fólk er mjög oft upptekið af því hvernig það útbýr ferilskrána en gleymir því um leið hvað framkoman í atvinnuviðtalinu sjálfu skiptir miklu máli. Klæðaburður skiptir þar miklu máli og gott er að muna að auðveldara er að klæða sig niður þegar mætt er á staðinn með því að losa um bindið en þurfa að klóra sig úr því að mæta í joggingbuxum," segir Tryggvi.

„Mikilvægt er að mæta líka með fulla vasa af sjálfstrausti. Þar kemur líkamsbeiting líka sterkt inn en líkaminn segir oft miklu meira en fólk gerir sér grein fyrir," segir Tryggvi en hann kennir fólki einnig líkamsbeitingu sem getur kallað fram jákvæð viðbrögð hjá vinnuveitanda.

Ástæðuna fyrir því að fólk klúðrar atvinnuviðtali má þó oftar en ekki rekja til þess að fólk passar sig ekki að vera heiðarlegt. „Sannleikurinn er það sem gildir, því svo fær vinnuveitandinn kannski aðrar upplýsingar frá meðmælendum." Fyrirlestur Tryggva hefst í Háskólabíó klukkan 12.45. Áhugasamir geta skráð sig á www.framadagar.is *- jma*



**Auðvelt er að klúðra starfsviðtölum að sögn Tryggva Freys Elínarsonar leiðbeinanda hjá JCI. Hann heldur fyrirlestur um starfsviðtöl á Framadögum.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




Bergþóra Hrund Ólafsdóttir, mannauðsstjóri hjá Betware, segir fyrirtækið vilja góð tengsl við háskólaumhverfið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Tengsl við háskólana

„Nánast allt okkar starfsfólk er háskólamenntað og við viljum vera í góðum tengslum við háskólaumhverfið,“ útskýrir Bergþóra Hrund Ólafsdóttir, mannauðsstjóri hjá Betware, en fyrirtækið hefur tekið þátt í Framadögum í nokkur ár.

Betware sem er íslenskt hugbúnaðarfyrirtæki í leikjaiðnaðinum var stofnað út frá Margmiðlun árið 1997. Hjá því vinna um 100 manns, flestir hér á landi en fyrirtækið er með útibú í Póllandi, Danmörku, Kanada og á Spáni.

„Við sjáum um hugbúnað fyrir lottó og þjónustum ríkislottóin eins og Danske spil og lottóið á Spáni. Flestir okkar starfsmanna koma úr tölvunarfræði en við höfum líka ráðið inn iðntæknifræðinga, verkfræðinga og viðskiptafræðinga og einnig fólk með mastersgráðu í verkefnastjórnun. Eins hafa háskólanemar unnið verkefni hjá okkur, bæði stutt verkefni og lokaverkefnin sín og oft verið þá ráðnir í vinnu í framhaldinu.“

Spurð hvort fyrirtækið muni halda áfram þátttöku á Framadögum segir hún það öruggt. „Já, alveg tvímælalaust því þarna er væntanlegt starfsfólk. Við höfum góða reynslu af þátttökunni og viljum að nemendurnir kynnist fyrirtækinu og við nemendum.“

- rat



Erla Hrönn Diðriksdóttir, starfsmannastjóri hjá Actavis, segir starfsumsóknum alltaf fjölga eftir Framadaga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Tækifæri til kynninga

„Actavis hefur tekið þátt í Framadögum frá árinu 2001 enda teljum við mikilvægt að vera í góðum tengslum við háskólasamfélagið,“ úrskýrir Erla Hrönn Diðriksdóttir, starfsmannastjóri hjá Actavis, en um fimmtíu prósent starfsfólks Actavis eru háskólamenntuð. „Þarna gefst okkur gott tækifæri til þess að kynna fyrirtækið fyrir háskólanemum og við finnum alltaf fyrir fjölgun á starfsumsóknum í kjölfarið á Framadögum.“

Erla segir fyrirtækið hafa ráðið töluvert af fólki undanfarið og þá aðallega einstaklinga með raunvísinda-, lyfjafræði-, viðskiptafræði- og verkfræðimenntun. „Fólk leggur inn umsóknir hjá okkur í gegnum heimasíðuna okkar, bæði sumarstörf og framtíðarstörf og við förum alltaf í gegnum gagnagrunninn þegar við hefjum ráðningarferilinn. Við fáum einnig óskir um að koma að samstarfsverkefnum og höfum við reynt að verða að við þeim. Í fyrra fundum við reyndar fyrir mjög auknum áhuga á slíkri verkefnavinnu og því einblínum við nú á meistaranema. Það er alltaf gaman að sjá hvað kemur út úr þessum verkefnum.“

Erla segir ávinning fyrirtækisins mikinn af þátttöku í Framadögum og telur víst að Actavis taki áfram þátt. „Við munum að sjálfsögðu halda áfram eins og undanfarin níu ár.“

- rat

# Viljum vera sýnileg

„Við höfum tekið þátt í Framadögum í nokkur ár aðallega til að vera sýnileg á markaðnum og fá inn besta fólkið,“ segir Rögnvaldur Rögnvaldsson, markaðsstjóri hjá Deloitte. Deloitte er eitt af stærstu endurskoðunarskrifstofum landsins en það starfar undir alþjóðlegu merki Deloitte og í heildina vinna 168.000 sérfræðingar hjá fyrirtækinu í yfir 140 löndum. „Á Íslandi erum við um 210 manns. Höfuðstöðvarnar eru í Turninum og svo erum við með útibú um allt land. Við viljum nota Framadaga til að kynna okkur sem gott fyrirtæki og að hér sé gott að vinna.“



Rögnvaldur Rögnvaldsson, markaðsstjóri Deloitte, segir fyrirtækið vilja vera sýnilegt á markaðnum með þáttöku í Framadögum. MYND/BÁRA KRISTINSDÓTTIR

Rögnvaldur segir Framadaga gott tækifæri fyrir háskólanema að kynna sér möguleikana á atvinnumarkaði og eins fyrir fyrirtæki að kynna sína starfsemi. „Þarna koma mörg fyrirtæki fram og krakkarnir geta labbað á milli og leitað sér upplýsinga. Við hjá Deloitte höfum alltaf fengið mikið af fyrirspurnum en getum því miður ekki ráðið alla. Við geymum þó ferilskrárnar og ég veit mýmörg dæmi þess að við höfum ráðið einhvern inn sem hefur haft samband eftir Framadaga. Það eru mikið til viðskiptafræðingar á reikningsskilasviði sem við ráðum inn en svo erum við einnig í fjármálaráðgjöf og ráðum inn hagfræðinga, tölvunarfræðinga og lögfræðinga.“

Rögnvaldur segir fyrirtækinu berast margar fyrirspurnir í sambandi við verkefnavinnu innan þess og vel sé tekið í þær fyrirspurnir. „Við höfum unnið fjölmörg slík verkefni. Ég hef meðal annars verið að aðstoða krakka bæði í HÍ og HR og það er skemmtileg vinna. Við höfum einnig ráðið fólk inn í vinnu í framhaldi af slíkri verkefnavinnu.“

- rat




FLUGFÉLAG ÍSLANDS

REYKJAVÍK – FÆREYJAR
Flogið er tvisvar í viku milli Reykjavíkurflugvallar og Færeyja.

ATLANTIC AIRWAYS
VIÐ FLJÚGUM MEÐ ÞIG Á ÁFANGASTAÐ

atlantic.fo


Hagræddu í rekstrinum og skoðaðu
hentugra atvinnuhúsnæði
Ef starfsemin hefur breyst og þú þarft að færa þig um set skaltu hafa samband við Eik fasteignafélag
Eik fasteignafélag sérhæfir sig í rekstrarleigu atvinnuhúsnæðis. Á leiguskrá félagsins eru skrifstofu-, verslunar-, iðnaðar- og lagerhúsnæði sem og veitinga- og skemmtistaðir af ýmsum stærðum og gerðum. Með því að leita til Eikar fasteignafélags getur fyrirtækið þitt eflt eigin rekstur. Ef þú ert að leita þér að heppilegu atvinnuhúsnæði er Eik með lausnina fyrir þig.
Hafðu samband við sérfræðinga okkar í síma 590 2200.
EIK
FASTEIGNAFÉLAG
EIK FASTEIGNAFÉLAG HF | Sóltún 26 | 105 Reykjavík | 590 2200 | utleiga@eik.is | www.eik.is

MIKLABORG - ÖRUGG SALA - MIKLABORG - ÖRUGG SALA - MIKLABORG - ÖRUGG SALA

# FASTEIGNASALAN MIKLABORG

569-7000 | Síðumúli 13 | www.miklaborg.is



Óskar R. Harðarson hdl. og lögg. fasteignasali


Jason Guðmundsson hdl. og lögg. fasteignasali


Ragna S. Óskarsdóttir MBA Löggiltur fasteignasali,


Halldór Ingi Andrésson, lögg. fasteignasali


Jón Sigfús Sigurjónsson hdl. og lögg. fasteignasali


Hilmar Jónasson sölufulltrúi


Heimir H. Eðvarðsson sölufulltrúi


Elín Viðarsdóttir lögg. fasteignasali




## Sæviðarsund

Einstaklega glæsilegt endaraðhús
Allt endurnýjað. Arinn.
Þrjár stofur, þrjú herbergi, tvö baðh.
Heitur pottur og pallur
Suðurgarður.
Hús á einni hæð.

v. 55,0 m.



## Suðurmýri 40 a

**OPIÐ HÚS Mánudaginn 8. 2. 2010 kl. 17:00 til 18:00**

Glæsilegt tvílyft 181 fm parhús byggt árið 2000. Húsið er 154 fm á tveimur hæðum, 3 svefnherbergi, 2 baðherbergi, 2 stofur og sjónvarpshol, þvottahús
Góður suðurpallur og svalir út af hjónaherbergi
Vandaðar innréttingar, gólfefni og tæki
Fullbúinn 27 fm flísalagður bílskúr

v. 58,9 m.



### Hverafold

Stór 3ja herbergja
Endaíbúð
Gott skipulag
Fallegt útsýni
Stutt í þjónustu

v. 21 m.



### Langalína

Glæsileg 4ra herbergja íbúð
Rétt við sjóströnd
Hágæða innréttingar
Vandað hús
Frábært hverfi

v. 30,8 m.



### Dalaþing

Glæsileg 230 fm einbýli
3400 fm lóð, hús byggt 2002
Byggingarréttur fyrir hesthús
Útsýni yfir vatnið
Sveitasæla
Lækkað verð

v. 62,5 m.



### Jórusel

Gott 242 fm einbýlishús
Fimm góð svefnherbergi
Tvær stofur og sjónvarpshol
Stendur innst í botnlanga
Óbyggt svæði við húsið

v. 49,5 m.



### Laugarnesvegur

Björt og vel skipulögð 3ja herbergja 80 fm
Endaíbúð
Nýtt eldhús

v. 17,9 m.



### Klukkurimi

4ra herbergja
Stór pallur
Vandaðar innréttingar gólfefni og tæki
góð herbergi

v. 24,4 m.



### Aflagrandi

Einstaklega fallegt 214 fm raðhús
Endaraðhús
Innst í botnlanga
Sérlega vandað hús

v. 59 m.



### Aflagrandi

2ja herb, þjónustuíbúð
5. hæð í lyftublokk
Gott skipulag
Yfirbyggðar svalir

v. 20,3 m.



### Akurhvarf

Glæsileg 3ja herb. lyftublokk
frábært útsýni
Stæði í bílageymslu

v. 24,9 m.



### Sunnubraut

131 fm einbýlishús með bílskúr
Suðurhlíðar Kópavogs
Eignin þarfnast standsetningar
Óskað er eftir tilboði!

v. Tilboð



### Berjavellir

Öðruvísi 3ja herb 113 fm
Endaíbúð með sérinngangi
Glæsilega innréttuð
Engu hefur til sparað
Óskað er eftir tilboði

v. Tilboð



### Trönuhjalli

Falleg 60 fm 2ja herb
Íbúðin er á 1. hæð
Snyrtileg fjölbýli
Björt og falleg

v. 14,8 m.



### Grænlandsleið

Glæsileg neðri sérhæð
2-3 herbergja 83,0 fm.
Falleg íbúð
Óskað er eftir tilboði

v. Tilboð



### Gullengi

3ja 4ra herbergja íbúð
2h í litlu fjölbýli
Frábært útsýni
Gott skipulag

v. 24,9 m.



### Engjasel

Gott raðhús á góðu verði.
182,3 fm á þremur hæðum,
5 svefnherbergi.
Pallur fyrir fram húsið.

v. 33,9 m.



### Tröllakór - til leigu

Glæsileg 3ja herb
114 fm Íbúðin er á 2. hæð Rúmgóð
- vandaðar innréttingar
Hafðu samband og skoðaðu þessa

v. Tilboð



### Rauðamýri

Glæsileg íbúð
Efsta hæð
3ja herbergja
Tvennar svalir
GLÆSILEGT ÚTSÝNI

v. 22,7 m.



### Vesturgata

Einstaklingsíbúð
Frábær staður
Gott skipulag
Jarðhæð

v. 11,9 m.



### Merkjateigur

Einbýli á tveimur hæðum
Heildarstærð 170,2 fm
þar af aukaíbúð 53,7 fm
Gott verð
Þarfnast standsetningar



### Hjarðarhagi

Mjög falleg 3ja herbergja íbúð
3. hæð
Vinsæll staður
Fallegt útsýni

v. 21,9 m.



### Kambasel

Sérlega falleg og opin 4ra herbergja íbúð á annarri hæð
Örstutt er í grunnskóla

v. 22,9 m.

Stakfell | Grunnur að góðu lífi
Fasteignasala • Íbúðarhúsnæði • Skúlatún 2 • 105 Rvk

:: 535_1000

Þorlákur Ó. Einarsson
lögg. fasteignasali
stakfell.is

Þórhildur Sandholt
lögfr. og lögg. fast.sali
Fax 535 1009




**Vesturgata- Penthouse**
159 fm penthouse íbúð með óhindruðu sjávarútsýni. Íbúðin er á tveimur hæðum, sex herbergja þar af þrjú svefnherbergi, eldhús, tvær stofur og hol. Verð 39,5 millj
**OPIÐ HÚS Í DAG KL. 19-19.30**




**Bakkasel - Raðhús - skipti á minni eign**
264 fm tvílyft raðhús með kjallara í Seljahverfinu. 19,5 fm. bílskúr innif. í stærðinni. Skjólsæll og fallegur garður. Hitalagnir að húsi. Lækkað verð. 39.5 millj.
**OPIÐ HÚS 18-18.30 Í DAG**



**Ásakór 13-15 - Nýjar íbúðir**
3ja og 4ra herb. íbúðir í nýju lyftuhúsi. Íbúðir eru innréttaðar en án gólfefna nema bað og þvottah. sem er flísalagt. Stæði í bílskýli fylgir hluta íbúða. Stórar og góðar útsýnisíbúðir.



**Stórikriki - einbýlishús**
301,6 fm hús á einni hæð, þar af 46,8 fm bílskúr. Húsið er fokhelt. Í húsinu er gert ráð fyrir þremur barnah. auk hjónah. með sér bað- og fatah. Eldhús með eyju. Stór stofa.



**Kjarrhólmi - 4 herb**
90 fm íbúð á þriðju hæð. Íbúðin er parketlögð nema bað er flísalagt. Svefnherbergi rúmgóð. Þvottah. í íbúð. Verð 20,4 millj.



**Skaftahlíð - 4ra herb.**
119,0 fm íbúð + 30,1 fm bílskúr. Eignin skiptist í forstofu, gestasn., 3 svefnh.. Bað er endurgert og með tengi fyrir þ+þ. Tvennar svalir. Verðtilboð.



**Engjaþing - Nýjar 3ja og 4ra herb íbúðir**
Stórar og fallegar íbúðir með 40 fm bílskúrum </b> sem fylgja öllum íbúðum. Sérinngangar í allar íbúðir. K-gler. Hiti í plani og stigum. Granítsólbekkir. Innfelld halogenlýsing.



**Skeggjagata - hús með 2 íbúðum**
300 m2 húsið skiptis í tvær 98 fm 3ja herb. íbúðir. Auk 4ra íbúðarherb. til útleigu, þvottah. og bað í kjallara. Bílskúr. Verð 69 millj.



**Sjafnargata - einbýli- lækkað verð**
299,8 fm þar af 24,4 fm bílskúr, staðsett á 741,5 fm hornlóð. Húsið er í funkisstíl og er tvær hæðir auk kjallara Húsið og bílskúrinn þarfnast lagfæringa. Verð 59 millj



**Leiðhamrar-Parhús-Útsýni**
201 fm. tvílyft parhús ásamt 42,0 fm bílskúr á þessum vinsæla stað í Grafarvoginum. Húsið stendur við óbyggt svæði. Eignin skiptist í andyri, hol, eldhús, 4 herb., 2 baðh. og þvottah. Til suðvesturs er fallega ræktuð lóð. Verð 55 millj

**Eru með ákveðna kaupendur að einbýlishúsum í Þingholtinu.**

**Leitum að einbýli í litla Skerjafirði.**

**Höfum kaupendur að 2-3 herb íbúðum miðsvæðis í Rvk.**

**Leitum að lítilli íbúð í næsta nágrenni við Grund.**



**Fjarðarás - Einbýlishús**
265 fm tvílyft hús með innbyggðum bílskúr. Húsið er á veðursælum stað og með grónum garði. Sér íbúð á neðri hæð. Verð 58 millj.



**Akurbraut -Reykjanesbæ- eign í sérflokki**
365 fm glæslegt einbýlishús sem stendur á 1300 fm sjávarlóð. Sundlaugarhús með arni og gufubaði, heitur pottur úti á sólverönd. Stór 66 fm bílskúr. Verðtilboð.



**Vesturberg - endaraðhús**
213,7 fm endaraðhús, þar af 30,9 fm innbyggður bílskúr. Nýlega var eignin steinuð og pússuð að utan. Eignin er í grónu hverfi.



**Vallengi - 4ra herb**
100 fm íbúð á 2 hæð. með sér inngang og sér geymslu á stigapalli. Húsið er mjög snyrtilegt og klætt með viðhaldsfrírri klæðningu að utan. Íbúðin er laus til afhendingar.



**Þingholtsstræti - 2ja herb.**
65,7 fm flott íbúð sem skiptist í opið rými með stofu, eldhúsi og borðst., svefnh. og bað. Útsýnissvalir. Sameiginlegt þvottah. í kjallara. Húsið og sameign öll endurnýjuð



**Dunhagi - 5 herb.+ stúdíóíbúð m/sérinng.**
183 fm í Vesturbænum. Íbúðin er góð stofa og sér borðstofa. Búið að endurn. bað. Eldhús með hvítri fulningainnr. og nýlegum tækjum, 3 svefnh. Á jarðhæð er 26fm stúdíóíbúð með sérinngangi. Verð 29,9 millj. GÓÐ KAUP



**Lækjasmári - Lækkað verð**
288,7 fm hæð/ endaíbúð, þar af 26 fm stæði í bílageymslu. Um er að ræða 7 herb. snyrtilega eign. Öll gólfefni eru vönduð. Allar innréttingar eru sérsmíðaðar og með granít borðplötum. Sér inngangur og sér bílastæði við húsið.



**Haukdælabraut -Grafarholt. Nýbygging.**
209,4 fm einbýli í byggingu við Haukdælabraut við Reynisvatn. Húsið verður með innb. bílgeymslu og er staðsteypt. Skipti möguleg á minni eign.



**Skipasund - 3ja herb**
Mikið endurnýjuð 94 fm sérhæð í þríbýli. Plankaparket á gólfi. Ljós og rafmag er nýlegt, gervihnattadiskur fylgir íbúðinni. Skipti möguleg á íbúð á Selfossi.



**Bergstaðastræti - 3ja herb**
78,1 fm íbúð á 1. hæð (gengið upp nokkur þrep) Eignin skiptist í forstofu hol, tvö svefnherbergi, stofu, eldhús, baðherbergi og geymslu.



**Skipalón - 50 ára +**
Glæsileg 120 fm 3ja herbergja íbúð á annarri hæð í lyftuhúsi með stæði í bílageymslu. Sérsmíðaðar innréttingar með granít borðplötum. Tvö baðherbergi, eitt innaf hjónaherbergi.



**Möðrufell - 3ja herb**
78.1 fm íbúð á 4. hæð, Skiptist í hol, stofu með útgangi á svalir, tvö svefnherbergi, eldhús og bað. Verð 15.6 millj.



**Álfheimar - 2ja herb.**
62 fm íbúð á jarðhæð.Parket á gólfi. Góðar suðursvalir með þremur þrepum niður í garð. Eldhúsið með ljósri innréttingu. Bað flísalagt. Lækkað verð 14.9 millj



**Fagrabrekka - 2ja herb**
46,5 fm íbúð á rólegum stað í Kópavogi. Íbúðin skiptist í forstofu, eldhús, stofu, svefnh. og bað m/ tengi fyrir þvottavél . Köld útigeymsla. Verð 12.2 millj.

Stóreign
Fremri í atvinnufasteignum | S: 590 7600

Eignir óskast

Höfum kaupendur að atvinnuhúsnæði eða fasteignafélögum fyrir fjársterka fjárfesta.

Upplýsingar gefnar á skrifstofu Stóreignar.

Fasteignasala • Atvinnuhúsnæði •Skúlatún 2 • 105 Rvk

# Til sölu / Til leigu

## heildareignin á Naust-reitnum
## - Óskað er eftir tilboðum-











## Tækifæri til að tvinna saman ferðaþjónustu og íbúðaleigu

**Vesturgata 6-8**................ **707 fm**............. Eignin er innréttuð sem veitingahús í dag með öllum tilskyldum leyfum og búnaði. Hentar jafnframt undir t.d. verslun, kaffihús, skrifstofur og margt fleira.

**Vesturgata 10-10a**.......... **382 fm**..............Hentar vel undir skrifstofur, ferðaþjónustu, verslun o.fl.

**Tryggvagata 18** ..............**3.661 fm**.............24 vandaðar íbúðir sem henta vel til útleigu í skemmri eða lengri tíma.
**Heildarstærð samtals**.....**4.750 fm**

Eignin er með 4 aðskildum stigahúsum og 4 lyftum.
2 verslunar og þjónustueiningar á jarðhæð innifalið í fm fjölda.
Eign sem á sér ekki hliðstæðu á landinu. Hægt að sníða mjög vel að allri nútíma ferðaþjónustu. **Hagstæð lán til 30. ára.**

**Sjá www.t18.is**

***Til afhendingar strax.***

**Upplýsingar veitir Aron í síma: 861-3889 eða aronpk@gmail.com**

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**



**Einar Páll Kjærnested**
**lögg. fasteignasali.**
**einar@fastmos.is**

**KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081**
**WWW.FASTMOS.IS**

## Brekkutangi 8 - Mosfellsbær






254,0 m2 raðhús á þremur hæðum og bílskúr við Brekkutanga í Mosfellsbæ. Í húsinu eru 5 svefnherbergi. Miklir möguleikar fyrir stóra fjölskyldu. Einnig er mögulegt að gera aukaíbúð í kjallara. **Lækkað verð! V. 36,9 m.** 4588

**OPIÐ HÚS Í DAG MÁNUDAG FRÁ KL. 17:30 TIL 18:00 Í BREKKUTANGA 8.**

## Furubyggð 19 - Mosfellsbær






Fallegt 169,5 m2 parhús á einni hæð með bílskúr við Furubyggð 19 í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í forstofu, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, eldhús, borðstofu, stofu og sólstofu. Bílskúrinn er 27,4 m2 með geymslulofti. Þetta er mjög falleg eign í fallegu umhverfi. **V. 36,5 m.** 4819

**OPIÐ HÚS Í DAG MÁNUDAG FRÁ KL. 18:00 TIL 18:30 Í FURUBYGGÐ 19**



**Leirvogstunga - Einbýlishús**
Fallegt og vel skipulagt 198 m2 einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr við Leirvogstungu í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í skiptist í forstofu, hol, eldhús, stofu, borðstofu, tvö baðherbergi, fjögur svefnherbergi, geymslu, þvottahús og bílskúr. **V. 43,9 m.** 4814



**Skólabraut - Einbýlishús**
160,9 m2 einbýlishús með bílskúr á fallegum stað við Skólabraut í Mosfellsbæ. Frábær staðsetning! Stutt í skóla og alla þjónustu. Stór lóð með timburverönd og fallegu útsýni. **V. 39,2 m.** 4821



**Blikahöfði - 2ja herbergja**
Rúmgóð og björt 77 m2, 2ja herbergja íbúð með sérinngangi af svalagangi, á 3ju hæð við Blikahöfða 7 í Mosfellsbæ.
Íbúðin skiptist í forstofu, baðherbergi, rúmgott svefnherbergi, eldhús, stofu og borðstofu. Sérgeymsla á 1 hæð. Svalir í suðvestur með fallegu útsýni. **Eignin er laus til afhendingar! V. 16,9 m. 4795**



**Esjugrund - Kjalanes**
178,4 m2 einbýlishús með bílskúr á fallegri sjávarlóð við Esjugrund á Kjalarnesi. Í húsinu eru 4 svefnherbergi. Verönd og góður garður í suðvestur með gríðarmiklu útsýni yfir Faxaflóann og til Reykjavíkur. **Húsið er nýmálað að innan og laust til afhendingar! V. 32,5 m.** 4712



**Meðalfellsvegur - sumarb. og bátaskýli**
50,2 fm sumarbústaður ásamt bátaskýli rétt við Meðalfellsvatn í Kjós. Húsið stendur á 1.600 fm gróinni lóð á fallegum stað. Í húsinu er kalt vatn og rafmagn. Töluvert af innbúi fylgir með bústaðnum. Bústaðnum fylgir bátaskýli og bátur við Meðalfellsvatn. **Lækkað verð! V. 8,9 m.** 3760



**Bárugrandi - 3-4ra herbergja**
Falleg og björt 3-4ra herbergja íbúð á 3. hæð ásamt bílastæði í bílakjallara á fallegum stað við Bárugranda í Reykjavík. Íbúðin er skráð 86,6 m2 og bílastæði í lokuðum bílakjallara 24,1 m2. Frábær staðsetning stutt í alla þjónustu. Lækkað verð! V. 22,5 m. 4725



**Gullengi - 3ja herbergja**
Rúmgóð og falleg 84,9 fm, 3ja herbergja íbúð á 1. hæð í 3ja hæða fjölbýli ásamt stæði í bílskýli við Gullengi í Grafarvogi. Stórar svalir í suðurátt. **Lækkað verð! Eignin fæst á 20,5 milljónir - áhvílandi lán er ca. 19,8 milljónir.**



**Álfatún - Neðri sérhæð**
105,4 fm neðri sérhæð í tvíbýlishúsi með fallegu útsýni á mjög fallegum stað við Álfatún, neðst við Fossvogsdalinn. Íbúðin skiptist í forstofu, baðherbergi, þvottahús/geymslu, eldhús, þrjú svefnherbergi og stofu. **V. 24,9 m.** 4800



**Engihjalli - 2ja herbergja**
Björt og vel skipulögð 62,2 m2 2ja herbergja íbúð á 7. hæð í lyftublokk með fallegu útsýni við Engihjalla 17 í Kópavogi. Íbúðin skiptist í rúmgott svefnherbergi, baðherbergi, forstofuhol, stofu og eldhús. Sérgeymsla í kjallara og er sameiginlegt þvottahús á sömu hæð og íbúðin. **V. 14,4 m. 4713**

## Bugðulækur 14 - 105 Reykjavík






Mjög falleg 5 herbergja 119 m2 íbúð á efstu hæð í góðu fjölbýlishúsi við Bugðulæk 14 í Reykjavík. Íbúðin er mikið endurnýjuð m.a. öll gólfefni, eldhúsinnréttingar og tæki, baðherbergi, raflagnir og tafla, neysluvatnslagnir ofl. Góð eign á þessum eftirsótta stað í Laugarneshverfinu. **Eignin er laus til afhendingar! V. 29,9 m. 4766** **OPIÐ HÚS Á MORGUN ÞRIÐJUDAG FRÁ KL 17:00 TIL 18:00**

---

**FASTEIGNAKAUP**

**Ármúli 15 - Sími: 515 0500 - www.fasteignakaup.is**

**Erna Valsdóttir löggiltur fast., skipa og fyrirtækjasali – leigumiðlari.**

## Óskað eftir

**Einn af okkur ágætu viðskiptavinum var að selja raðhúsið sitt í hverfi 104 og leitar eftir að kaupa nýlega eða endurnýjaða u.þ.b. 100 fm íbúð á stór Reykjavíkursvæðinu.**



*Erna Valsdóttir*



*Sveinn Skúlason*



*Guðmundur Valtýsson*



**BUGÐULÆKUR**
4ra herbergja 100,9 fm íbúð auk 28,1 fm bílskúrs á annari hæð Alls 129 fm á þessum eftirsótta stað við Laugardalinn. **V. 31,5 millj.**



**GRETTISGATA**
140 fm 5 herbergja íbúð á þriðju hæð ásamt tveimur aukaherbergjum á fjórðu hæð í fjölbýlishúsi við Grettisgötu. **V. 33.9 millj.**



**HOLTSGATA**
5 herbergja 115,9 fm, eign, tvær hæðir og ris í nýlegu steinsteyptu húsi við Holtsgötu. **V. 35 millj.**



**KLAPPAKÓR**
3ja herbergja 88,1 fm sérhæð með miklu útsýni og bílskýli í Kópavogi. **V. 26,3 millj.**



**SÓLARSALIR**
4ra herbergja 135,3 fm endaíbúð á 2. hæð við Sólarsali í Kópavogi í fimm íbúða fjölbýli. Skipti möguleg á raðhúsi eða einbýli í Kópavogi. **V. 34,9 millj.**



**STANGARHOLT**
44,9 fm 2ja herbergja íbúð við Stangarholt í húsi byggðu 1986. **V. 15,9 millj.**



**ÞORLÁKSGEISLI**
83,4 fm 3ja herbergja íbúð með sérinngangi á 2. hæð ásamt 26,1 fm bílskúr. Alls 109,7 fm við Þorláksgeisla í Grafarholti. **V. 23,7 millj.**



**UNUFELL**
4ra herbergja 97,9 fm íbúð með yfirbyggðum svölum á fjórðu hæð í Breiðholti. **V. 19 millj.**



**BLÁHAMRAR**
65 fm 2ja herbergja útsýnisíbúð íbúð í lyftuhúsi, ásamt 25,8 fm stæði í lokaðri bílgeymslu í Hamrahverfi í Grafarvogi. Skipti á dýrari möguleg. **V. 17,9 millj.**



**BRÆÐRABORGARSTÍGUR**
2ja til 3ja herbergja 66,6 fm íbúð á annari hæð (efstu) á sérlega góðum stað í vesturbænum. **V. 18,5 millj.**



**NJÁLSGATA**
3ja herbergja 80.6 fm kjallaraíbúð með sérinngangi í 101. **V. 17,9 millj.**



**BOÐAGRANDI**
Glæsilega 127,7 fm 4ra herbergja ústsýnisíbúð ásamt bílskýli í nýlegu lyftuhúsi. **V. 38 millj.**



**HULDUBORGIR**
4ra herbergja 100,5 fm útsýnisíbúð með sérinngangi á 3ju hæð í Grafarvogi. **V. 25,5 millj.**



**SMÁRARIMI**
4ra herbergja 149,5 fm einbýlishús með bílsúr, við Smárarima í Grafarvogi. **V. 49 millj.**

---

**HÖFÐI**

**Suðurlandsbraut 20**
**Simi 533 6050**
**Faxnr. 533-6055**
**www.hofdi.is**

**Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast. - Kristín Pétursdóttir, lögg. fast. Ásmundur Skeggjason lögg. fast.**

## Asparfell 3ja herb. m/bílskúr.

Hagstætt verð, auðveld kaup. Falleg og vel skipulögð 93,6 fm 3ja herb. íbúð á 4. hæð í lyftuhúsi sem búið er að klæða að utan. Íbúðinni fylgir 25,5 fm bílskúr. Áhv. Íbúðalsj. um 16,3 millj. **Verð aðeins 19,3 millj.**
**Upplýsingar veitir Runólfur á Höfða gsm. 892 7798. Sjá myndir á www.fasteignir.is**




## Selvogsgata 4 Hafn - Opið hús í dag kl. 17-18

Glæsilegt, mikið endurnýjað, þriggja hæða 145 fm einbýli á eftirsóttum stað nálægt miðbæ Hafnarfjarðar, ásamt geymsluskúr sem skráður er 24,7 fm skv. FMR, samtals 169,7 fm. Góð aðkoma. Sólpallur og garður í góðri rækt, heitur pottur. Stutt í margvíslega þjónustu. Sjón er sögu ríkar. **Verð 41,9 millj. Fleiri myndir á www.fasteignir.is Nánari upplýsingr veitir Runólfur á Höfða gsm. 892 7798. Húsið er til sýnis í dag kl. 17-18.**



## Gnoðarvogur 3ja herb.

Vinaleg og snyrtileg 3ja herb. 70,4 fm. íbúð í fjölbýlishúsi. Stutt í skóla og aðra þjónustu. Parket á gólfum og nýleg eldhúsinnrétting. Áhv. húsnæðislán kr. 13,4 milllj. **Verð 16,9 millj. Upplýsingar veitir Runólfur á Höfða gsm. 892 7798. Fleiri myndir á www.fasteignir.is**



## Ennishvarf 7 Kópavogi

Vorum að fá í sölu þetta glæsilega 220 fm einbýlishús sem er á einni hæð með tvöföldum bílskúr. Parket og flísar eru á gólfum. Glæsilegar innréttingar**. Verð 67 millj. Allar nánari upplýsingar veitir Ásmundur Skeggjason hjá Höfða S:895 3000.- Fleiri myndir á www.fasteignir.is**

# Fasteignasala snýst ekki bara um fasteignir...
## ...heldur líka um fólk

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Magnús Emilsson lögg. fasteignasali
Freyja Sigurðardóttir lögg. fasteignasali
Ágústa Hauksdóttir lögg. fasteignasali.
Helgi Jón Harðarson sölustjóri
Hilmar Þór Bryde sölumaður
Þorbjörn Helgi Þórðarson sölumaður
Hlynur Halldórsson sölumaður
Valgerður Ása Gissurardóttir ritari

Bæjarhrauni 10 • Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

### Eignir fyrir eldri borgara



**Boðahlein - Gbæ - Raðhús**
Sérlega fallegt raðhús á þessum vinsæla stað við Hrafnistu í Hafnarfirði. Húsið er 59,7 fm, það er á einni hæð. Skipting eignarinnar: forstofa, geymsla. stofa. eldhús, baðherbergi og svefnherbergi. Gotr aðgengi og góður upphitaður bílskúr. Eignin er fyrir 60 ára og eldri. V. 26,5 millj.



**Hjallabraut 33 - Hf - 2ja**
**Til leigu.** Falleg íbúð á efstu hæð í þessu vinsæla húsi fyrir eldri borgara. Íbúðin er 63 fm og er 2ja herb. Svalir snúa til suðurs. gott útsýni. Íbúðin er björt og falleg. Gott aðgengi. V. 19,9 millj.



**Hjallabraut 33- Hf 2ja**
**Til sölu - Leigu.** Í sölu falleg 93,3 fm íbúð . á 1.hæð. Skipting eignarinnar: hol. eldhús með borðkróki, þvottah., stofa, 2 svefnherb., baðherb. og geymsla. Parket og flísar. Nýbúið að klæða húsið að utan.



**Sumarhús Kerhólar - Skipti**
Nýkomið í sölu glæsil. 137,2 fm heilsárshús ásamt 24,5 fm gesthúsi samtals um 161,7 fm í landi Klausturhóla í Grímsnesi. Húsið skiptist í forstofu, hol, stofu, borðstofu, eldhús, snyrtingu, 4 herb., baðherb., þvottahús, gesthús, alrými, tæknirými, gufubað, baðherb. og geymsluskúr. Glæsil. innr. og gólfefni. Öll skipti koma til greina minni og stærri eignir. Upplýsingar veitir Þorbjörn Helgi sölumaður gsm. 8960058.



**Markarflöt - Gbæ - Einbýli**
Nýkomið í sölu glæsil. mikið endurnýjað 350 fm einbýli á frábærum útsýnisstað á efri flötum í Gbæ. Eignin skiptist í forstofu, gestasnyrtingu, hol, eldhús, stofu, borðstofu, gang, þrjú barnaherb, baðherb., hjónaherb. með baðherb. inn af, þvottahús og geymslu. Á neðri hæð er stofa, tvö herb., baðherb. og tvær geymslur. Tvöfaldur bílskúr . Fráb. útsýni . Verð 80. millj. Upplýsingar veitir Þorbjörn Helgi s: 896-0058



**Erluás - Hf- Parh.**
Nýkomið mjög gott 193 fm parhús á þessum frábæra stað. 4 góð svefnherb. Gott skipulag. Útsýni.Fallega ræktuð lóð með potti, gosbrunni og fallegum gróðri. Til greina koma skipti á minni eign. Verð 42,7 millj.



**Háabarð - Hf - Einb.**
Nýkomið skemmtil. lítið einb. á þessum vinsæla stað. Húsið er 161 fm með bílskúr. og góðum sólskála. 3 svefnherb. Glæsilegur gróinn garður. Hagstætt verð 37 millj. 125176



**Háhæð - Gbæ - Einbýli**
Í einkasölu á þessum frábæra stað, stórglæsilegt einbýlishús með innbyggðum bílskúr, samtals 271 fm. Eign í algjörum sérflokki, glæsileg hönnun, frábær staðsetning.



**Lækjarás - Árbær - 2 íbúða hús**
Nýkomið í einkasölu glæsil. tvílyft einb./tvíb. með innbyggðum tvöföldum bílskúr samtals 399,8 fm. Í húsinu er 3ja herb. aukaíbúð með sérinngangi. Parket og flísar á gólfum. Mjög fallegur garður með afgirtum palli og heitum potti. Hellulagt bílaplan. Frábær staðsetning í Árbænum. Upplýsingar á skrifstofu eða Þorbjörn Helgi s. 896-0058.



**Brúnás - Gbæ- Einbýli**
Glæsilegt einbýli á 2.hæðum samtals 250 fm. 4 svefnherb. Fallegar sérsmíðaðar innréttingar úr hnotu, Parket og náttúruskífur á gólfum.
Rúmgóður sólpallur. Skipti á minni eign koma til greina. Upplýsingar gefur Þorbjörn Helgi sölumaður s. 896-0058



**Hamarsbraut - Hf - Einbýli**
Nýkomið í sölu einb. á 3.hæðum samtals 169,4 fm. Inngangur á aðalhæð (miðhæð), forstofa, hol, baðherb., eldhús, stofa og herb. Ris, 2 herb., baðherb. herb. óinnréttað. Niðri þvottah. og geymsla, innangengt í bílskúr. Húsið er ansi hrátt og þarfnast standsetningar. Laust. Verð 31,9 millj.



**Krosseyarvegur -Hf - Sérhæð**
Nýkomin í einkasölu sérlega falleg efri hæð og ris 116 fm auk nýr bílskúr 35 fm (fokheld). samtals 151 fm. Húsið hefrið mikið endurn. á sl. árum. Teikn. af stækkun. Fallegur stór afgirtur garður í suður. Frábær staðsetn. Útsýni.



**Strikið - Gbæ - 3ja**
Nýkomið í sölu glæsil. 93,4 fm 3. herb. íbúð á 5 hæð í góðu lyftuhúsi ásamt stæði í merktri bílageymslu. Eignin skiptist forstofu, hol, stofu, borðstofu, eldhús, þvottahús, baðherb., tvö herb., tvær geymslur. Glæsilegar innréttingar og gólfefni. Yfirbyggðar svalir. Laus strax. Upplýsingar veitir Þorbjörn Helgi Sölumaður gsm 8960058.



**Suðurhlíð - Rvík - Penthouse**
.Nýkomin í sölu glæsil. 85 fm penthouse íbúð í glæsil. lyftuhúsi. 2 stæði í bílageymslu. 2 svefnherb. Glæsil. eldhús opið inn í stofu. Góð borðstofa og stofa. Parket og flísar. Glæsil. baðherb. Þvottahús. Glæsilegur garður. Upplýsingar veitir Þorbjörn Helgi Sölumaður gsm 8960058.

Bæjarhrauni 10 • Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is



VALHÖLL FASTEIGNASALA
Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479

## Glæsilegt raðhús með útsýni í
# Skjólsölum Kópavogi



Fjögur rúmgóð svefnherbergi og tvö fullbúin baðherbergi.Rúmgóð stofa, eldhús með fallegri innréttingu. Vandaðar eikar innréttingar og gólfefni. Upphitað bomanite bílaplan, pallur og heitur pottur. Eignir er vel innréttuð og frágengin í alla staði Verð 54,5. Möguleiki á skiptum á eign í Hlíðunum, 105 Rvk. **Upplýsingar gefa : Sigþór S: 899 9787. sb@valholl.is, Jón Rafn S: 695 5520. jonrafn@valholl.is**

**Ingólfur Gissurarson lgf.**
**Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.**



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki





# Fiskislóð 31 - Til leigu

Vel staðsett atvinnuhúsnæði neðst á Fiskislóð við sjávarsíðuna. Til afhendingar í mars, apríl og maí. Húsið er á tveimur hæðum með sex stigagöngum. Á efstu hæð eru inndregnar svalir með glæsilegum útsýnissvölum. Eignarhlutar eru 24. Hægt er að leigja einn eða fleiri eignarhluta.

- Rýmin eru í þremur stærðum: 110 fm, 160 fm og 220 fm.
- Fjölbreyttir notkunarmöguleikar.
- Hægt er að koma að hönnun innra skipulags.
- Húsnæðið afhendist tilbúið sem opið rými.
- Hægt er að stúka rýmin niður í skrifstofur og fundarherbergi allt eftir óskum leigutaka.
- Frábær staðsetning með glæsilegu útsýni.
- Hagstæð langtíma leiga.
- Einstakt útsýni.

**Nánari upplýsingar á www.northproperties.is**

**Upplýsingar veitir Steinarr Logi í síma 842 0402, netfang steinarr@northbygg.is**





ALLAR FASTEIGNIR SEM ERU TIL SÖLU Á ÍSLANDI!
DRAUMAEIGNINA ÞÍNA FINNUR ÞÚ Á VÍSIR.IS
YFIR 16.000 EIGNIR Á SKRÁ
FÉLAG FASTEIGNASALA
VÍSIR.IS



Kristbjörg hefur einbeitt sér að nytjalist, til dæmis með hönnun og gerð bolla og skála. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Eldkristall getur verið dyntóttur

**Kristbjörg Guðmundsdóttir er ein fárra leirlistamanna hér á landi sem nota brennsluaðferð sem gerir glerunginn á leirmununum sem hún skapar einstakan.**

„Eldkristallinn getur verið mjög dyntóttur en að sama skapi er mjög spennandi að vinna með hann,“ segir Kristbjörg og bendir á falleg kampavínsglös. Þar eru engin tvö glös eins þótt formið sé það sama. „Ég legg mikið upp úr glerungnum en minna upp úr skreyti, en nota stundum tré og málma með leirnum. Með eldkristalnum þarf ekki annað skraut, hann er skraut í sjálfu sér,“ segir hún svo og brosir.

Hún segir að áður fyrr, þegar notaður hafi verið viður eða kol, til þess að knýja brennsluofnana, hafi eldkristallinn átt það til að myndast við ákveðið hitastig og aðstæður en þá hafi verið lítið á hann sem mistök. Svo sé hins vegar ekki lengur. „Nú er eldkristallinn eftirsóttari og með tölvustýrðu brennsluofnunum, sem nú eru komnir til sögunnar er með sérstakri brennsluaðferð hægt að búa til eldkristalla.“ Kristbjörg segir að kristallarnir sem myndist í hita ofnsins séu líkir þeim sem myndist á glugga í frosti og oft eru nefndir frostrósir. „Eldkristallarnir vaxa í hitanum og geta orðið mjög stórir. Það getur verið erfitt að ráða við þá, en þegar vel tekst til geta þeir orðið undurfallegir. Ég ræð ekki nema að litlu leyti hvernig kristallarnir vaxa eða haga sér, en reyni mitt besta, það er samspil leirsins og hitans – í raun náttúrunnar.“



Kristbjörg hafði lengi átt sér þann draum að læra leirlist og flutti frá Hornafirði til Reykjavíkur til að nema fagið, sem hún gerði árin 1990-1994. „Ég byrjaði smátt en hef einbeitt mér að nytjalist eins og bollum og skálum sem ég hef svo þróað áfram og aukið úrvalið. Glerungurinn hefur eins og áður segir alltaf heillað mig. Ég hef lagt meira upp úr honum, sérstaklega á seinni árum, en öðru skrauti. Það má segja að hann sé mitt einkenni.“

Kampavínsglösin segir hún nýlega hönnun. „Þau eru til í mörgum litum og einmitt með eldkristöllunum. Þetta er tilvalin gjöf fyrir par eða hjón en líka fyrir einstakling. Það er til dæmis huggulegt að fá sér heilsudrykk á morgnana í handgerðu, fallega hönnuðu glasi. Ílátin sem við notum til þess að bera matinn fram á eða í skipta nefnilega miklu máli ef njóta á góðrar máltíðar til fulls.“ Staupin fast meðal annars í Mýrinni í Kringlunni, Kraumi og Epal Design í Leifsstöð. Einnig er hægt að kaupa þau á verkstæði Kristbjargar í Hvassaleiti 119. *- uhj*

# Upp með postulínsstytturnar

**Postulínsstyttur af dýrum þóttu eitt sinn aðeins hæfa heimilum gamalla kvenna en eru nú að ná vinsældum hjá yngra fólki.**

Eins og sjá má á hönnun og verkum fjölmargra hönnuða undanfarið þykja dýr í postulínsformi eiga upp á pallborðið og sjást þau gjarnan á skálum, diskum og kertastjökum.

Dýrin minna mest á gömlu, fallegu postulínsstytturnar sem margir áttu sem börn. Ekki hafa allir efni á því að fjárfesta í flottum vörum úr hönnunarlínum en þeim má til dæmis benda á Góða hirðinn þar sem oft finnast hunda- og kattapostulínsstyttur. Síðan er hægt að leika sér með að skreyta heimilið með styttunum eða leggjast jafnvel í eigið föndur með límtúpu sér við hönd. *- jma*



Postulínsdýr hafa undanfarin misseri verið að öðlast sinn sess á ný sem stofustáss.

Gullsmíðaverkstæði Árna Höskuldssonar lokar 1. mars næstkomandi

Útsala hefst mánudaginn 8. febrúar
40% afsláttur af öllum vörum

Opnunartími 13:00 til 18:00 virka daga

Árni Höskuldsson

Bergstaðastræti 4 - 101 Reykjavík - Sími: 562-0335

ÚTSALA
15-70% Afsláttur
Síðasta vikan!
Gardínur
fataefni
gjafavara
Vogue
Reykjavík: Mörkin 4 I sími: 533 3500 I Opið virka daga 10-18 og laugardaga 11-16
Akureyri: Hofsbót 4 I sími: 462 3504 I Opið virka daga 10-18 og laugardaga 11-14




tölvunám.is
árangursríkt og hagkvæmt

Staðnám:
hnitmiðuð og hagkvæm námskeið í kennslustofu

| Námskeið: | Hefst: | Verð: |
|---|---|---|
| Excel I | 16. febrúar | 14.900 kr. |
| 55 ára + | 17. febrúar | 31.500 kr. |
| Byrjendur | 18. febrúar | 25.900 kr. |
| Myndavélin og tölvan | 2. mars | 14.900 kr. |
| Excel II | 18. mars | 14.900 kr. |

Vefnám:
Tölvunám á netinu, hvar sem er og hvenær sem er.

Excel, Word, PowerPoint, Access, Outlook, Photoshop o.fl.
Fjögur námskeið á 1.870 kr. á mánuði í 12 mánuði.

www.tolvunam.is - sími 552 2011
Síðumúli 13, 108 Reykjavík

# NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| EDGE OF DARKNESS | kl. 5.40, 8 og 10.20 | 16 |
| IT'S COMPLICATED | kl. 5.40 og 8 | 12 |
| SKÝAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM... 3D | kl. 3.50 - Ísl. tal | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 4 - Ísl. tal | L |
| AVATAR 3D | kl. 6 og 9 | 10 |









| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| THE BOOK OF ELI | kl. 8D - 10:30D | 16 |
| THE BOOK OF ELI | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| AN EDUCATION | kl. 5:50 - 8 - 10:30 | L |
| UP IN THE AIR | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| PLANET 51 M/ ísl. Tali | kl. 5:50D | L |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| BJARNFREÐARSON | kl. 5:50 - 8 - 10:30 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| MAYBE I SHOULD HAVE | kl. 5:50 - 8 | L |
| THE BOOK OF ELI | kl. 5:50D - 8:10D - 10:10D | 16 |
| IT'S COMPLICATED | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 10:40D | 12 |
| WHERE THE WILD THINGS ARE | kl. 5:50 | 7 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| THE BOOK OF ELI | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| WHIP IT | kl. 8 | 7 |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 10:20 | 12 |



## NÝTT Í BÍÓ!










SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| EDGE OF DARKNESS | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| EDGE OF DARKNESS LÚXUS | kl. 5.30 | 16 |
| IT´S COMPLICATED | kl. 8 - 10.35 | 12 |
| IT´S COMPLICATED LÚXUS | kl. 10.35 | 12 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 3D | kl. 3.40 - 5.50 | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2D | kl. 3.40 - 5.50 | L |
| DYHAT MORGANS | kl. 10 | 7 |
| MAMMA GÓGÓ | kl. 6 - 8 | L |
| AVATAR 3D | kl. 4.40 - 8 | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 3.50 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| NINE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 3D | kl. 5.50 | L |
| IT´S COMPLICATED | kl. 8 - 10.35 | 12 |
| MAMMA GÓGÓ | kl. 6 - 8 | L |
| AVATAR 3D | kl. 8 | 10 |
| NIKULÁS LITLI | kl. 6 - 10 Íslenskur texti | L |

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| EDGE OF DARKNESS | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2D | kl. 6 | L |
| IT´S COMPLICATED | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| KHAMSA | kl. 6 Enskur texti | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| NINE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| CLOUDY WITH MEATBALLS 2D | kl. 5.50 - 8 - 10.10 enskt tal | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2D | kl. 5.50 íslenskt tal | L |
| HARRY BROWN | kl. 10.35 | 16 |
| THE ROAD | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| ALVIN & ÍKORNARNIR 2 | kl. 6 íslenskt tal | L |
| JULIE & JULIA | kl. 8 | L |




# Heiður að spila í Los Angeles

„Þetta er lítið stökk fyrir mannkynið en risastórt fyrir mig,“ segir söngvarinn Geir Ólafsson sem heldur tónleika í Los Angeles 12. mars á djasstónleikastaðnum The Baked Potato.

Eigandi staðarins er Don Randi, sem var píanisti Franks Sinatra, sem hefur unnið töluvert með Geir undanfarin ár. Randi er núverandi píanisti Nancy Sinatra, sem Geir hefur reynt að fá til Íslands til tónleikahalds. „Þetta er ekki neinn smá staður. Þarna koma allar helstu stjörnurnar að spila og ég verð með mitt eigið sett á föstudagskvöldinu,“ segir Geir, sem mun flytja um tuttugu djassstandarda. Þrautþjálfaðir hljóðfæraleikarar spila með honum á tónleikunum, þar á meðal hinn 73 ára Randi. „Ég hef áður spilað utan landsteinanna en ekki fengið svona stórt tækifæri áður og ekki með svona frábærum hljóðfæraleikurum. Ég get ekki beðið um mikið meira.“ Geir vonast til að eitthvað meira gerist í framhaldi af tónleikunum. „Þarna koma alls kyns njósnarar og velunnarar plötufyrirtækja en ég ætlast ekki til þess að fá neitt meira út úr þessu en þennan heiður.“

Kvöldið eftir, 13. mars, spilar Geir síðan á þorrablóti Íslendinga í Los Angeles og vonast hann eftir því að einhverjir þeirra láti einnig sjá sig á The Baked Potato. Til að hita upp fyrir utanlandsferðina spilar Geir á Kringlukránni núna um helgina ásamt Agli Ólafs, Helgu Möller og fleiri tónlistarmönnum. **- fb**



**GEIR ÓLAFSSON** Geir heldur sína fyrstu tónleika í Los Angeles á djasstónleikastaðnum The Baked Potato.

# Rihönnu gengur betur en Chris Brown á allan hátt

**Ár er liðið frá því að Chris Brown, þáverandi kærasti Rihönnu, gekk í skrokk á henni og hótaði að drepa hana. Fólk kaupir ennþá plöturnar hans, en henni hefur vegnað mun betur.**

Chris Brown fékk fimm ára skilorðsbundinn dóm eftir að hann játaði að hafa gengið í skrokk á Rihönnu fyrir ári, en þau voru á þeim tíma par. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni í Los Angeles kýldi Brown Rihönnu ítrekað í andlitið, tók hana hálstaki, beit hana í fingurna og eyru og hótaði að drepa hana.

Árásin hefur haft slæm áhrif á feril Browns, sem gaf út plötuna Graffiti seint á síðasta ári. Platan hefur þó selst í um 250.000 eintökum á sjö vikum, en síðasta plata hans Evolution seldist í meira en 294.000 eintökum í vikunni sem hún kom út. Rihanna gaf út plötuna Rated R á síðasta ári en hún hefur selst í meira en 500.000 eintökum.

Caryn Ganz, ritstjórnarfulltrúi tímaritsins Rolling Stone, segir í samtali við vef CNN að Brown geti ekki farið neitt án þess að fá leyfi dómara og að það hefti feril hans. „Hann þarf að sanna að hann sé að sinna samfélagsþjónustunni,“ sagði hann, en Brown þarf að skila 1.400 tímum í samfélagsþjónustu. „Eftir árásina vildi enginn vinna með honum og margir töldu að hann myndi aldrei selja plötur framar. Það rættist ekki, en Rihönnu gengur klárlega betur bæði í sambandi við sölu og álit almennings.“



**ÞEGAR ALLT LÉK Í LYNDI** Rihanna er ein vinsælasta söngkona heims, en Chris Brown, ofbeldismaður og fyrrverandi kærasti hennar, getur ekki hreyft sig án leyfis frá dómara.





## Sæktu um Staðgreiðslukort Olís og njóttu betri kjara




**Alltaf með Staðgreiðslukortinu:**

**3 kr. afsláttur** af eldsneytislítranum frá dæluverði.
**2 kr. (1,5%)** afsláttur í formi Vildarpunkta Icelandair.
**5% afsláttur** af vörum, nema tóbaki, tímaritum, símakortum og happdrætti.

Þú getur sótt um Staðgreiðslukortið á olís.is, á næstu Olís-stöð eða í síma 515 1141.

Við höldum með þér! olís

PIPAR\TBWA • SÍA • 100301

# Móralskar armbeygjur

BAKÞANKAR Júlíu Margrétar Alexandersdóttur



John Terry, landsliðsfyrirliði Englands í knattspyrnu, bættist nýverið í ört stækkandi hóp íþróttamanna sem virðast eiga í erfiðleikum með að halda brókunum uppi. „Pabbi ársins“, sem vefur Daddie-tómatsósunnar kaus hann einmitt á síðasta ári, virðist miðað við nýjustu tíðIndi hafa sýnt sömu fyrirhyggju og Tiger félagi hans og haft sveit hjákvenna til taks.

**TERRY** getur samt huggað sig við eitt. Hann er ekki fyrsti frægi íþróttamaðurinn sem er gripinn á gróðurklæðunum. Ashley Cole, Frank Lampard, David Beckham, Tiger Woods, Magic Johnson og svo mætti lengi telja. Þetta er heldur ekki fyrsta atvinnustéttin sem lætur svona. Poppstjörnur gleyma líka oft að hneppa upp um sig. Ég hef hins vegar meiri áhuga, eða áhyggjur, af íþróttamönnum þar sem við ölum markvisst upp tugþúsundir slíkra á hverju ári. Vitaskuld er það gott og blessað fyrir æsku landsins að stunda íþróttir. Spurningin er bara hvort við ættum jafnframt að grípa inn í þegar komið er á ákveðið aldursskeið, þegar hætt er við að ungu íþróttamennirnir breytist í skrímsli, og fara að haga sér eins og jarlar miðalda, með eins margar frillur og þeir geta mögulega sinnt.

**SPURNINGIN** er auðvitað hvernig. Kannski er eftir allt saman alls ekki heilnæmt að stunda keppnisíþróttir. Eftir ferilinn sitja íþróttamenn oftar en ekki uppi með ónýtan líkama, litla sem enga menntun, en gríðarstórt egó því á íþróttaleikvöngum gilda enn hin fornu gildi, hefnd og heiður. Egóisminn er ein afleiðing keppnisíþróttarinnar, því í henni gildir ekkert annað en að hafa óbilandi trú á sjálfum þér og bara þér. Sumir þurfa svo mikið andlegt rými fyrir egóið að þeir segja konunni að þeir þurfi sér hús til að hugsa í og íhuga gaumgæfilega eigið ágæti í. Allt fyrir íþróttamanninn.

**ÞJÓÐFÉLAGIÐ** gerir íþróttum afar hátt undir höfði, þrátt fyrir augljósa vankanta. Hluti hvers fréttaþáttar er helgaður íþróttum og börnin okkar eru frá unga aldri send á fimleika-, körfubolta- og knattspyrnuæfingar. Ábyrgðin er því mikil og kannski engin ástæða til að yppa öxlum yfir framhjáhaldsfregnum af íþróttamönnum. Þvert á móti ættum við kannski að athuga að taka siðferðiskennslu inn í prógrammið. Með velgengni verða freistinGarnar oft óyfirstíganlegar og kannski er ekkert í íþróttaþjálfuninni í dag sem undirbýr menn – og konur – undir þær. Nokkrir tímar í siðfræði milli þess sem farið er í útihlaup og fimmtíu kíló tekin í bekk eru varla svo galin hugmynd.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






## > Hafnarfjarðarslagur í N1-deild karla

Fjórir leikir fara fram í N1-deild karla í handbolta í kvöld en þar ber hæst baráttan um Hafnarfjarðarbæ á milli FH og Hauka í Kaplakrika. Íslandsmeistarar Haukar eru sem stendur á toppi deildarinnar með þriggja stiga forskot á granna sína í FH sem eru í öðru sæti. FH á harma að hefna þar sem Haukar hafa unnið báða leiki liðanna í vetur í deildinni og í 8-liða úrslitum Eimskips-bikarsins. Aðrir leikir kvöldsins eru viðureign Akureyrar og Gróttu, Vals og Stjörnunnar og HK og Fram.



**sport**

sport@frettabladid.is

ÓLAFUR JÓHANNESSON: NOKKUÐ ÁNÆGÐUR MEÐ RIÐIL ÍSLENSKA LANDSLIÐSINS Í UNDANKEPPNI EM 2012

# *Smá fúll yfir því að við séum ekki í sex liða riðli*

Landsliðsþjálfarinn Ólafur Jóhannesson var tiltölulega brattur þegar Fréttablaðið heyrði hljóðið í honum í gær skömmu eftir að ljóst varð hverjir mótherjar íslenska karlalandsliðsins í fótbolta verða í undankeppni EM 2012. Ísland er í H-riðli ásamt Portúgal, Danmörku, Noregi og Kýpur.

„Ég er í heildina bara ánægður með dráttinn. Ég er reyndar smá fúll yfir því að við höfum ekki verið dregnir í sex liða riðil þar sem þá hefðum við getað lent með einni lakari þjóð úr sjötta styrkleikaflokki, ef við höfum efni á að kalla einhverja lakara en okkur það er að segja,“ segir Ólafur léttur í bragði.

„Hvað varðar ferðalög og annað slíkt þá gæti ég varla verið ánægðari. Það er fínt að það séu þarna þrjár Skandinavíuþjóðir saman og ég er ánægður með að fara ekki til Austur-Evrópu,“ segir Ólafur.

Ólafur segir það jafnframt hjálpa íslenska liðinu að þekkja vel til mótherja sinna en viðurkennir þó að hann hafi verið að vonast eftir því, eins og flestir fótboltaunnendur á Íslandi, að fá England úr fyrsta styrkleikaflokki í stað Portúgals.



„Við þekkjum Danina og Norðmennina náttúrulega vel og þó svo að okkur hafi nú ekki gengið vel gegn Danmörku upp á síðkastið þá höfum við haft ágætis tak á Norðmönnum. Okkur gekk vel gegn Noregi í undankeppni HM 2010 og vonandi náum við að fylgja því eftir en Danmörk er líklega besta fótboltaþjóðin á Norðurlöndum um þessar mundir. Hvað varðar Kýpur að þá erum við að fara að spila æfingaleik við þá í byrjun mars og þá fáum við tækifæri til þess að kortleggja þá aðeins. Draumamótherjinn úr fyrsta styrkleikaflokki var náttúrulega England og mér skilst að Englendingar hafi einnig verið að vonast til þess að fá okkur en það gekk ekki eftir að þessu sinni. Við fáum bara Portúgal í staðinn og það er ekkert slæmt þar sem þeir eru með marga frambærilega fótboltamenn og einn sem er líklega sá besti í dag. Það verður gaman að takast á við þá,“ segir Ólafur.



**RONALDO Í STAÐ ROONEY** Ísland var nálægt því að fá England en fékk Portúgal í staðinn. NORDIC PHOTOS/AFP

Dregið í undankeppni EM:

## Ísland aftur í fimm liða riðli

**FÓTBOLTI** Dregið var í undanriðla fyrir EM 2012 í fótbolta í gær. Drátturinn fór fram í Varsjá í Póllandi en lokakeppnin fer fram í Póllandi og Úkraínu. Ísland er í fimm liða riðli líkt og í undankeppni HM 2010. - óþ

### UNDANKEPPNI EM 2012

**Riðlaskipting**

**A-Riðill:**
Þýskaland, Tyrkland, Austurríki, Belgía, Kasakstan, Aserbaídsjan

**B-Riðill:**
Rússland, Slóvakía, Írland, Makedónía, Armenía, Andorra

**C-Riðill:**
Ítalía, Serbía, Norður-Írland, Slóvenía, Eistland, Færeyjar

**D-Riðill:**
Frakkland, Rúmenía, Bosnía-Hersegóvína, Hvíta-Rússland, Albanía, Lúxemborg

**E-Riðill:**
Holland, Svíþjóð, Finnland, Ungverjaland, Moldóva, San Marínó

**F-Riðill:**
Króatía, Grikkland, Ísrael, Lettland, Gerorgía, Malta

**G-Riðill:**
England, Sviss, Búlgaría, Wales, Svartfjallaland

**H-Riðill:**
Portúgal, Danmörk, Noregur, Kýpur, Ísland

**I-Riðill:**
Spánn, Tékkland, Skotland, Litháen, Liechtenstein

# Keflvíkingar áttu engin svör á eigin heimavelli

**Snæfell komst í gær í úrslitaleik Subway-bikarsins með því að leggja Keflavík á útivelli 90-64. Það var ekki að sjá á Keflvíkingum að þeir voru á heimavelli.**

**KÖRFUBOLTI** „Ég er montinn af frammistöðu strákanna,“ sagði Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari Snæfells sem vann sannfærandi sigur í Keflavík í gær. Leikurinn var undanúrslitaleikur bikarkeppninnar en á fimmtudag mættust liðin í deildinni í Stykkishólmi og þar fór Snæfell einnig með sigur af hólmi.

„Við erum að leggja þrælsterkt lið að velli í tvígang. Við vorum búnir að undirbúa okkur vel fyrir þennan leik. Ég er rosalega stoltur af mínu liði, menn héldu fullri einbeitingu. Það sem við lögðum upp með gekk fullkomlega upp og þess vegna er ég mjög stoltur,“ sagði Ingi.

Staðan var jöfn 21-21 eftir fyrsta leikhluta í gær en þá tók Snæfell völdin meðan ekki stóð steinn yfir steini hjá heimamönnum. Hólmarar höfðu sautján stiga forystu í hálfleik og hleyptu Keflvíkingum aldrei nálægt sér í seinni hálfleiknum.

Skyttan Jón Ólafur Jónsson átti frábæran leik og var besti maður vallarins með 23 stig og 6 fráköst. Hlynur Bæringsson var ekki að finna rétta taktinn í sóknarleiknum en bætti það upp með frábærum varnarleik og 23 fráköstum.

„Þetta var þægilegur sigur. Við spiluðum mjög vel saman og allt aðrir menn en á fimmtudag voru að bera upp sóknarleikinn. Keflvíkingarnir voru auðveldari viðureignar en ég átti von á. Það kom mér á óvart hvað þeir voru ekki samstiga,“ sagði Hlynur eftir leik og er hann strax farinn að hlakka til úrslitaleiksins. „Við unnum þennan titil 2008 og ætlum að gera það aftur núna. Þetta er eitt það skemmtilegasta sem maður gerir.“

Keflvíkingar voru ekki líkir sjálfum sér í gær. Hörður Axel Vilhjálmsson skoraði 20 stig en aðrir leikmenn voru einfaldlega langt frá sínu besta og fundu engan veginn taktinn.



**FANN SIG VEL Í SLÁTURHÚSINU** Jón Ólafur Jónsson fór á kostum í gær og var stigahæstur Snæfellinga sem komust í úrslitaleik bikarkeppninnar með sannfærandi sigri. Snæfell vann keppnina 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Við spiluðum hræðilega í þessum tveimur leikjum,“ sagði Gunnar Einarsson, fyrirliði Keflavíkur. „Það sjá allir á stigaskorinu í þessum leik hve skelfilega lélegir við vorum. Við gerðum alls ekki okkar besta í þessum leik og komum ekki tilbúnir.“

Gunnar segir að Snæfellingar hafi ekki komið sér á óvart í leiknum. „Nei, í raun og veru ekki. Við komum sjálfum okkur mest á óvart með hversu rosalega lélega vörn og sókn við spiluðum. Nú einbeitum við okkur bara að deildinni, það er bara eitt markmið eftir,“ sagði Gunnar.

Í hinum undanúrslitaleiknum mætast Grindavík og ÍR en sá leikur fer fram í Grindavík í kvöld og þá ræðst hvort liðið leikur gegn Snæfelli í úrslitaleiknum.

elvargeir@frettabladid.is

## ÚRSLIT

### *Subway-bikar karla*

Keflavík-Snæfell 64-90 (29-46)

**Stig Keflavíkur:** Hörður Axel Vilhjálmsson 20, Draelon Burns 16, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 9, Uruele Igbavboa 7, Þröstur Leó Jóhannsson 6, Sverrir Þór Sverrisson 4, Gunnar Einarsson 2.

**Stig Snæfells:** Jón Ólafur Jónsson 23, Martins Berkis 14, Emil Þór Jóhannsson 13, Sean Burton 11, Sigurður Á. Þorvaldsson 10, Páll Fannar Helgason 8, Hlynur Bæringsson 6 (23 fráköst), Sveinn Arnar Davíðsson 5.

### *Iceland Express-deild karla*

Breiðablik-Tindastóll 85-77 (41-44)

**Stig Breiðabliks:** Jonathan Schmidt 25, Daníel Guðmundsson 15, Jeremy Caldwell 13, Gylfi Geirsson 12, Þorsteinn Gunnlaugsson 10, Hjalti Friðriksson 4, Ágúst Angantýnsson 4, Aðalsteinn Pálsson2.

**Stig Tindastóls:** Cedric Isom 32, Svavar Birgisson 18, Helgi Rafn Viggósson 15, Donatas Visockis 8 (14 fráköst), Axel Kárason 4.

### *N1-deild kvenna*

Valur-Haukar 27-22 (12-12)

**Markahæstar hjá Val:** Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 9, Katrín Andrésdóttir 5, Íris Ásta Pétursdóttir 5, Ágústa Edda Björnsdóttir 4

**Markahæstar hjá Haukum:** Hanna Guðrún Stefánsdóttir 7, Ramune Pekarskyte 6, Ester Óskarsdóttir 4

Fram-KA/Þór 30-18 (15-7)

**Markahæstar hjá Fram:** Karen Knútsdóttir 7, Guðrún Þór Hálfdánardóttir 7, Marthe Sördal 6, Hafdís Inga Hinriksdóttir 3, Hildur Þorgeirsdóttir 2

**Markahæstar KA/Þór:** Martha Hermannsdóttir 5, Arna Erlingsdóttir 5, Inga Dís Sigurðardóttir 2, Unnur Ómarsdóttir 2

Víkingur-Fylkir 11-42 (3-19)

**Markahæstar hjá Víkingi:** Anna María Bjarnadóttir 5, Guðný Halldórsdóttir 2

**Markahæstar hjá Fylki:** Sunna Jónsdóttir 14, Sunna María Einarsdóttir 9, Elína Helga 5, Arna Sif Gunnarsdóttir 5, Hildur Björnsdóttir 3, Tinna Soffía Traustadóttir 2, Hildur Harðardóttir 2



**BLIKASIGUR** Blikinn Jeremy Caldwell treður hér með tilþrifum í Smáranum í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


N1 Deildin 2009 - 2010

KARLAR

Mánudagur

| | | |
|---|---|---|
| Höllin | Akureyri - Grótta | 19:00 |
| Vodafone höllin | Valur - Stjarnan | 19:30 |
| Digranes | HK - Fram | 19:30 |
| Kaplakriki | FH - Haukar | 19:30 |


Kiel mun ekki verja bikarmeistaratitil sinn eftir að hafa tapað í átta liða úrslitum:

# Róbert með stórleik gegn Kiel

**HANDBOLTI** Alfreð Gíslason og lærisveinar hans í Kiel eru fallnir úr leik í þýsku bikarkeppninni þar sem liðið átti titil að verja. Kiel tapaði fyrir Gummersbach í gær þar sem línumaðurinn Róbert Gunnarsson fór á kostum. Hann skoraði átta mörk og var markahæstur í leiknum ásamt samherja sínum Vedran Zrnic frá Króatíu.

Aron Pálmarsson komst ekki á blað hjá Kiel en markahæstur hjá liðinu var Pilip Jicha með sjö mörk. Spilamennska Kiel olli vonbrigðum, þá sérstaklega í fyrri hálfleik en staðan var 21-12 í hálfleik.

Rhein-Neckar Löwen komst í undanúrslitin í gær með því að leggja Göppingen á útivelli. Leikurinn endaði 29-33. Ólafur Stefánsson skoraði sex mörk í leiknum, þar af fjögur úr vítum. Snorri Steinn Guðjónsson var með tvö mörk en Guðjón Valur Sigurðsson lék ekki með. - egm



**FRÁBÆR** Róbert Gunnarsson fór á kostum gegn Kiel í gær.

Meistaramót Íslands í frjálsíþróttum fór fram um helgina í Laugardalnum:

# Engin Íslandsmet voru sett

**FRJÁLSÍÞRÓTTIR** Meistaramót Íslands í frjálsíþróttum tókst ágætlega upp þrátt fyrir að engin Íslandsmet hefðu verið sett en þónokkur aldursflokkamet voru slegin. ÍR gjörsigraði í sameiginlegri stigakeppni á MÍ.

Það var strax ljóst eftir fyrsta keppnisdag að ÍR myndi fara með sigur af hólmi í sameiginlegri stigakeppni á MÍ um helgina, sérstaklega var ÍR með mikla yfirburði í kvennaflokki en baráttan var jafnari í karlaflokki. Svo fór að FH náði með góðum keppnisdegi í gær að vinna í karlaflokki með 12.023 stig en ÍR vann í kvennaflokki með 18.608 stig. ÍR vann svo í sameiginlegri stigakeppni með 30.327 stig, Fjölnir varð í öðru með 18.459 stig og FH í þriðja með 15.818 stig.

Óðinn Björn Þorsteinsson úr FH fékk svo sérstök heiðursverðlaun fyrir afrek sitt í kúluvarpi þar sem hann kastaði kúlunni 18,21 metra en Helga Margrét Þorsteinsdóttir úr Ármanni var heiðruð fyrir afrek sitt í 400 metra hlaupi þar sem hún hljóp á 88,52 sekúndum.

Meðal annarra afreka um helgina má nefna að Þorsteinn Ingvarsson úr HSÞ vann langstökkkeppni karla þegar hann stökk 7,35 metra en Kristinn Torfason úr FH varð annar en hann stökk 7,13 metra. Óli Tómas Freysson úr FH gerði sér lítið fyrir og vann bæði í 60 metra hlaupi og 200 metra hlaupi og Ásdís Hjálmsdóttir úr Ármanni vann í kúluvarpi og langstökki án atrennu sem var aukagrein á mótinu að þessu sinni. Ásdís gerði sér einnig lítið fyrir og komst í úrslitin í 60 metra hlaupi sem verður að teljast fínn árangur hjá þessum fjölhæfa spjótkastara.

Þá sýndi gamli refurinn Sigurbjörn Árni Arngrímsson úr HSÞ einnig góða takta en hann vann sigur í bæði 1.500 metra og 3.000 metra hlaupi.

ÍR kórónaði svo góða helgi hjá sér með því að vinna 4x400 metra hlaup í bæði karla og kvennaflokki. **- óþ**



**Á FLUGI** Þorsteinn Ingvarsson úr HSÞ stóð sig vel um helgina og vann í langstökki þegar hann stökk 7,35 metra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


**Framboð í trúnaðarstöður**

**FRV**

*Samkvæmt 34. gr. laga Félags Rafeindavirkja skal fara fram kosning til trúnaðarstarfa fyrir félagið.*

*Framboðsfrestur skal vera minnst 14 sólarhringar og skal tillögum skilað til kjörstjórnar innan þess tíma.*

*Með hliðsjón af framansögðu hefur framboðsfrestur verið ákveðinn til kl. 12 á hádegi 25.02.2010*

*Reykjavík 5. febrúar 2010*

*Stjórn Félags Rafeindavirkja*


Helga Margrét kemur sterk til baka eftir meiðsli:

# Ánægð með bætingu

**FRJÁLSÍÞRÓTTIR** Helga Margrét Þorsteinsdóttir úr Ármanni fór mikinn um helgina en hún vann bæði í 400 metra hlaupi og 800 metra hlaupi en varð að sætta sig við silfrið í kúluvarpi.

„Það gekk mjög vel hjá mér í 400 metra hlaupinu þar sem ég náði að bæta mig og ég var að sama skapi mjög ánægð með 800 metra hlaupið en ég var ógeðslega óánægð með kúluna. Það gekk hreinlega ekkert upp hjá mér þar. En miðað við það sem á undan er gengið þá er ég mjög sátt,“ sagði Helga Margrét við Fréttablaðið í gær en hún hefur átt við meiðsli að stríða.

„Ég er ekkert búin að vera að æfa eins og ég vildi vegna meiðsla og hef bara verið að hlaupa í sundlaug og gera styrktaræfingar. Það hefur samt greinilega skilað sér. Ég fer reyndar í sprautu á morgun og verð í kjölfarið að hvíla í einhverjar tvær vikur. Vonandi næ ég þá að losna við þessi meiðsli sem hafa verið að plaga mig því ég þarf að geta farið að æfa eitthvað af viti ef ég ætla að geta eitthvað næsta sumar,“ segir Helga Margrét á léttum nótum. **- óþ**



**HELGA MARGRÉT** Var öflug á MÍ um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

**Listmunauppboð í Galleríi Fold**

fer fram mánudaginn 8. febrúar, kl. 18.15 í Galleríi Fold, á Rauðarárstíg

Á uppboðinu er úrval góðra verka, meðal annars fjölmörg verk gömlu meistaranna



Jóhannes S. Kjarval

LISTMUNASALA fold

Verkin verða sýnd mánudag 10–17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is




## ÚRSLIT

### Enska úrvalsdeildin

Liverpool-Everton 1-0
1-0 Dirk Kuyt (55.)
Bolton-Fulham 0-0
Burnley-West Ham 2-1
1-0 David Nugent (14.), 2-0 Danny Fox (55.), 2-1 Ilan (80.)
Hull-Manchester City 2-1
1-0 Jozy Altidore (31.), 2-0 George Boateng (54.), 2-1 Emmanuel Adebayor (59.)
Manchester United-Portsmouth 5-0
1-0 Wayne Rooney (40.), 2-0 sm. (45.), 3-0 sm. (59.), 4-0 Dimitar Berbatov (62.), 5-0 sm. (68.)
Stoke-Blackburn 3-0
1-0 Danny Higginbotham (8.), 2-0 Mamady Sidibe (45.), Matthew Etherington (67.)
Sunderland-Wigan 1-1
0-1 M. Diame (20.), 1-1 Kenwyne Jones (65.)
Tottenham-Aston Villa 0-0
Birmingham-Wolves 2-1
0-1 Kevin Doyle (42.), 1-1 Kevin Phillips (80.), 2-1 Phillips (85.).
Chelsea-Arsenal 2-0
1-0 Didier Drogba (8.), 2-0 Drogba (23.)

**STAÐAN Í DEILDINNI**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. Chelsea** | **25** | **18** | **4** | **3** | **+40** | **58** |
| 2. Man. Utd | 25 | 18 | 2 | 5 | +41 | 56 |
| **3. Arsenal** | **25** | **15** | **4** | **6** | **+30** | **49** |
| 4. Liverpool | 25 | 13 | 5 | 7 | +17 | 44 |
| **5. Tottenham** | **25** | **12** | **7** | **6** | **+20** | **43** |
| 6. Man. City | 23 | 11 | 8 | 4 | +13 | 41 |
| **7. Aston Villa** | **24** | **11** | **8** | **5** | **+13** | **41** |
| 8. Birmingh. | 24 | 10 | 7 | 7 | 0 | 37 |
| ---------- | | | | | | |
| **16. Wigan** | **23** | **6** | **5** | **12** | **-23** | **23** |
| 17. Bolton | 23 | 5 | 7 | 11 | -15 | 22 |
| **18. West Ham** | **24** | **4** | **9** | **11** | **-10** | **21** |
| 19. Wolves | 24 | 5 | 6 | 13 | -22 | 21 |
| **20. Portsm.** | **24** | **4** | **3** | **17** | **-22** | **15** |

### Enska b-deildin

Barnsley-Watford 1-0
Emil Hallfreðsson skoraði mark Barsley í leiknum en Heiðar Helguson lék með Watford.
Bristol City-Coventry 1-1
Aron Einar Gunnarsson lék með Coventry.
Plymouth-WBA 0-1
Kári Árnason lék með Plymouth.
Doncaster-Reading 1-2
Brynjar Björn Gunnarsson og Ívar Ingimarsson léku allan leikinn með Reading en Gunnar Heiðar Þorvaldsson kom inn á í blálokin. Gylfi Þór Sigurðsson var ekki í leikmannahópi Reading.

### Spænska úrvalsdeildin

Barcelona-Getafe 2-1
1-0 Lionel Messi (7.), 2-0 Xavi (67.), 2-1 Roberto Soldado Rillo (90.)
Real Madrid-Espanyol 3-0
1-0 Sergio Ramos (5.), 2-0 Kaka (30.), 3-0 Gonzalo Higuain (90.).
Valencia-Real Valladolid 2-0
1-0 Ever Banega (8.), 2-0 David Villa (29.)

### Ítalska úrvalsdeildin

Livorno-Juventus 1-1
1-0 Antonio Filippini (26.), 1-1 Nicola Legrottaglie (42.)
Inter-Cagliari 3-0
1-0 Goran Pandev (6.), 2-0 Walter Samuel (20.), 3-0 Diego Milito (47.).
Bologna-AC Milan 0-0

### Þýska úrvalsdeildin

Wolfsburg-Bayern München 1-3
0-1 Arjen Robben (2.). 0-2 Daniel van Buyten (26.), 0-3 Franck Ribery (57.), 1-3 Grafite (90.).
Bochum-Bayer Leverkusen 1-1
0-1 Eren Derdiyok (45.), 1-1 Zlatko Dedic (68.).






# Tveggja hesta kapphlaup

**Titilbarátta ensku úrvalsdeildarinnar stendur nú á milli Chelsea og Manchester United en Didier Drogba sá um að ryðja Arsenal úr vegi í Lundúnaslag í gær.**

**FÓTBOLTI** Stórleikur helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni var í gær þegar Chelsea vann 2-0 sigur gegn Arsenal á Stamford Bridge-leikvanginum. Didier Drogba var hetja dagsins en hann skoraði bæði mörk heimamanna í leiknum og Chelsea endurheimti þar með toppsætið sem Manchester United hafði tyllt sér í deginum áður með 5-0 stórsigri gegn lánlausu liði Portsmouth.



**ÓTRÚLEGUR** Didier Drogba skoraði bæði mörk Chelsea í gríðarlega mikilvægum sigri gegn Arsenal í ensku úrvalsdeildinni í gær. Chelsea endurheimti þar með toppsæti deildarinnar. NORDIC PHOTOS/GETTY

**Drogba munurinn á liðunum**

Liðin skiptust á að sækja framan af leik en það voru heimamenn í Chelsea sem skoruðu mörkin. Drogba skoraði fyrsta mark leiksins strax á 8. mínútu eftir að John Terry hafði skallað hornspyrnu á Fílabeinsstrendinginn sem þakkaði fyrir sig með því að pota boltanum í netið á fjærstönginni. Andrey Arshavin var nálægt því að jafna metin þegar hann komst í ákjósanlegt færi eftir glæsilega sendingu frá Cesc Fabregas en Petr Cech sá við honum. Drogba sýndi svo styrk sinn á 23. mínútu þegar hann fékk stungusendingu frá Frank Lampard sem hann þrumaði í þaknetið á marki Arsenal eftir að hafa slitið sig frá hjálparvana varnarmönnum Arsenal.

Arsenal beit frá sér í seinni hálfleiknum og náði að skapa þónokkurn usla í vörn Chelsea en markvörðurinn Petr Cech átti góðan dag fyrir þá bláklæddu og sá til þess að gestirnir fóru tómhentir heim. Drogba var svo nálægt því að bæta við þriðja marki sínu þegar um tíu mínútur lifðu leiks en glæsileg aukaspyrna hans fór í slá á marki Arsenal. Hvorugu liðinu tókst að skora eftir það og niðurstaðan sem segir 2-0 sigur Chelsea sem er með tveggja stiga forskot á Manchester United og níu stiga forskot á Arsenal sem er svo gott sem fallið úr keppni í titilbaráttunni.

**Erfið vika í herbúðum Chelsea**

Drogba viðurkenndi í leikslok að síðustu dagar hefðu verið erfiðir fyrir Chelsea þar sem breskir fjölmiðlar hafa hamrað á umfjöllun um framhjáhald fyrirliðans Terry sem var sem kunnugt er sviptur fyrirliðabandinu hjá enska landsliðinu í kjölfarið.

„Þetta er búinn að vera erfiður tími fyrir alla hjá Chelsea en við ákváðum bara að þjappa okkur saman. Við reyndum líka að styðja við bakið á Terry eins mikið og við gátum. Þetta skilaði því að við erum aftur komnir á toppinn og það er það sem skiptir mestu máli,“ sagði Drogba í leikslok í gær.

**Yfirburðir United algjörir**

Englandsmeistarar Manchester United áttu ekki í teljandi erfiðleikum með Portsmouth og unnu 5-0 sigur á Old Trafford-leikvanginum í fyrradag.

Gestirnir náðu reyndar að halda marki sínu hreinu fyrstu fjörutíu mínúturnar en það reyndist skammgóður vermir.

Hinn sjóðandi heiti Wayne Rooney opnaði markareikninginn fyrir United á 40. mínútu og eftir það mölbrotnaði leikur Portsmouth.

Það sem eftir lifði leiks litu þrjú sjálfsmörk dagsins ljós hjá botnliði Portsmouth ásamt snyrtilegu marki frá Dimitar Berbatov og 5-0 sigur United var síst of stór miðað við gang leiksins.

Hermann Hreiðarsson gat ekki leikið með Portsmouth í leiknum vegna meiðsla. omar@frettabladid.is

Baráttan um Meistaradeildarsæti harðnar með hverri umferð:

# Kuyt bjargvættur Liverpool

**FÓTBOLTI** Liverpool skaust upp í fjórða sæti ensku úrvalsdeildarinnar með 1-0 sigri í grannaslag gegn Everton á meðan Tottenham og Aston Villa gerðu markalaust jafntefli og Manchester City tapaði óvænt gegn Hull.

Leikur Liverpool og Everton á Anfield-Leikvanginum var gríðarlega harður eins og við mátti búast hjá þessum erkifjendum. Tvö rauð spjöld fóru á loft og þau hefðu hæglega getað orðið fleiri. Liverpool missti varnarmanninn Sotirios Kyrgiakos út af með rautt spjald eftir hálftíma leik fyrir brot á Marouane Fellaini en dómurinn var mjög umdeildur þar sem Fellaini var einnig brotlegur en slapp með skrekkinn. Liverpool lét liðsmuninn þó ekki á sig fá og Dirk Kuyt kom heimamönnum yfir með skallamarki snemma í síðari hálfleik og reyndist það vera sigurmark leiksins. Leikmenn Everton náðu sér aldrei á strik í síðari hálfleiknum og gremja þeirra endurspeglaðist í rauðu spjaldi Stevens Pienaar í blálok leiksins. Knattspyrnustjórinn Rafa Benitez hjá Liverpool var hæstánægður í leikslok.

„Að vinna derby-slag sem þennan er gríðarlega mikilvægt sér í lagi þar sem við spiluðum manni færri lengi vel. Ég var mjög ánægður með liðsandann og stuðningsmenn okkar áttu einnig stóran þátt í sigrinum með því að styðja þétt við bakið á liðinu,“ sagði Benitez.

Eiður Smári Guðjohnsen var í fyrsta skipti í leikmannahópi Tottenham þegar liðið tók á móti Aston Villa í gríðarlega mikilvægum leik fyrir bæði lið í baráttunni um fjórða sætið í deildinni.

Leiknum lauk með markalausu jafntefli og kom Eiður Smári ekkert við sögu að þessu sinni en það útskýrist einfaldlega með því að Tottenham réði lögum og lofum á vellinum í síðari hálfleik og því sá knattspyrnustjórinn Harry Redknapp hjá Tottenham væntanlega ekki ástæðu til þess að breyta neinu í leik sinna manna.

Jermain Defoe var mjög líflegur hjá Tottenham en náði ekki að koma tuðrunni í netið frekar en aðrir leikmenn á White Hart Lane-leikvanginum.

Manchester City missteig sig illilega í fyrradag þegar liðið varð að sætta sig við 2-1 tap gegn botnbaráttuliði Hull á KC-leikvanginum en City-menn eru sem stendur í sjötta sætinu, þremur stigum á eftir Liverpool en City á tvo leiki til góða á Liverpool og Tottenham en einn leik á Aston Villa. - óþ



**ÖFLUGUR** Dirk Kuyt tryggði Liverpool sigur gegn Everton.







# Það er sumt sem þú deilir ekki einu sinni með fjölskyldunni

Fæstir vilja deila nefúðaflöskunni sinni með öðrum. Það er þrifalegra og dregur úr smithættu að hver hafi sína nefúðaflösku. Þess vegna fæst Otrivin Ukonserveret nú í pakkningum með tveimur úðaflöskum. Otrivin Ukonserveret vinnur mjög hratt á nefstíflunni og verkar í allt að 12 klst. Þú getur keypt Otrivin Ukonserveret án lyfseðils í næsta apóteki.

Mitt og þitt Otrivin
- eitt fyrir hvert okkar!

OTRIVIN nefúði og nefdroparnir innihalda xýlómetasólin sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 10-12 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. **Otrivin 1 mg/ml:** Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 10 ára. **Otrivin 0,5 mg/ml:** Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2 ára. Einungis ætlað 2-10 ára börnum að læknisráði. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xýlómetasólin ættu ekki að nota Otrivin. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 10 ára. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfi nu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare.Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

NOVARTIS

## > Gok Wan

„Við verðum að upplýsa fólk um, og þá sérstaklega næstu kynslóð, að það er til annars konar fegurð en sú sem sést í tímaritum og kvikmyndum.“

***Stílistinn Gok Wan kennir konum að elska líkama sinn í þættinum How To Look Good Naked – Revisited sem SkjárEinn sýnir í kvöld kl. 20.10.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ DR. GUNNI ER Á MÓTI SNOBBUÐUM SKOÐUNUM Á ÚTVARPI

# *Rás 2 er sjálfbær*

Endalaust er þrasað um tilgang Ríkisútvarpsins. Í þrasinu kemur fljótlega upp sú skoðun að leggja eigi Rás 2 niður því einkaaðilar gætu svo auðveldlega „spilað poppfroðu“ og verið með upplýsandi kjaftavaðal. Ég verð að viðurkenna að nokkuð er til í þessu. Maður spyr sig allavega afhverju ríkið eigi að leggja út í kostnað við að spila Elton John á „præm tæm“. Það má svo sem alveg eins spyrja til hvers ríkið eigi að spila Golden Gate kvartettinn á hinni rásinni. Staðreyndin er samt sú að 80 prósent af innkomu Ríkisútvarpsins eru tilkomin vegna Rásar 2, en Rás 2 notar ekki nema 20 prósent af innkomunni. Rás 2 er með öðrum orðum sjálfbær og er að „halda uppi“ Rás 1. Ef Rás 2 hyrfi þyrfti einfaldlega að hækka nefskattinn.

Annað í þessari umræðu er sú snobbaða skoðun að Rás 2 sé að sinna „ómerkilegri“ hlutum en Gufan. Að meiri menning sé í 300 ára gamalli músík en músík frá því í fyrra og að gömul upptaka af karli að tala um búslag í sveitum til forna vegi þyngra í vitund þjóðarinnar en nýjasta lagið með Hvanndalsbræðrum. Þetta er galin hugmynd því ef eitthvað er eftir að jákvæðari sjálfsmynd þjóðarinnar þá er hún tengd þeim sigrum sem íslenskir popparar hafa unnið á síðustu árum. Ég minni á að þegar Rolling Stone, risinn í popppressu heimsins, valdi 100 bestu plötur síðasta áratugar voru þrjár íslenskar plötur á listanum. Reyndar allar með Sigur Rós og Björk, en samt. Poppið er eina íslenska listgreinin sem er þekkt í einhverjum mæli utan landsteinanna.



Í þessu liggur tilgangur Rásar 2. Stöðin á að sinna aldingarði og grasrót íslenska poppsins (ég kalla Sigur Rós og Björk popp). Spilunarlisti stöðvarinnar á að vera, og er, breiðari og lausari í sér en takmarkaðir listar annarra stöðva. Nýjabruminu er gert skil í þáttum eins og Skúrinn, en þar hafa 200 ungar hljómsveitir tekið upp tónlist síðustu misserin. Rás 2 á að skrá íslensku poppsöguna, halda utan um hana, kryfja hana og það gerir hún ágætlega, þótt alltaf megi gera betur. Helst á efni stöðvarinnar að vera aðgengilegt á Netinu, en þar liggur framtíð útvarps að mínu mati. Rás 2 mætti því gefa enn betur í. Og mér væri alveg sama þótt Elton John dytti út, en það er reyndar bara ég.

## MÁNUDAGUR



▶ **19.00** KR – Njarðvík, beint STÖÐ 2 SPORT



▶ **19.45** How I Met Your Mother STÖÐ 2



▶ **20.55** The Prisoner SKJÁREINN



▶ **21.50** Cold Case STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.25** Trúður SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Söngvakeppni Sjónvarpsins** Upptaka af úrslitaþættinum þar sem valið var framlag Íslands í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva í Osló 29. maí. (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Stephen Fry í Ameríku** (Stephen Fry in America: Mississippi) (3:6) Í þessum sex þátta flokki fer breski leikarinn Stephen Fry um Bandaríkin og skoðar það sem fyrir augu ber.

**21.15 Sporlaust** (Without a Trace) (7:18) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki. Bardagajaxl hverfur eftir að hann vinnur slag og sérsveitin kemst að því að margir gætu átt sök á hvarfi hans.

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

▶**22.25 Trúður** (Klovn VI) (7:10) Dönsk gamanþáttaröð um rugludallana Frank og Casper.

**22.55 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. (e)

**23.40 Spaugstofan** (e)

**00.05 Kastljós** (e)

**00.35 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 On A Clear Day**

**10.00 A Good Year**

**12.00 Pokemon 6**

**14.00 On A Clear Day**

**16.00 A Good Year**

**18.00 Pokemon 6**

**20.00 Into the Blue** Spennandi ævintýramynd með Jessicu Alba og Paul Walker í aðalhlutverkum.

**22.00 The Number 23** Dramatísk spennumynd með Jim Carrey í aðalhlutverki.

**00.00 16 Blocks**

**02.00 Miller's Crossing**

**04.00 The Number 23**

**06.00 Rocky Balboa**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 The Moment of Truth** (21:25)

**11.00 60 mínútur**

**11.45 Falcon Crest** (2:18)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Worst Week** (14:16)

**13.25 Popstar**

**15.10 Inside the Michael Jackson Mansion: Never Can Say Goodbye**

**15.55 Barnatími Stöðvar 2** A.T.O.M., Apaskólinn, Áfram Diego, áfram!

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons** (20:25)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 Two and a Half Men** (17:24) Fjórða sería gamanþátta um bræðurna Charlie og Alan Harper. Charlie er eldhress piparsveinn en Alan er sjúklegur snyrtipinni sem á í stökustu vandræðum með sjálfstraustið.

▶**19.45 How I Met Your Mother** (5:22) Einhleypingjarnir Ted, Barney og Robin njóta frjálsræðisins á meðan Lily og Marshall gera allt sem þau geta til að standast slíkar freistingar og „fullorðnast“.

**20.10 American Idol** (7:43)

**20.55 American Idol** (8:43)

**21.45 K-Ville** (11:11) Sakamálaþættir um félagana Marlin og Trevor sem eru afar ólíkir en vinna mjög vel saman sem laganna verðir og beita oft óhefðbundnum aðferðum til að framfylgja réttvísinni.

**22.30 It's Always Sunny In Philadelphia** (9:15)

**22.55 Dave Chappelle's Block Party**

**00.40 Hung** (5:10)

**01.10 Five Days** (5:5)

**02.15 Popstar**

**03.50 Two and a Half Men** (17:24)

**04.15 Worst Week** (14:16)

**04.40 It's Always Sunny In Philadelphia** (9:15)

**05.00 The Simpsons** (20:25)

**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**16.00 PGA Tour 2010** Sýnt frá Northen Trust Open mótinu í golfi en mótið er hluti af PGA mótaröðinni í golfi.

▶**19.00 KR - Njarðvík** Útsending frá leik í Iceland Express-deildinni í körfubolta.

**21.00 Spænsku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.

**22.00 Bestu leikirnir: KR - Fram 27.09.97** Reykjarvíkurstórveldin KR og Fram mættust á KR-velli í lokaumferð efstu deildar karla. Ríkharður Daðason var þarna að leika gegn sínum gömlu félögum og hann átti eftir að reynast þeim erfiður ljár í þúfu.

**22.30 Ante Up For Africa** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.

**23.20 KR - Njarðvík** Bein útsending frá leik í Iceland Express-deildinni í körfubolta.

**01.00 Size Does Matter** Hitað upp fyrir Ultimate Fighter 10 en í þessum þætti verður skoðað hvort stærðin skiptir máli í þessari mögnuðu íþrótt. Hvort er betra að vera lágvaxinn eða hávaxinn?

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**16.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**17.45 Premier League Review 2009/10** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.

**18.45 PL Classic Matches** Arsenal - Chelsea, 1996.

**19.15 Chelsea - Arsenal** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**21.00 Premier League Review 2009/10** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.

**22.00 Coca Cola mörkin 2009/2010** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.

**22.30 Tottenham - Aston Villa** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**16.45 Game Tíví** (2:17) (e)

**17.15 7th Heaven** (16:22)

**18.00 Dr. Phil**

**18.45 Survivor** (14:16) (e)

**19.30 Fréttir**

**19.45 King of Queens** (4:25) (e)

**20.10 How To Look Good Naked – Revisited** (2:6) Bresk þáttaröð þar sem lögulegar línur fá að njóta sín. Konur með alvörubrjóst, mjaðmir og læri hætta að hata líkama sinn og læra að elska lögulegu línurnar. Stjörnustílistinn Gok Wan heimsækir núna konur sem hann hefur áður hjálpað og við sjáum hvort aðgerðir hans hafi skilað árangri.

▶**20.55 The Prisoner** (6:6) Þættir um mann sem er fastur í undarlegum bæ í miðri eyðimörk og man ekki hvernig hann komst þangað. Bæjarbúar hafa enga vitneskju um veröldina fyrir utan bæinn en þeir sem leita sannleikans eru í bráðri hættu.

**21.45 CSI: New York** (22:25) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Maður er myrtur á uppboði þar sem afar fágætir skartgripir eru boðnir upp. Rannsóknin tekur óvænta stefnu þegar í ljós kemur að morðið tengist einum mesta harmleik mannkynssögunnar, helförinni.

**22.35 The Jay Leno Show**

**23.20 Dexter** (6:12) (e)

**00.20 Fréttir** (e)

**00.35 King of Queens** (4:25) (e)

**01.00 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Úr öskustónni** Gestur Guðjóns Bergmann er Hjörtur Smárason markaðsfræðingur.

**20.30 Eldhús meistaranna** Magnús Ingi Magnússon matreiðslumeistari er á heimavelli í eldhúsinu á Sjávarbarnum.

**21.00 Frumkvöðlar** Gestir Elínóru Ingu eru Guðbjörg Eggertsdóttir og Tamil Gamez.

**21.30 Í nærveru sálar** Kolbrún Baldursdóttir ræðir um ættleiðingar við Hörð Svavarsson og Sigrúnu Maríu Kristinsdóttur.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# Yfirburðir Fréttablaðsins aldrei meiri!

66,3% Lesa bara Fréttablaðið

6,8% Lesa bara Morgunblaðið

26,9% Lesa bæði Fréttablaðið og Morgunblaðið



Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og nýjasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.

93% Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir 93% lesenda blaðanna




Allt sem þú þarft...

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán. til lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára. Heimild: Blaðakannanir Capacent nóv. 2009 til jan. 2010.

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.10

### American Idol



Níunda þáttaröð þessa vinsæla skemmtiþáttar. Draumar átta söngvara hafa ræst og allir hafa slegið í gegn, selt milljónir platna, bætt met og sungið sig inn í hjörtu heimsbyggðarinnar. Eins og kunnugt er þá er Paula Abdul horfin af braut en í hennar stað kemur Ellen DeGeneres sem mun aðstoða Simon Cowell, Randy Jackson og Köru DioGuardi. Í kvöld fara síðustu áheyrnarprófin fram og þeir síðustu komast áfram til Hollywood.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Stephen Fry í Ameríku

### Sjónvarpið kl. 20.10

Breski leikarinn Stephen Fry ferðast um Bandaríkin og skoðar það sem fyrir augu ber. Í þriðja þættinum heimsækir hann meðal annars heimsmiðstöð innhverfrar íhugunar í Iowa, heilsar upp á blúsarann Buddy Guy í Chicago og mjólkar ær og býr til ost í Wisconsin.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Hringsól
**14.03** Bak við stjörnurnar
**15.03** Útvarpssagan: Vetur í Vindheimum
**15.25** Fólk og fræði
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Kvika
**21.10** Heimur hugmyndanna
**22.10** Lestur Passíusálma
**22.20** Einhver mun minnast oss
**23.15** Lostafulli listræninginn
**23.50** Þjóðsagnalestur
**00.05** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

**17.00 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

**17.45 E.R.** (6:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

**18.30 Seinfeld** (21:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er bæði smámunasamur og sérvitur.

**19.00 The Doctors**

**19.45 E.R.** (6:22)

**20.30 Seinfeld** (21:22)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

▶ **21.50 Cold Case** (6:22) Sjöunda spennuþáttaröðin um Lilly Rush og félaga hennar í sérdeild lögreglunnar þar sem þau halda áfram að upplýsa sakamál sem stungið hefur verið óupplýstum ofan í skjalakassann.

**22.35 The Mentalist** (11:23) Önnur serían af frumlegri spennuþáttaröð um Patrick Jane, sjálfstætt starfandi ráðgjafa rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á að baki glæsilegan feril við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína. En þrátt fyrir það nýtur hann lítillar hylli innan lögreglunnar.

**23.20 Twenty Four** (3:24)

**00.05 John Adams** (3:7)

**01.15 Sjáðu**

**01.40 Fréttir Stöðvar 2**

## BBC entertainment

**10.40** Hotel Babylon **11.35** Only Fools and Horses **12.05** Lab Rats **12.35** After You've Gone **13.05** Gavin And Stacey **13.35** Doctor Who **14.20** Doctor Who **15.05** Sensitive Skin **15.35** The Inspector Lynley Mysteries **16.20** Hotel Babylon **17.15** EastEnders **17.45** The Weakest Link **18.30** Lab Rats **19.00** The Green Green Grass **19.30** Hustle **20.20** The Fixer **21.10** The Green Green Grass **21.40** Only Fools and Horses **22.10** Lab Rats **22.40** After You've Gone **23.10** Gavin And Stacey **23.40** The Fixer

## DR 1

**12.30** Seinfeld **12.50** Rygepauser **13.00** Drengen de sagde hængte sig **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.05** Family Guy **15.30** Svampebob Firkant **15.55** Chiro **16.05** Ni-Hao Kai Lan **16.30** Peter Pedal **16.50** Chiro **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Med livet i hænderne **19.00** Oceaner af liv **20.00** TV Avisen **20.25** Horisont **20.50** SportNyt **21.00** Inspector Morse **22.45** OBS **22.50** Så er der pakket **23.20** Boogie Mix

## NRK 1

**10.25** Kvitt eller dobbelt **11.00** NRK nyheter **11.10** Herskapelige gjensyn **11.40** Viten om **12.10** Berulfsens konspirasjoner **12.40** Med hjartet på rette staden **13.30** Norsk for nybegynnere **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** Derrick **16.00** NRK nyheter **16.10** Herskapelige gjensyn **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Forkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Puls **19.15** Klasse 10 B **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Honningfellen **21.30** Team Antonsen **22.00** Kveldsnytt **22.15** Poirot

## SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** Sportspegeln **11.50** Plus **12.20** På resa i Estland **13.00** Dans på rosor **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Kamrat Sverige **16.25** Teatersupén **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Fråga doktorn **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Himlen kan vänta - ett år senare **20.00** I huvet på Anja Pärson **21.00** Världens undergång **22.00** Melodifestivalen 2010 **23.30** Konsten att vara människa




## HVAÐ SEGIR MAMMA?



*„Þetta er bara frábært hjá þeim. Þeir eru algjörir snillingar og dugnaðarforkar. Sá eldri var búinn að ákveða 12 ára gamall að verða atvinnumaður og sá yngri fylgdi á eftir. Ég hugsaði ekki eins langt og hann.“*

Kristín Eiríksdóttir er mamma snjóbrettakappanna Halldórs og Eika Helgasonar. Þeir eru orðnir atvinnumenn í íþróttinni og náðu frábærum árangri á einu stærsta móti heims á dögunum.

# Hera fagnaði í vöffluboði hjá mömmu

„Þetta verður stórkostlegt,“ segir söngkonan Hera Björk Þórhallsdóttir.

Hera Björk sigraði í undankeppni Eurovision á laugardag með laginu Je ne sais quoi, sem er eftir hana og Örlyg Smára. Hún verður því fulltrúi Íslands í aðalkeppninni í Noregi í lok maí. Hera var í vöffluboði hjá mömmu sinni þegar Fréttablaðið náði í hana, en þar fagnaði hún sigrinum ásamt fjölskyldunni.

„Nú er öðru takmarkinu náð af fjórum. Þá er bara undankeppnin úti eftir og svo sigurinn,“ segir Hera Björk kampakát. „Þetta er allt liður í stóra planinu.“ Hera Björk hefur tvisvar sungið bakraddir í aðalkeppninni og því sannast hið fornkveðna: allt er þegar þrennt er. Í maí beinist athyglin að Heru og hún þakkar fyrir reynsluna sem hún hefur öðlast síðustu ár. „Nú beinist vindvélin að mér,“ segir hún og hlær.

Spurð hvort lagið eigi eftir að ganga í gegnum breytingar á næstu vikum segir Hera að hún og Örlygur komi til með að grúska í útsetningunni. „Við ætlum að gera lagið sigurstranglegra fyrir Evrópu í heild sinni,“ segir hún. „En við breytum ekkert mannskapnum. Ég er ákaflega ánægð með þennan dásamlega hóp. Þetta er allt prýðisfólk.“

Hera Björk segir næstu vikur fara í undirbúning sem felur meðal annars í sér að borða hollt og efla andann. „Plús að vera mamma, ástkona og vinkona og allt það. Það má ekki gleymast,“ segir hún. „Þetta er búið að vera rosalega gaman og verður meiri hattar úti. Ég á ekki von á öðru en að Norðmennirnir geri þetta vel.“ **- afb**



**SIGURVEGARI** Hera Björk syngur fyrir Íslands hönd í Eurovision í Noregi í maí. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**LÁRÉTT**
**2.** gryfja, **6.** í röð, **8.** kraftur, **9.** keyra, **11.** kusk, **12.** grunneiningu lífveru, **14.** fjandans, **16.** hola, **17.** gums, **18.** óðagot, **20.** holskrúfa, **21.** traðkaði.

**LÓÐRÉTT**
**1.** teikning af ferli, **3.** guð, **4.** útvegunar, **5.** skordýr, **7.** hákarlshúð, **10.** eyrir, **13.** mas, **15.** fugl, **16.** margsinnis, **19.** eldsneyti.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** gröf, **6.** rs, **8.** afl, **9.** aka, **11.** ló, **12.** frumu, **14.** árans, **16.** op, **17.** lap, **18.** fum, **20.** ró, **21.** tróð.
**LÓÐRÉTT: 1.** graf, **3.** ra, **4.** öflunar, **5.** fló, **7.** skrápur, **10.** aur, **13.** mal, **15.** spói, **16.** oft, **19.** mó.









VASI GHEORGHE: RÚMENSKI HARMONÍKULEIKARINN SEM VARÐ EFTIR

# HARMONIÍKULEIKARI GEFST EKKI UPP FYRIR KREPPUNNI

Í góðærinu streymdu erlendir harmónikuleikarar til Íslands og léku hressilegar rúmbur og tangóa fyrir framan stórverslanir. Svo kom kreppa og harmónikuleikararnir fóru annað. Allir nema einn, það er að segja. Hann heitir Vasi Gheorghe og heldur enn fullum dampi á nikkunni.

„Ég er bara einn eftir! Það vill enginn annar spila hérna lengur út af verðlaginu,“ segir hann og hlær.

Það má rekast á Vasi annaðhvort fyrir framan Hagkaup á Seltjarnarnesi eða fyrir framan Rúmfatalagerinn á Korputorgi. Eða bara einhvers staðar allt annars staðar. Hann segir hrun krónunnar vitanlega koma sér illa en þó sé enn miklu betra að spila á Íslandi en að starfa í Rúmeníu.

„Rúmenía er algjör hörmung. Stjórnin er handónýt og þetta er bara allt ein stór mafía. Eins lengi og ég fæ ódýra flugmiða þá gengur þetta upp. Ég bý hjá Hjálpræðishernum og á íslenska vini sem hjálpa mér mikið, þá Sigga, Paul og Pétur,“ segir hann.

Vasi lifir ódýrt á Íslandi og reynir að taka sem mest af tekjunum með sér heim til Rúmeníu. Þar á hann konu og tvær dætur. Hann fer eldsnemma af stað með strætó á morgnana og spilar svo fram á kvöld. Aldrei lengur en einn, tvo tíma á sama stað. Hann segir tekjur dagsins þetta á bilinu tvö til fimm þúsund krónur og slíkar upphæðir duga enn lengi í Rúmeníu þrátt fyrir gengishrunið. Í Rúmeníu myndi hann fá um hundrað evrur (18.000 krónur) í mánaðarlaun í byggingarvinnu frá 9-5. Hann hefur komið mörgum sinnum til Íslands frá árinu 2006 og segir Ísland langbesta landið sem hann hefur spilað í.

„Ég var búinn að spila um alla Evrópu, en ég kann best við mig hér. Bestu staðirnir eru Kringlan og Smáralind. Þar koma margir sem þekkja mig og það er alltaf margt fólk þarna. Ég er með nýja harmóníku. Þetta er reyndar notuð harmóníka en hún hljómar vel. Sú gamla laskaðist í fluginu. Ég spila líka á hljómborð og trommur og tek að mér að spila í samkvæmum. Ég er fljótur að pikka upp lög og get spilað hvað sem er. Endilega bara hringja! Síminn er 892-7049.“

Vasi ætlar heim til fjölskyldunnar í vor en stefnir að því að koma aftur og vera hér í sumar. Hann er bjartsýnn fyrir hönd íslensku þjóðarinnar. „Það er kannski aðeins erfitt hjá ykkur núna, en ég er viss um að guð hjálpar þessari þjóð. Ég er alveg viss um að það eru góðir tímar í vændum í sumar!“

**drgunni@frettabladid.is**



**BEST Á ÍSLANDI** Vasi Gheorghe segir enn betra að spila á Íslandi en að starfa í Rúmeníu. Hann fer heim í vor en ætlar að snúa aftur í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Tugir lögreglumanna fylgdust með þegar **Stefán Eiríksson**, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, var skotinn á laugardagskvöld. Atvikið átti sér stað á sviði Borgarleikhússins, en löggurnar voru þar á sýningunni Harrý og Heimir. Stefáni var dröslað blóðugum af sviðinu á meðan áhorfendur öskruðu af kæti. Hann fetaði þar með í fótspor stórleikara á borð við Hilmi Snæ, Ingvar E. og Pétur Jóhann, þeir hafa einnig verið skotnir á sviðinu.



Risavaxið atriði **Haffa Haff** í úrslitaþætti undankeppni Eurovision vakti mikla athygli, en hann þótti feta svipaðar slóðir og söngkonan Lady Gaga. Klæðnaður Haffa virtist vera undir áhrifum frá söngkonunni ásamt dansspori og sviðsmynd. Haffi byrjaði atriðið á því að stíga upp úr líkkistu, en Lady Gaga var einmitt mynduð í einni slíkri fyrir tímaritið Out, sem fjallar um málefni samkynhneigðra.



Hinn danski Rasmus Videbæk fékk verðlaun fyrir kvikmyndatöku á kvikmyndahátíðinni í Gautaborg á laugardag. Videbæk var á bak við myndbandsupptökuvélina í mynd **Dags Kára**, The Good Heart, sem er með Paul Dano og Brian Cox í aðalhlutverkum. Myndin verður frumsýnd á Íslandi í mars. **- afb**



# Stórt viðtal í bresku tímariti

Fimm síðna viðtal við áhugaljósmyndarann Salbjörgu Ritu Jónsdóttur birtist í nýjasta tölublaði breska ljósmyndaritsins Amateur Photographer. Tímaritið er afar virt, enda það elsta sinnar tegundar í heiminum, og því er um mikinn heiður að ræða fyrir Salbjörgu.

„Þetta var byggt á viðtali sem tekið var við mig fyrir jól. Það er fínt að fá svona umfjöllun,“ viðurkennir hún. Mynd frá henni birtist einnig á forsíðu tímaritsins, sem hlýtur einnig að teljast mikil viðurkenning.

Viðtalið snýst um barnaljósmyndir Salbjargar sem hafa verið henni hugleiknar síðan hún eignaðist fyrsta barnið sitt. Hún segir mikinn mun á því að mynda börn og fullorðna. „Börn eru miklu afslappaðri gagnvart myndavélinni. Þau gleyma því að maður er á staðnum og það finnst mér mjög skemmtilegt.“

Salbjörg hefur einnig myndað fyrir vini og vandamenn sem hafa hrifist af ljósmyndum hennar og hefur hún því haft nóg fyrir stafni undanfarin ár.

Hún stundaði listnám í blönduðum myndmiðlum í Þýskalandi og starfar sem grafískur hönnuður meðfram vinnu sinni við myndbanda- og ljósmyndagerð. Spurð hvort umfjöllunin í Amateur Photographer eigi ekki eftir að opna fleiri dyr fyrir henni segir hún það vel mögulegt. „Maður veit aldrei. Það eru ótrúlegustu hlutir sem opna dyr fyrir manni.“ **- fb**



**SALBJÖRG RITA JÓNSDÓTTIR** Fimm síðna viðtal við Salbjörgu birtist í virtu bresku ljósmyndatímariti. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Sjúkraþjálfunin SPORTHÚSINU

Höfum hafið starfsemi í nýrri stofu í húsnæði Sporthússins Dalsmára 9-11

Bjóðum alla velkomna í opnunarteiti í Sporthúsinu
mánudaginn 8. febrúar, frá kl 15:00 - 18:00.
Boðið upp á léttar veitingar

**Þjónusta sem er í boði:**

- Almenn sjúkraþjálfun
- Hópþjálfun fyrir eldri borgara
- Hjarta- og lungnahópar
- Bæklunarhópar

**Aðstaða:**

- Rúmgóð og vel útbúin stofa
- Gott aðgengi fyrir fatlaða
- Aðgangur að fullbúnum tækjasal
- Opnir hóptímar
- Salir fyrir hópþjálfun
- Fjöldi góðra gönguleiða

**Tímapantanir í síma 564-4050**



Hildur Kristín Sveinsdóttir og
Sólveig Þráinsdóttir, sjúkraþjálfarar

# TRX er í SPORTHÚSINU

TRX hefur slegið í gegn og var nýlega kjörið besta æfingakerfið af tímaritinu Mens Health.
TRX var upphaflega notað til að þjálfa bandaríska herinn.
TRX æfingakerfið gefur möguleika á yfir 300 æfingum fyrir efri og neðri hluta líkamans.
TRX æfingar miðast eingöngu við að nota eigin líkamsþyngd.



## FRÍTT FYRIR ÁHUGASAMA Í TRX!

Komdu og prófaðu þetta frábæra æfingakerfi
þér að kostaðarlausu dagana 8. – 11. febrúar í Sporthúsinu

Tímar í boði:

| | |
|---|---|
| 08. feb | kl: 19.30 |
| 09. feb | kl: 17.30 |
| 10. feb | kl: 19.30 |
| 11. feb | kl: 17.30 |

ALLIR VELKOMNIR!

## SKRÁNING ER HAFIN!

6 vikna námskeið hefst 16. febrúar
Kennt: þriðjudaga og fimmtudaga kl:17.30
Verð: 14.900 kr.
Kennari: Óli Ólafs
Hámarks fjöldi 15 manns







**Nánari upplýsingar á www.sporthusid.is**
**Skráning og fyrirspurnir í síma 564-4050 eða gunnhildur@sporthusid.is**

**SPORTHÚSIÐ**

heilsurækt fyrir alla

**DALSMÁRA 9 - 11 • 201 KÓPAVOGI • S. 564 4050**

# FRÉTTABLAÐIÐ

9 771670 387005

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Póst:húsið
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Jogastudio.org
JÓGA Stúdíó


## FÓLK Í FRÉTTUM

### Vinsældir Mónakó

**Hörður Magnússon** og félagar á Stöð 2 Sport glöddust væntanlega mikið þegar þeir tryggðu sér sýningarréttinn á frönsku knattspyrnunni enda Eiður Smári Guðjohnsen þá nýgenginn til liðs við Mónakó. Sú gleði reyndist þó skammvinn enda Eiður Smári nú genginn í raðir Tottenham sem leikur á Englandi. Höddi og félagar láta þó ekki deigan síga og sýndu í gær frá leik Mónakó og St. Etienne. Ekki fer mörgum orðum um hvernig áhorfið hér á landi hefur verið á leiki Mónakó eftir að Eiður Smári yfirgaf liðið en í ljósi þess að íbúar smáríkisins sjá sér varla fært að mæta á leiki má búast við að áhuginn hér sé ekki mikill – hann fari í það minnsta þverrandi.



### Frekur á athyglina

**Eiður Smári** var annars í hópnum þegar Tottenham mætti Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni á laugardag. Þótt Íslendingurinn hafi ekki komið við sögu í leiknum sjálfum voru enskir sjónvarpsmenn duglegir við að fylgjast með honum á bekknum þar sem hann tuggði tyggjó af miklum móð. Eiður Smári hefur verið til umfjöllunar á síðum enskra dagblaða síðustu daga vegna meints framhjáhalds með franskri undirfatafyrirsætu, sem einnig er sögð hafa átt vingott við John Terry, fyrrum fyrirliða enska landsliðsins. Eiður Smári hefur þó neitað því staðfastlega sem og franska fyrirsætan.




## Mest lesið VÍSIR.IS

1. Segja Eið Smára hafa greitt fyrir þagmælsku frönsku fyrirsætunnar
2. Tekur ekki sæti í Garðabæ: „Ég segi nei takk og gangi þeim vel"
3. Hnuplaði jakka og endaði á því að stela bíl
4. Meðallaun starfsmanna Glitnis tæpar fimmtán milljónir
5. John Terry: Reynir að þagga niður í fleiri hjákonum





**Fréttablaðið er með 212% meiri lestur en Morgunblaðið.**

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára. Könnun Capacent í nóvember 2009 – janúar 2010.



SUZUKI Way of Life!

# STAÐFEST. ÍSLENDINGAR ERU SKYNSAMIR!

**Söluhæsti jeppinn á Íslandi árið 2009**
**SUZUKI GRAND VITARA**
**Verð frá kr. 4.520.000**



**Söluhæsti fólksbílinn á Íslandi árið 2009**
**SUZUKI SWIFT**
**Verð frá kr. 2.650.000**



## Til hamingju Suzuki eigendur!

**2009 var staðfest að Suzuki bílar eru ódýrastir í rekstri.**

Þetta var niðurstaða breska bílatryggingafélagsins Warranty Direct sem greint var frá í frétt á mbl.is 24.8.2009. Tekið var tillit til allra helstu þátta í rekstri bíls, þ.e. eldsneytiseyðslu, viðgerðarkostnaðar o.fl.. Meðalbíllinn fékk 112 stig skv. þessari könnun.

**Suzuki er í fyrsta sæti og fékk 31,13 stig!!!**
(Mazda fékk 53,5 stig, Toyota 56,22 stig og Land Rover rak lestina með 213,73 stig.)

SUZUKI – FYRIR SKYNSAMT FÓLK SUZUKI TRAUST UMBOÐ Í 40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

Hugtök Markaðsráðgjöf Jan. 2010